

Ed.

426. Frumvarp til laga

[248. mál]

um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Stefnt skal að því að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

2. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur yfirumsjón með rekstri safnsins. Stjórnarnefndin markar safninu stefnu, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Einnig fjallar nefndin um eyðingu gagna í skjalasöfnum, sem lög þessi taka til.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórnarnefndina til fjögurra ára í senn. Nefndin skal þannig skipuð: Þjóðskjalavörður á sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sagnfræðistofnun H.Í. Einn tilnefnir fastráðið starfsfólk Þjóðskjalasafns og einn í nefndinni skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann úr hópi nefndarmanna. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Halda skal gjörðabók um störf nefndarinnar. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókuð stutt sérálit í gerðabókina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, upprætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.

Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.

4. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

- (1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila, sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. þessara laga,
- (2) líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuvæðingu og ákveða ónýtingu skjala, sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar,
- (3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
- (4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
- (5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
- (6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
- (7) leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknnum á henni,
- (8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
- (9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
- (10) reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök, sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum, og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila. Engin skilyrði mega fylgja slíkri afhendingu sem ekki samrýmist almennum reglum safnsins.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða styttað í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir, ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

9. gr.

Um aðgang að skjölum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og notkun þeirra, skal ákveðið í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavardar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði, sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörðun ekki sinnt, skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila, sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.

14. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

15. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr rikissjóði samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 frá 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 frá 17. mars 1969, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. október árið 1980 fól þáverandi menntamálaráðherra dr. Aðalgeiri Kristjánssyni, skjalaverði í Þjóðskjalasafni, dr. Gunnari Karlssyni prófessor og Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna, sem Þjóðskjalasafn á að veita viðtöku. Jafnframt var þeim falið að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Í september árið 1981 skiluðu þeir álitni ásamt frumvarpi til laga og tillögu að reglugerð um Þjóðskjalasafn.

3. apríl árið 1982 var skipuð önnur nefnd til að fjalla um þróun Þjóðskjalasafns og fyrirkomulag opinberrar skjalavörslu næstu 20 árin hér á landi. Í þeirri nefnd áttu sæti Birgir Thorlacius, þáverandi ráðuneytisstjóri, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri. 19. mars árið 1984 skilaði nefndin tillögum sínum í formi lagafrumvarps ásamt greinargerð.

Í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að málinu, og það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir ásamt greinargerð, byggir á álitni og tillögum áðurgreindra nefnda.

Á undanförunum árum og áratugum hefur aukist mjög framleiðsla skjala og gagna á vegum embættis og opinberra stofnana. Ástæðan er aukin umsvif hins opinbera, sem hefur tekið að sér æ fleiri verkefni og aukna þjónustu á margvíslegum sviðum, svo og framfarir í skrifstofutækni, sem gera alla fjölföldun ódýra og fljótvirka. Ný tækni hefur verið að ryðja sér til rúms við geymslu upplýsinga og nýir gagnamiðlar munu eflaust í vaxandi mæli leysa af hólmi skjöl í því hefðbundna formi, sem mönnum er best kunnugt, þ. e. pappírsploegg, laus eða bundin í bækur.

Ekki liggja fyrir neinar áreiðanlegar tölur um það, hversu mikið fellur til af skjölum hjá embættum og opinberum stofnunum árlega, enda er erfitt að meta það. Nefnd sú, sem menntamálaráðuneytið fól að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna árið 1981, giskaði á, að árleg skjalaframleiðsla hins opinbera gæti verið 1600 hillumetrar á ári. Ljóst er, að hér er um að ræða geysimikið magn skjala, sem koma þarf í viðunandi geymsluhúsnæði.

Skjalasöfn hins opinbera hafa að geyma vitnisburð um umsvif og menningarstig samfélagsins á hverjum tíma. Þess vegna er starfrækt samkvæmt lögum sérstök stofnun, Þjóðskjalasafn Íslands, sem hefur það hlutverk að varðveita og gera aðgengileg skjöl embættis og opinberra aðila. Skjalasöfn gegna aðallega tvenns konar hlutverki í þjóðfélaginu. Að minnsta kosti annað þeirra hefur beinlínis hagnýtt gildi. Það er að halda til haga þeim embættisgögnum, sem um langan aldur varða stjórnslu hlutaðeigandi lands eða geta haft gildi fyrir dómstóla landsins í hvers kyns ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma. Annað gildi skjalasafna felst í því, að skjöl eru hinar ákjósanlegustu sagnfræðilegar heimildir, þó að leyndardómar felist hvergi nærri allir í skjallægum heimildum. En þegar frá liður, eru þær oft einu heimildirnar sem tiltækar eru.

Það er þó ljóst, að ekki er unnt að halda til haga öllum skjölum, sem falla til í stjórnkerfi hins opinbera, enda er upplýsingagildi skjalanna mismikið og mörgu má að

skaðlausu eyða. Í nálægum löndum er víða að því stefnt, að 60% og jafnvel meira sé eytt af skjölum, sem myndast í skjalasöfnum opinberra stofnana og embætta. En eigi er sama, hvernig að grisjun skjalasafna er staðið. Leitast verður við að meta skjölin með hliðsjón af heimildargildi þeirra og velja úr þau, sem bitastæð eru, og varðveita þau til frambúðar.

Jafnframt þarf að huga að skjalavörslu og skjalavistun opinberra stofnana og embætta. Í þeim efnum er víða pottur brotinn og þarf að vinna að því að bæta skipulag og vinnubrögð en skipuleg skjalavistun er forsenda þess að afgreiðsla mála gangi greiðlega fyrir sig og að unnt sé að ónýta skjöl embætta með ábyrgum hætti.

Einnig verður að gefa gaum að húsnæðismálum Þjóðskjalasafns. Á undanförunum áratugum hefur Þjóðskjalasafni ekki borist nema lítill hluti þeirra skjala, sem það á að varðveita og það hefur ekki húsrúm til að taka við því, sem því ber. Brýnt er, að safninu verði tryggt aukið húsnæði, svo að safnið geti gegnt því hlutverki sem því er ætlað.

Núgildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands voru sett árið 1969. Þau eru stutt og í þau vantar ákvæði um ýmis atriði, sem nauðsynlegt þykir, að sett séu í lög. Einnig eru í gildi lög um héraðsskjalasöfn frá árinu 1947.

Í þessu lagafrumvarpi hefur verið valinn sá kostur að steypa saman í ein lög lögum um Þjóðskjalasafn og lögum um héraðsskjalasöfn og að auka þar við nauðsynlegum ákvæðum um skjalavörslu þeirra stofnana, sem eiga að afhenda skjöl sín til varðveislu, um grisjun skjala og fleiri atriði.

Helstu nýmæli frumvarpsins felast í því, að Þjóðskjalasafni er falið að líta eftir skjalavörslu skilaskyldra aðila, láta í té leiðbeiningar um skjalavörslu og ákveða um ónýtingu skjala. Einnig er gert ráð fyrir því, að Þjóðskjalasafn hafi virkt eftirlit með héraðsskjalasöfnum og stefnt er að því, að ekki verði veitt leyfi til þess að setja héraðsskjalasafn á fót nema tryggt sé, að það verði annað og meira en nafnið tómt. Með hliðsjón af auknum verkefnum, sem Þjóðskjalasafni eru falin og þeim vanda, sem það er að ákveða um grisjun skjalasafna, er gert ráð fyrir því, að sett verði á fót stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns, sem verði þjóðskjalaverði til ráðuneytis um stefnumörkun í málefnum safnsins og við ákvarðanir um ónýtingu skjala.

Ætlaður kostnaðarauki er 350—400 þús. kr. og er þá miðað við eitt stöðugildi til viðbótar við safnið og lítils háttar kostnað við eftirlit (ferðakostnaður) og laun stjórnarnefndar.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Að mestu í samræmi við gildandi lög um Þjóðskjalasafn, nema rétt þykir að stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hafi umsagnarrétt um ráðningu starfsmanna safnsins.

Auk þess er viðbót þar sem tekið er fram að stefnt skuli að því að við safnið starfi sagnfræðingur með skjalfræðimenntun (skjalfræðingur) en skjalfræði er hliðargrein innan sagnfræði. Enn þá hafa fáir aflað sér skjalfræðimenntunar.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af þeim nýju og auknu verkefnum, sem Þjóðskjalasafni eru falin samkvæmt þessu frumvarpi, þykir það eðlilegt að ábyrgðinni og vandanum verði að einhverju leyti dreift með því að setja yfir safnið stjórn sem verði þjóðskjalaverði til trausts og halds, t. d. við töku ákvarðana um ónýtingu skjala. Efla þarf tengsl safnsins við

afhendingarskylda aðila. Rétt þykir að skjalaverðir eigi fulltrúa í stjórn safnsins með tilliti til hugmynda um atvinnulýðræði og breiðari ákvarðanatöku.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram hvers vegna Þjóðskjalasafni ber að varðveita skjöl og halda þeim til haga til frambúðar.

Einnig er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins skjal, en það orð er notað í víðtækri merkingu í frumvarpi þessu um hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem falla til hjá stofnunum og einstaklingum vegna starfsemi þeirra og hafa að geyma upplýsingar. Sú þróun, sem orðið hefur á seinustu árum á sviði skrifstofutækni, veldur því að merking orðsins hlýtur að vikka og taka ekki einungis til hefðbundinna ritaðra gagna, heldur einnig til gagna í öðru formi, t. a. m. til segulspóla og snælda. Rétt er að taka það fram að prentað efni og fjölfaldað telst ekki til skjala, nema hvað stofnun, sem gefur slíkt efni út, skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu, auk þess sem ætlast er til að Þjóðskjalasafn veiti viðtöku og varðveiti gögn er einnig nauðsynlegt að Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, varðveiti hin mikilsverðustu gögn sem til verða á þess vegum og ætti að verða aðstaða til þess í hinni nýju útvarpsbyggingu, sem í smíðum er.

Um 4. gr.

Að hluta til er hér um sama verkefni að ræða og greinir í gildandi lögum um safnið, þó eru fáeinar viðbætur.

Eitt helsta nýmælið í þessu lagafrumvarpi felst óefað í 2. lið greinarinnar. Þar er gert ráð fyrir því að Þjóðskjalasafn líti eftir skjalavörslu aðila og láti í té ráðgjöf og upplýsingar um þessi efni. Slíkt eftirlit og ráðgjöf í sambandi við hana þykja sjálfsagður og ómissandi þáttur í starfsemi hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum og víðar. Til þessa hafa tengsl Þjóðskjalasafns við afhendingarskylda aðila verið mjög óveruleg og safnið hefur ekki fylgst með aðferðum við skjalavörslu, meðferð skjala eða afdrifum þeirra eftir að þau hafa verið lögð til hliðar. Æskilegt er að bréfalyklar (málaskrár) og skjalavistunaraðferðir verði samræmd eftir því sem kostur er, t. a. m. í hliðstæðum embættum, og að skjalavistun stofnana verði sem skipulegust. Skipuleg vinnubrögð við skjalavörslu eru til hagræðis fyrir stofnanirnar sjálfar og jafnframt forsenda þess að grisjun geti átt sér stað í stofnununum sjálfum með ábyrgum hætti. Þá er einnig kveðið svo á að Þjóðskjalasafn skuli ákveða um ónýtingu skjala sem þykir ekki ástæða til að varðveita til frambúðar. Rétt virðist að Þjóðskjalasafn hafi ákvörðunarvald um grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala. Ef aukin tengsl komast á milli safnsins og afhendingarskyldra aðila eins og stefnt er að með frumvarpi þessu mun safnið hafa yfirsýn yfir ástand skjalavörslu og getur það þá samræmt aðgerðir varðandi grisjun og varðveislu embættisskjala.

Pegar skjöl eru ónýtt fara óhjákvæmilega forgörðum upplýsingar, sem gætu hugsanlega haft gildi í einhverjum tilvikum. Nauðsynlegt er að í lögum séu skýr ákvæði um það hvar ákvörðunarvald í þessum efnum skuli vera, og verður ekki séð að annar aðili sé fyrir hendi sem sé betur til þess fallinn að segja til um þetta efni en Þjóðskjalasafn. Jafnframt er lagt til að sett verði á laggirnar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns sem hafi með höndum yfirumsjón með starfsemi safnsins. Yrði það þá fyrst og fremst hlutverk þeirrar nefndar að móta og setja fastar reglur um grisjun skjalasafna. Stjórnarnefnd þessi þarf að hafa myndugleika til þess að setja almennar reglur um þessi mál eftir því sem reynslan leiðir í ljós að heppilegt sé. En aðalreglan þarf að vera sú að stofnunum og embættum ríkisins sé óheimilt að farga skjölum sínum, hverju nafni sem nefnast, nema með leyfi Þjóðskjalasafns. Að því ber að stefna að í reynd verði þetta þannig að stofnanir sækji um heimild til Þjóðskjalasafns til þess að ónýta þau gögn sem þær telja sig ekki þurfa á að halda og sem þær telja að hafi ekki varðveislugildi, þannig að ekki þurfi að sækja um heimild í hvert skipti sem skjalasafn er grisjað.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það, hverjir skuli skyldir til þess að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu, en þeir aðilar eru þá jafnframt háðir ákvæðinu um eftirlit með skjalavörslu af hálfu Þjóðskjalasafns. Leitast er við að láta afhendingarskylduna ná til allra aðila sem starfa á vegum ríkisins, jafnt framkvæmdavalds sem dómsvalds og löggjafans. Enn fremur nær afhendingarskyldan til sveitarfélaga sbr. þó 5. gr. og áfram. Þessi viðtæka afhendingarskylda þarf þó ekki að leiða til þess að geymd verði skjöl allra aðila á vegum ríkisins. Ákvæði um ákvörðunarvald Þjóðskjalasafns um grisjun og ónýtingu felur það m. a. í sér að Þjóðskjalasafni ber, eftir því sem aðstæður krefjast, að velja úr stofnanir sem skjöl verða varðveitt frá. Leggja verður í hendur safnsins mat á stöðu stofnana og heimildargildi þeirra skjala sem safnast fyrir hjá þeim, því að ljóst er að ekki verður unnt að geyma öll skjöl allra aðila sem starfa á vegum ríkisins. Auk þess er hér ákvæði um að safninu sé heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila. Er hér t. a. m. átt við einkaskjalasöfn merkra stjórnmalamanna eða listamanna, svo og skjöl atvinnufyrirtækja og félaga. Stefna þarf að því, að ákveðin verkaskipting komist á milli Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og handritadeildar Landsbókasafns um söfnun einkaskjala.

Um 6. gr.

Afhendingarfrestur lengdur um 10 ár frá því sem er í núgildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn. Er þetta m. a. gert í því skyni að létta á Þjóðskjalasafni á næstu árum, meðan það er að innheimta skjöl sem vanrækt hefur verið að skila þangað á undanförunum áratugum. En einnig hefur reynslan leitt það í ljós að í vissum tilvikum getur verið óheppilegt að stofnanir séu skyldaðar til þess að senda frá sér skjöl sín að svo skömmum tíma liðnum. Í öðrum tilvikum hafa þó stofnanir óskað eftir því að afhenda skjöl sín áður en þau eru orðin 20 ára. Rétt virðist því að afhendingarfrestur verði almennt miðaður við 30 ár, jafnframt verði nokkur sveigjanleiki að þessu leyti.

Nauðsynlegt er að í hverri stofnun hafi ákveðinn starfsmaður yfirsýn yfir skjalaframleiðslu og skjalavörslu stofnunarinnar. Rétt þykir því að í lögum sé ákvæði um ábyrgð forstöðumanna í þessu efni, ef það mætti verða til þess að betri skipan komist á skjalavörslu stofnana.

Eins og þegar hefur verið nefnt (í um 4. gr.) er nauðsynlegt að auka tengsl afhendingarskyldra aðila og Þjóðskjalasafns og stefna að því að samræma bréfalykla og skjalavistunaraðferðir embættanna.

Um 7. gr.

Þessari grein er ætlað að girða fyrir það að stofnanir og embætti ónýti skjöl sín sjálf eftirlitslaust. Raunar má segja að af skyldu stofnana til að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu þegar tiltekinn tími er liðinn frá tilurð þeirra leiði það sjálfkrafa að óheimilt er stofnunum að takast á hendur ónýtingu skjala, en tryggara virðist eigi að síður að þetta sé tekið fram berum orðum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Hvað varðar aðgang manna að skjölum í skjalasöfnum opinberra aðila hefur gætt tveggja gagnstæðra sjónarmiða undanfarin ár. Annars vegar hafa komið fram kröfur um að tryggja almenningi aukinn rétt til aðgangs að skjölum, en einnig hefur verið rætt um rétt manna til persónuverndar og leyndar um einkahagi.

Almennt ætti sú regla að gilda að frjáls aðgangur sé að skjalasöfnum, varðveittum í Þjóðskjalasafni. Eigi að síður getur þó í vissum tilvikum þurft að takmarka aðgang að skjölum með tilliti til persónuverndar, t. d. ef um er að ræða tölvugögn með persónuupplýsingum, eða hagsmuna samfélagsins. Í nálægum löndum, t. d. í Danmörku, gilda mun strangari reglur um aðgang manna að ýmsum skjölum heldur en tíðkast hafa hérlendis, en e. t. v. má segja að hér á landi hafi engri fastmótaðri stefnu verið fylgt í þessum efnum.

Um 10. gr.

Víða í nálægum löndum mun það tíðkast að teknar séu örfilmur (míkrófilmur) af skjölum sem varðveitt eru í rikisskjalasöfnum í öryggisskyni. Skjöl þau, sem söfnin varðveita, eru einstæð og óbátanleg ef eitthvað ber út af um varðveislu þeirra. Þar sem húsnæði Þjóðskjalasafns getur tæplega talist uppfylla ströngustu kröfur um öryggi, t. d. ef til styrjaldaðgerða kæmi, er það enn brýnna en ella að hugað sé að því að taka örmyndir af mikilvægustu skjölum sem safnið varðveitir.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þau afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu eða varðveita þau sjálf í héraðsskjalasafni sem sveitarfélögin kosta. Með ákvæði um að skjöl sveitarfélaga skuli annaðhvort afhent Þjóðskjalasafni eða varðveitt í héraðsskjalasafni, sem sérstök lög og reglugerð gilda um, er varðveisla þessara markverðu heimilda tryggð. Rétt þykir að sveitarfélögin haldi þessum rétti sínum. Þó er ákvæðið um héraðsskjalasöfn þrengt nokkuð í þessu frumvarpi frá því sem nú er.

Samkvæmt gildandi lögum hafa sveitarfélög og sýslunefndir rétt til þess að stofna héraðsskjalasafn, ef þeim sýnist svo. Í þessu frumvarpi er heimild til handa stjórn Þjóðskjalasafns til þess að leyfa stofnun héraðsskjalasafns, séu fyrir hendi fullnægjandi aðstæður að mati safnstjórnar. Mörg þeirra héraðsskjalasafna, sem stofnuð hafa verið, eru vanburðug og munu í sumum tilvikum ekki vera annað en nafnið tómt. Því er æskilegt að sveitarfélög sameinist tvö eða fleiri um stofnun héraðsskjalasafns. Samkvæmt 11. gr. þessa frumvarps getur safnstjórn Þjóðskjalasafns stuðlað að slíkri samvinnu þar eð hún getur neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns ef henni sýnist svo. Að öðru leyti eru í frumvarpi þessu litlar breytingar á gildandi ákvæðum um héraðsskjalasöfn.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein verða sömu aðilar afhendingarskyldir til héraðsskjalasafna og nú. Felldar eru brott úr upptalningunni sáttanefndir, sem voru afnumdar með lögum nr. 28 26. maí 1981 um breytingu á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, enn fremur undirskattanefndir og yfirskattanefndir, sem voru lagðar niður með lögum nr. 70 28. apríl 1962 um tekjuskatt og eignarskatt, 55. gr.

Um 14. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

Um 16. og 17. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Álit skjalavörslunefndar, september 1981.

I.

Aðaltillögur.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að skjalavörsluaðferðir okkar Íslendinga standi langt að baki því sem tíðkast í öllum nálægum löndum og stefni raunar í fullkomið öngþveiti ef ekki verður hið fyrsta gert verulegt áttak til að skipuleggja vörslu skjala. Á undanförunum áratugum hefur Þjóðskjalasafni ekki borist nema brot af þeim skjölum sem það á að varðveita, og það hefur ekki húsrúm til að taka við því sem því ber. Engin skipulagning er á grisjun skjala sem nágrannarþjóðir okkar hafa allar tekið upp. Því hefur hlaðist upp afar mikið lítt skipulagt og misjafnlega gagnlegt skjalamagn í opinberum stofnunum, ýmist í skrifstofuhúsnæði stofnananna eða í misgóðum geymsluplássum víðs vegar um Reykjavík og aðrar byggðir. Augljóst er að þessi varðveisluaðferð er óhentug. Víða eru skjölin óaðgengileg þeim sem kunna að vilja nota þau, hvort sem er í hagnýtum tilgangi eða til fræðilegra rannsókna. Víða eru þau í hættu að skemmast eða glatast, enda engin leið að halda uppi tryggum vörnum gegn eldi, vatni, ofþornun og fúa í öllum þeim fjölmörgu geymslum sem nú eru í notkun. Oft vill skipulag og röðun skjala fara úrskaiðis þegar þau eru flutt í geymsluhúsnæði þar sem engin föst skjalavarsla er. Jafnan er hætta á að starfsfólk stofnana taki þann kost að farga skjölum holt og bolt án tillits til mikilvægis, þegar geymslur fyllast og enginn aðili sýnir áhuga á eða er tilbúinn til að taka við skjölum til varðveislu. Loks þykjumst við vita að það kosti ríkið stórfé að eiga eða jafnvel leigja húsnæði fyrir skjalageymslur einstakra stofnana og varðveita þar jafnt fróðleg skjöl sem einskis vert rusl, oft í fjölda eintaka.

Hér þarf sýnilega að gera myndarlegt áttak sem fyrst; úrbótin verður óhjákvæmilega dýrari eftir því sem hún kemur síðar, og dýrast af öllu er að láta reka á reiðanum í þessum efnun áfram. Til þess að ráða bót á þessu vandræðaástandi gerum við eftirfarandi tillögur:

- 1) **Sett verði ný lög um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.** Núgildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands voru sett árið 1969, en þau eru stutt og ófullkomin. Þá eru til lög um héraðsskjalasöfn frá 1947. Nefndin tók þann kost að semja frumvarp að lögum um þessi söfn hvortveggja og auka þar við nauðsynlegum ákvæðum um skjalavörslu þeirra stofnana sem eiga að afhenda gögn sín þangað (II. kafli nefndarálitsins). Helstu nýmæli lagafrumvarpsins stefna að því að veita Þjóðskjalasafni aukið vald og leggja á það aukna skyldu til að líta eftir skjalavörslu opinberra stofnana og ákveða um ónýtingu skjala. Þá er stefnt að nánari tengslum en áður milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna og lögd á Þjóðskjalasafn skylda til að tryggja að héraðsskjalasöfn verði starfandi söfn og ekki aðeins geymslustaðir. Loks er stefnt að því að skapa tengsl milli Þjóðskjalasafns og þeirra aðila sem það á einkum skipti við, m. a. með ákvæðum um stjórnarnefnd safnsins.
- 2) **Sett verði reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.** Aldrei hefur verið sett nein reglugerð um Þjóðskjalasafn samkvæmt lögunum frá 1969, þótt gert sé ráð fyrir henni í lögunum. Núgildandi reglugerð um safnið er frá 1916, sett samkvæmt afnumdum lögum frá 1915, og er hún eðlilega mjög úrelt. Hins vegar er til reglugerð um héraðsskjalasöfn, sett árið 1951 samkvæmt lögunum frá 1947. Nefndin hefur samið tillögu að samfelldri reglugerð samkvæmt lagafrumvarpi sínu (III. kafli).
- 3) **Bætt verði úr húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns.** Venjulega mun hafa verið gert ráð fyrir því að Þjóðskjalasafn fengi núverandi húsnæði Landsbókasafns í Safnahúsinu við Hverfis-

götu, þegar það flytur í væntanlega Þjóðarbókhöfðu. Sé málið athugað kemur í ljós að sú lausn kæmi bæði of seint og yrði alls kostar ófullnægjandi þegar hún kæmi. Okkur virðist nauðsynlegt að safninu verði innan fimm ára útvegað ekki minna en 5000 fermetra húsnæði á einum stað í nágrenni við núverandi húsnæði þess í Safnahúsinu. Slík lausn er þó aðeins til bráðabirgða, og virðist fyllilega tími til kominn að fara strax að huga að nýrri byggingu til að hýsa safnið til frambúðar. Þetta er rökstutt í Áætlun um húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns í nefndarálitinu (V. kafli).

- 4) **Sett verði reglugerð um grisjun skjala.** Brýn nauðsyn er að fara sem allra fyrst að vinna að því að skipuleggja skynsamlega grisjun skjala. Að öðrum kosti verður aldrei komist út úr því öngþveiti sem ríkir í skjalavörslumálum okkar. Því hefur nefndin samið tillögu að reglugerð um grisjun skjala (VI. kafli) og rökstutt hana með sérstakri greinargerð (VII. kafli). Slík heildarreglugerð verður auðvitað mjög rúm og ónákvæm um margt, og verður að treysta á Þjóðskjalasafn að vinna með einstökum stofnunum að nánari vinnureglum um þetta efni.
- 5) **Stefnt verði að því að bæta skjalavörslu opinberra stofnana,** samræma hana eftir því sem kostur er á og tryggja að skjöl séu sem skipulegust þegar þau eru send í skjalavistunarsafn. Um þetta efni hefur nefndin samið sérstaka álitargerð (VIII. kafla) sem hún ætlast til að geti orðið stefnumarkandi fyrir viðkomandi stofnanir. Jafnframt hefur nefndin íhugað hvort tölvunotkun geti komið að gagni við skjalaskráningu og komist að þeirri niðurstöðu að hún leysi ein sér ekki mikinn vanda eins og er. Önnur verkefni við endurbætur á skjalavörslu virðast brýnni eins og nú stendur.

Hér eru að sjálfsögðu ekki gerðar tillögur um allt sem gera þarf til að koma skjalavörslu okkar í viðunandi horf. Þannig liggur í augum uppi að Þjóðskjalasafn mun þarfnast talsvert mikils mannafla til viðbótar ef það vex úr 6000 hillumetra safni í 30.000 hillumetra á næstu árum. Í tillögum nefndarinnar eru aðeins lögð á ráð um eitt nýtt starf við Þjóðskjalasafn, starf skjalavörslustjóra (sjá III. Till. að reglugerð, 13. gr.). En það starf er aðeins nefnt í reglugerð vegna þess að það felur í sér skipulagsbreytingu á starfi safnsins, ekki af því að nefndarmenn telji það næga viðbót við núverandi mannafla. Reynslan verður að skera úr um það hve marga starfsmenn safnið þarf að fá til að geta gegnt hlutverki sínu.

Loks viljum við leggja áherslu á að vöxtur Þjóðskjalasafns er óhjákvæmileg nauðsyn sem ræðst af skjalaframleiðslu í þjóðfélaginu. Varla kemur til greina að þjóðin vilji láta opinberar heimildir um sögu sína glatast stjórnlaust og skipulagslaust. Okkur er ekki kunnugt um nokkra skrifandi þjóð sem gerir það; auk þess má benda á að sérstök siðferðileg skylda hvílir á okkur Íslendingum í þessum efnunum þar sem við höfum orð á okkur fyrir að hafa varðveitt einstæðar ritheimildir um sögu miðalda og höfum nýlega endurheimt hluta þeirra úr höndum Dana. En vilji þjóðin rækja þessa sjálfsögðu skyldu verður hún auðvitað að horfast í augu við að það kosti nokkuð. Nefndarmönnum er ljós þörfin á að takmarka þennan kostnað sem mest, og því leggjum við til að farnar verði þær leiðir sem ódýrastar virðast, af þeim sem geta talist nokkurn veginn skammlausar, að skipuleggja skjalavörslu ríkisins sem mest í einni stofnun, Þjóðskjalasafni, og að grisja skjöl eins fljótt og mikið og nokkur leið er, án þess að eyðileggja söguheimildir í stórum stíl.

II.

Frumvarp til laga

um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Hugtakið skjal merkir í lögum þessum öll gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem hafa að geyma upplýsingar og verða til við starfsemi á vegum opinberrar stofnunar.

2. gr.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalavörslu stofnunar sem þeir veita forstöðu.

3. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamála-
ráðuneytisins.

Safnið hefur aðsetur í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi á fjárlögum.

4. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda
þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf,
til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda og opinberra stofnana, einstaklinga og
annarra lögaðila og enn fremur til notkunar við fræðilegar rannsóknir.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna með því að:

- 1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr.
þessara laga,
- 2) líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar
um skjalavörslu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til
frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um
skráningu, flokkun og frágang skjala,
- 3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast hana í opinberum
stofnunum,
- 4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til
leiðbeiningar um notkun þeirra,
- 5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
- 6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita
opinber skjöl,
- 7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins og efla eftir
megni þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum hennar,
- 8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa
sér í nyt varðveitt skjöl og heimildir safnsins,
- 9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þar með
ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimildir fást ekki, og stuðla að varðveislu þeirra,
- 10) starfrækja viðgerða- og bókbandsstofu.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: ráðuneytin og
þær ríkisstofnanir, embætti, stjórnir, ráð og nefndir er undir þau heyra, svo og aðrar
hliðstæðar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá verulegan hluta
rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félögum sem njóta styrks af opinberu fé. Þá
skulu sveitarfélög og stofnanir þeirra afhenda safninu skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að
héraðsskjalasafni og afhenda skjöl þangað.

6. gr.

Afhenda skal skjöl ekki síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Er þá miðað við
síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan
frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal nema að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Leiki vafi á hvað beri að telja skjal skal þjóðskjalavörður úrskurða um það.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Einnig er heimilt að lána skjöl til notkunar á lestrarsal Landsbókasafns og í skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir sem hafa aðstöðu til að geyma skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir, sem fá lánuð skjöl, bera ábyrgð á varðveislu þeirra meðan þær hafa þau að láni.

9. gr.

Þjóðskjalasafn ákveður um aðgang að skjölum sem eru varðveitt í safninu og notkun þeirra, ef ákvæði um það efni er ekki að finna í öðrum lögum eða reglugerðum. Afhendingarskyldur aðili getur áskilið sér einkarétt til þess að heimila aðgang að skjölum, sem hann hefur afhent Þjóðskjalasafni, í allt að 20 ár frá afhendingu.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á örfilmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Þjóðskjalasafns sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn úr hópi skjalavarda safnsins samkvæmt tilnefningu þeirra. Þá á þjóðskjalavörður sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Falli atkvæði jöfn í stjórn ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun til þeirra.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur með höndum stjórn stofnunarinnar og markar henni stefnu. Hún hefur yfirumsjón með árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar, er þjóðskjalaverði til ráðuneytis og tekur með honum ákvarðanir í vandasömum málum. Stjórnarmenn eiga rétt á því að fá bókað í gerðabók stjórnarinnar stutt sérálit um ágreiningsmál.

13. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Menntamálaráðherra skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Um tölu skjalavarda og annarra starfsmanna fer eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

14. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélags, sýslufélags og

hreppsfélaga innan sýslu, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila, og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur.

15. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður áminna stjórn safnsins. Fáist ekki bætt úr þessu þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnar Þjóðskjalasafns, láta flytja safnið í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að því stóðu.

16. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda og bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra.

Pangað skulu einnig renna skjöl allra stofnana og starfsmanna sem starfa á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins. Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafna gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

17. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasöfnum og notkun þeirra þar gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla samtímis úr gildi lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 17. mars 1969, um Þjóðskjalasafn Íslands.

III.

Tillaga að reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Skjöl teljast vera hvers konar gögn sem geyma upplýsingar sem hafa orðið til við starfsemi opinberrar stofnunar, hvort sem þau eru skrifuð gögn, uppdrættir, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn. Prentað efni og fjölfaldað telst ekki til skjala, nema hvað stofnun, sem gefur slíkt efni út, skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu.

2. gr.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalavörslu stofnunar sem þeir veita forstöðu.

3. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Safnið hefur aðsetur í Reykjavík. Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi á fjárlögum.

4. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda og opinberra stofnana, einstaklinga og annarra lögaðila og enn fremur til notkunar við fræðilegar rannsóknir.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna með því að:

- 1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. laga um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn. Innheimta skal einkum skjöl sem stjórn safnsins telur hafa gildi fyrir fræðilegar rannsóknir eða sem ekki þykir fært að ónýta vegna réttar- eða hagsmunagæslu eða af öðrum ástæðum;
- 2) líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala. Stefnt skal að því að afhendingarskyldir aðilar noti samræmt skjalavistunar- og skráningarkerfi eftir því sem við verður komið og ónýti þau skjöl sem safnið telur ekki hafa nægilegt gildi til að verða varðveitt. Safnið skal leiðbeina stofnunum um gerð skráningarkerfa og samþykka ný skráningarkerfi áður en þau eru tekin í notkun;
- 3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast hana í opinberum stofnunum, halda námskeið, vinna að útgáfu leiðbeiningarrita, stuðla að því að skjalavarsla verði kennd í skólum og gera hvað annað sem fært þykir til þess að jafnan verði nóg af fólki sem kann til verka við skjalavörslu;
- 4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra. Skrár skal haldið við eftir því sem kostur er á, um leið og nýtt efni bætist í safnið;
- 5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni. Á lestrarsal Þjóðskjalasafns skal leitast við að hafa helstu rit sem varða íslenska sögu, svo að safngestir geti flett upp í þeim við vinnu sína;
- 6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl;
- 7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa gestum á heimildir eftir því sem kostur er, og efla eftir megni þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum hennar;
- 8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og heimildir safnsins. Lestrarsalur skal opin almenningi eigi skemur en sjö tíma á dag fimm daga vikunnar;
- 9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þar með ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimildir fást ekki, og stuðla að varðveislu þeirra;
- 10) starfrækja bókbands-, viðgerða- og ljósmyndunarstofu;
- 11) ljósrita fyrir safngesti úr skjölum safnsins. Tekin skal hæfileg þóknun fyrir. Ekki er þó skylt að ljósrita úr bókum eða öðrum skjölum ef hætta er á að þau skemmist við það.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalaafni skjöl sín til varðveislu: ráðuneytin og þær ríkisstofnanir, embætti, stjórnir, ráð og nefndir, er undir þau heyra, svo og aðrar hliðstæðar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá verulegan hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta styrks af opinberu fé. Þá skulu sveitarfélög og stofnanir þeirra afhenda safninu skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl þangað.

6. gr.

- 1) Afhenda skal skjöl ekki síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.
- 2) Stofnun er heimilt að varðveita um ótakmarkaðan tíma skjöl sem hún hefur aflað sér vegna eigin fræðilegra rannsókna eða hafa orðið til við slíkar rannsóknir innan stofnunar. Slík skjöl er skylt að varðveita tryggilega og fara um það eftir fyrirmælum Þjóðskjalasafns.
- 3) Sé afhendingarskyld stofnun lögð niður skal þegar í stað afhenda Þjóðskjalasafni skjalasafn hennar. Ef önnur stofnun tekur við starfseninni er henni þó heimilt að taka við safninu og varðveita það uns skylt er að afhenda það samkvæmt lögum.
- 4) Þegar skjöl eru afhent Þjóðskjalasafni skal fylgja þeim nákvæm skrá í tvíriti um innihald sendingarinnar. Annað eintakið skal geymt í safninu, en á hitt ritar þjóðskjalavörður eða starfsmaður hans viðurkenningu um móttöku og skilar því til baka til þess aðila sem afhendir skjölin.
- 5) Afhendingarskyldir aðilar sjá um flutning skjala til Þjóðskjalasafns og bera kostnað af honum. Þeir bera ábyrgð á varðveislu skjalanna uns þjóðskjalavörður, skjalavörslustjóri eða starfsmaður safnsins í umboði þeirra hefur kvittað fyrir móttöku skjalanna.
- 6) Ef afhendingarskyldur aðili vanrækir stórlega að ganga frá skjölum sínum í samræmi við reglur og fyrirmæli Þjóðskjalasafns getur þjóðskjalavörður látið fara yfir skjölin, flokka þau, ónýta úr þeim og búa um þau á ný eftir að þau eru komin í Þjóðskjalasafn. Skal þá viðkomandi stofnun bera kostnað af því verki. Þetta á þó aðeins við um skjöl sem orðið hafa til ekki minna en 5 árum eftir að þessi reglugerð kemur út.

7. gr.

- 1) Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal nema að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Leiki vafi á hvað ber að telja skjal skal þjóðskjalavörður úrskurða um það.
- 2) Við eyðingu skjala skal hafa tvö sjónarmið í huga: a) Stefnt skal að því að eyða skjölum ef þau geyma einungis upplýsingar sem eru varðveittar í öðrum skjölum, í sömu stofnun eða annarri. Þjóðskjalasafn sker úr um hvaða skjöl af þeim sem geyma sömu upplýsingar skuli varðveita. b) Af skjölum sem geyma svo einstaklingsbundnar og lítilvægar upplýsingar að ekki virðist líklegt að þær verði notaðar við fræðilegar rannsóknir skal einungis varðveita sýnishorn, valin eftir reglum sem Þjóðskjalasafn setur í samráði við viðkomandi stofnanir.
- 3) Heimilt er þjóðskjalaverði, í samráði við stjórn Þjóðskjalasafns, að láta ónýta skjöl sem afhent hafa verið Þjóðskjalasafni, samkvæmt þeim reglum sem settar eru afhendingarskyldum aðilum um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Einnig er heimilt að lána skjöl til

notkunar á lestrarsal Landsbókasafns og í skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir sem hafa aðstöðu til þess að geyma skjöl tryggilega að mati Þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir, sem fá lánuð út skjöl, bera ábyrgð á varðveislu þeirra meðan þær hafa þau að láni.

9. gr.

- 1) Þjóðskjalasafn ákveður um aðgang að skjölum sem eru varðveitt í safninu og notkun þeirra, ef ákvæði um það efni er ekki að finna í öðrum lögum eða reglugerðum. Afhendingarskyldur aðili getur áskilið sér einkarétt til þess að heimila aðgang að skjölum, sem hann hefur afhent Þjóðskjalasafni, í allt að 20 ár frá afhendingu.
- 2) Þeir sem nota skjöl Þjóðskjalasafns skulu gæta þess að fara vel með þau. Bannað er að skrifa nokkuð eða strika á skjölin eða gera nokkuð sem veldur því að þau slitni, óhreinast eða velkist meira en minnst verður komist af með. Einnig er bannað að rugla röð lausra blaða og mappa innbyrðis. Sinni einhver ekki þessum fyrirmælum þrátt fyrir ítrekaðar áminningar má synja honum um að nota skjöl safnsins. Ef einhver vinnur verulegt tjón á skjölum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal hann sæta ábyrgð fyrir.
- 3) Þeir sem óska eftir að nota skjöl Þjóðskjalasafns skulu gera grein fyrir því í hvaða skyni þeir hyggjast nota skjölin og gefa aðrar upplýsingar sem safnið kann að krefjast. Skylt er notendum að hlíta fyrirmælum safnsins um notkun og meðferð upplýsinga sem varða einkahagi manna og önnur vandmeðfarin mál.
- 4) Notendur skulu senda Þjóðskjalasafni eintak ritgerða og bóka sem eru unnar upp úr skjölum þess að verulegu leyti.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á örfilmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Þjóðskjalasafns sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn úr hópi skjalavarda safnsins samkvæmt tilnefningu þeirra. Þá á Þjóðskjalavörður sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Falli atkvæði jöfn í stjórn ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun til þeirra.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur með höndum stjórn stofnunarinnar og markar henni stefnu. Hún hefur yfirumsjón með árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar, er Þjóðskjalaverði til ráðuneytis og tekur með honum ákvarðanir í vandasömum málum. Stjórnarmenn eiga rétt á því að fá bókað í gerðabók stjórnarinnar stutt sérálit um ágreiningsmál.

13. gr.

Forseti Íslands skipar Þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Við Þjóðskjalasafn skal vera skjalavörslustjóri sem lítur eftir skjalavörslu stofnana og heimtir inn skjöl frá þeim til safnsins. Annast hann þau störf undir umsjá og á ábyrgð Þjóðskjalavardar. Menntamálaráðherra skipar skjalavörslustjóra og skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður Þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Um tölu skjalavarda og annarra starfsmanna fer eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

14. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélags, sýslufélags og hreppsfélaga innan sýslu, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila, og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur.

15. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirdu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður áminna stjórn safnsins. Fáist ekki bætt úr þessu þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnar Þjóðskjalasafns, láta flytja safnið í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að því stóðu.

16. gr.

- 1) Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda og bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra. Þangað skulu einnig renna skjöl allra stofnana og starfsmanna sem starfa á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins. Heimilt er skattstjórum að láta skjöl skattstofu renna til héraðsskjalasafns sem starfar innan skattumdæmisins, ef samkomulag verður um það. Ekki er heimilt að láta skjöl skattstofu renna til fleiri héraðsskjalasafna en eins.
- 2) Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafna gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.
- 3) Héraðsskjalasöfn hafa, ásamt Þjóðskjalasafni, eftirlit með skjalavörslu stofnana sem eru afhendingarskyldar til þeirra. Þjóðskjalasafn skal leiðbeina um skjalaskráningu og ónýtingu skjala og samþykkja flokkunar- og skjalavistunarkerfi, en viðkomandi héraðsskjalasafn skal líta eftir að fyrirmælum sé hlýtt og innheimta þau skjöl sem því ber.
- 4) Héraðsskjalasöfn skulu hlíta fyrirmælum þjóðskjalavarðar um skráningu og flokkun skjalasafna sem þau varðveita. Forstöðumenn héraðsskjalasafna skulu senda Þjóðskjalasafni árlega skýrslu um starfsemi safnsins og gera þar m. a. grein fyrir aukningu skjalaforða. Senda skal Þjóðskjalasafni eintak af skrám sem gefnar verða út, prentaðar eða fjölfaldaðar með öðrum hætti, um skjöl héraðsskjalasafna.

17. gr.

- 1) Skytt er héraðsskjalasöfnum að lána Þjóðskjalasafni skjöl eftir þörfum. Að öðru leyti fer um lán úr héraðsskjalasöfnum eins og mælt er fyrir í lögum um lán úr Þjóðskjalasafni.
- 2) Héraðsskjalasöfn skulu vera opin almenningi til afnota ekki skemur en átta klukkustundir á viku. Þar skal vera aðstaða til að lesa skjöl og ljósrita úr þeim.
- 3) Um notkun skjala í héraðsskjalasöfnum gilda að öðru leyti sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. um skjalavörslu opinberra aðila, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn. Með henni falla úr gildi reglugerð nr. 5 13. janúar 1916 um

Þjóðskjalasafnið í Reykjavík og reglugerð nr. 61 5. maí 1951 um héraðsskjalasöfn. Reglugerðin öðlast þegar gildi eftir því sem við verður komið, og innan fimm ára skal skjalavarsla að fullu vera komin í það horf sem reglugerðin mælir fyrir um.

IV.

Greinargerð með frumvarpi til laga og tillögu að reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Hér er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins skjal, en það orð er notað í víðtækri merkingu í frumvarpi þessu um hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem falla til hjá stofnunum vegna starfsemi þeirra og hafa að geyma upplýsingar. Sú þróun sem orðið hefur á seinustu árum á sviði skrifstofutækni veldur því að merking orðsins hlýtur að vikka og taka ekki einungis til hefðbundinna ritaðra gagna, heldur einnig til gagna í öðru formi t. a. m. til segulspóla og snælda. Í reglugerð er nánari skilgreining þessa hugtaks.

2. gr.

Nauðsynlegt er að í hverri stofnun hafi ákveðinn starfsmaður yfirsýn yfir skjalaframleiðslu og skjalavörslu stofnunarinnar. Rétt þykir því að í lögum sé ákvæði um ábyrgð forstöðumanna í þessu efni, ef það mætti verða til þess að betri skipan komist á skjalavörslu stofnana.

3. gr.

Er nær óbreytt 1. gr. núgildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

4. gr.

Í þessari grein er leitast við að láta það koma fram hvers vegna verið er að varðveita skjöl og halda þeim til haga til frambúðar. Í upptalningarliðunum felst nánari skilgreining þess hvernig náð skuli þeim markmiðum sem fram koma í fyrstu málsgrein greinarinnar. Eitt helsta nýmælið í þessu lagafrumvarpi felst óefað í 2. lið greinarinnar. Þar er gert ráð fyrir að Þjóðskjalasafn líti eftir skjalavörslu aðila og láti í té ráðgjöf og upplýsingar um þessi efni. Slíkt eftirlit og ráðgjöf í sambandi við hana þykja sjálfsagður og ómissandi þáttur í starfsemi hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum og víðar. Til þessa hafa tengsl Þjóðskjalasafns við afhendingarskylda aðila verið mjög óveruleg og safnið hefur ekki fylgst með aðferðum við skjalavörslu, meðferð skjala eða afdrifum þeirra eftir að þau hafa verið lögð til hliðar. Æskilegt er að bréfalyklar (málaskrár) og skjalavistunaraðferðir verði samræmd eftir því sem kostur er, t. a. m. í hliðstæðum embættum og að skjalavistun stofnana verði sem skipulegust. Skipuleg vinnubrögð við skjalavörslu eru til hagræðis fyrir stofnanirnar sjálfar og jafnframt forsenda þess að grisjun geti átt sér stað í stofnunum sjálfum með ábyrgum hætti. Þá er einnig kveðið svo á að Þjóðskjalasafn skuli ákveða um ónýtingu skjala sem þykir ekki ástæða til að varðveita til frambúðar. Rétt virðist að Þjóðskjalasafn hafi ákvörðunarvald um grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala. Ef aukin tengsl komast á milli safnsins og afhendingarskyldra aðila eins og stefnt er að með frumvarpi þessu mun safnið hafa yfirsýn yfir ástand skjalavörslu og getur það þá samræmt aðgerðir varðandi grisjun og varðveislu embættisskjala. Þegar skjöl eru ónýtt fara óhjákvæmilega forgörðum upplýsingar, sem gætu hugsanlega haft gildi í einhverjum tilvikum. Nauðsynlegt er að í lögum séu skýr ákvæði um það hvar ákvörðunarvald í þessum efnem skuli vera, og verður ekki séð að annar aðili sé fyrir hendi sem sé betur til þess fallinn að segja til um þetta efni en Þjóðskjalasafn. Jafnframt er lagt til að sett verði á laggirnar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns sem hafi með höndum yfirumsjón með starfsemi safnsins (11.—12. gr.). Yrði það þá fyrst og fremst hlutverk

þeirrar nefndar að móta og setja fastar reglur um grisjun skjalasafna. Stjórnarnefnd þessi þarf að hafa myndugleika til þess að setja almennar reglur um þessi mál eftir því sem reynslan leiðir í ljós að heppilegt sé. En aðalreglan þarf að vera sú að stofnunum og embættum ríkisins sé óheimilt að farga skjölum sínum, hverju nafni sem nefnast, nema með leyfi Þjóðskjalasafns. Að því ber að stefna að í reynd verði þetta þannig að stofnanir sæki um heimild til Þjóðskjalasafns til þess að ónýta þau gögn sem þær telja sig ekki þurfa á að halda og sem þær telja að hafi ekki varðveislugildi, þannig að ekki þurfi að sækja um heimild í hvert skipti sem skjalasafn er grisjað.

5. gr.

Hér er kveðið á um það, hverjir skuli skyldir til þess að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu, en þeir aðilar eru þá jafnframt háðir ákvæðinu um eftirlit með skjalavörslu af hálfu Þjóðskjalasafns. Leitast er við að láta afhendingarskylduna ná til allra aðila sem starfa á vegum ríkisins, jafnt framkvæmdavalds sem dómsvalds og löggjafans. Enn fremur nær afhendingarskyldan til sveitarfélaga sbr. þó 14. grein og áfram. Þessi víðtæka afhendingarskylda þarf þó ekki að leiða til þess að geymd verði skjöl allra aðila á vegum ríkisins. Ákvæðið um ákvörðunarvald Þjóðskjalasafns um grisjun og ónýtingu felur það m. a. í sér að Þjóðskjalasafni ber, eftir því sem aðstæður krefjast, að velja úr stofnanir sem skjöl verða varðveitt frá. Leggja verður í hendur safnsins mat á stöðu stofnana og heimildargildi þeirra skjala sem safnast fyrir hjá þeim, því að ljóst virðist að ekki verður unnt að geyma öll skjöl allra aðila sem starfa á vegum ríkisins. Rétt er að benda á það að samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps verða t. a. m. hljóðupptökusafn og kvikmyndasafn Ríkisútvarpsins háð kvöð um afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns, en varðveisla slíkra gagna krefst sérstaks búnaðar og aðstöðu og mætti hugsa sér að þessi gögn verði undanþegin afhendingarskyldu.

6. gr.

Hér er afhendingarfrestur lengdur um 10 ár frá því sem er í núgildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn. Er þetta m. a. gert í því skyni að létta á Þjóðskjalasafni á næstu árum, meðan það er að innheimta skjöl sem vanrækt hefur verið að skila þangað á undanförunum áratugum. En einnig hefur reynslan leitt það í ljós að í vissum tilvikum getur verið óheppilegt að stofnanir séu skyldaðar til þess að senda frá sér skjöl sín að svo skömmum tíma liðnum. Í öðrum tilvikum hafa þó stofnanir óskað eftir því að afhenda skjöl sín áður en þau eru orðin 20 ára. Rétt virðist því að afhendingarfrestur verði almennt miðaður við 30 ár, jafnframt verði nokkur sveigjanleiki að þessu leyti.

Í öðrum lið 6. greinar reglugerðar er gert ráð fyrir því að stofnunum, sem stunda fræðilegar rannsóknir, sé heimilt að varðveita um ótiltekinn tíma skjöl sem safnast fyrir hjá þeim vegna þeirra. Hér getur t. d. verið um að ræða stofnun eins og Væðurstofuna.

7. gr.

Þessari grein er ætlað að girða fyrir það að stofnanir og embætti ónýti skjöl sín sjálf eftirlitslaust. Raunar má segja að af skyldu stofnana til að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu þegar tiltekinn tími er liðinn frá tilurð þeirra leiði það sjálfkrafa að óheimilt er stofnunum að takast á hendur ónýtingu skjala, en tryggara virðist eigi að síður að þetta sé tekið fram berum orðum.

8. gr.

Parfnast varla skýringar eða rökstuðnings.

9. gr.

Hvað varðar aðgang manna að skjölum í skjalasöfnum opinberra aðila hefur gætt tveggja gagnstæðra sjónarmiða undanfarin ár. Annars vegar hafa komið fram kröfur um að tryggja almenningi aukinn rétt til aðgangs að skjölum, en einnig hefur verið rætt um rétt manna til persónuverndar og leyndar um einkahagi.

Almennt ætti sú regla að gilda að frjáls aðgangur sé að skjalasöfnum, varðveittum í Þjóðskjalasafni. Eigi að síður getur þó í vissum tilvikum þurft að takmarka aðgang að skjölum með tilliti til persónuverndar eða hagsmuna samfélagsins. Samkvæmt niðurlagi greinarinnar ættu stofnanir að geta takmarkað eða bannað aðgang að skjölum sínum í allt að 50 ár frá tilurð þeirra, miðað við seinustu dagsetningu bréfs í afgreiddu máli. Svo löng tálmun á aðgangi ætti þó einungis að eiga sér stað í undantekningartilvikum. Í nálægum löndum, t. d. í Danmörku, gilda mun strangari reglur um aðgang manna að ýmsum skjölum heldur en tíðkast hafa hérlendis, en e. t. v. má segja að hér á landi hafi engri fastmótaðri stefnu verið fylgt í þessum efnum.

10. gr.

Víða í nálægum löndum mun það tíðkast að teknar séu örfilmur (míkrófilmur) af skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasöfnum í öryggisskyni. Skjöl þau, sem söfnin varðveita, eru einstæð og óbætanleg ef eitthvað ber út af um varðveislu þeirra. Þar sem húsnæði Þjóðskjalasafns getur tæplega talist uppfylla ströngustu kröfur um öryggi, t. d. ef til styrjaldaðgerða kæmi, er það enn brýnna en ella að hugað sé að því að taka örmyndir af mikilvægustu skjölum sem safnið varðveitir.

11.—12. gr.

Með hliðsjón af þeim nýju og auknu verkefnum sem Þjóðskjalasafni eru falin samkvæmt þessu frumvarpi þykir það edlilegt að ábyrgðinni og vandanum verði að einhverju leyti dreift með því að setja yfir safnið stjórn sem verði þjóðskjalaverði til trausts og halds, t. d. við töku ákvarðana um ónýtingu skjala. Efla þarf tengslin við afhendingarskylda aðila og við fulltrúa fræðilegra starfsmanna. Rétt þykir að skjalaverðir eigi fulltrúa í stjórn safnsins með tilliti til hugmynda um atvinnulýðræði og breiðari ákvarðanatöku.

13. gr.

Sjálfsgagt þótti að stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefði umsagnarrétt um ráðningu starfsmanna safnsins. Þá er í þessari grein reglugerðarinnar gert ráð fyrir að sérstakur starfsmaður safnsins hafi það hlutverk að líta eftir skjalavörslu stofnana og innheimta skjöl. Er það bæði í samræmi við hið nýja eftirlitshlutverk sem safninu er hér fengið og þá reynslu sem fengist hefur að safnið gæti þess tæpast nógu vel að kalla eftir skjölum þegar enginn sérstakur starfsmaður hefur það að aðalstarfi.

14. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þau afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu eða varðveita þau sjálf í héraðsskjalasafni sem sveitarfélögin kosta. Með ákvæði um að skjöl sveitarfélaga skuli annaðhvort afhent Þjóðskjalasafni eða varðveitt í héraðsskjalasafni, sem sérstök lög og reglugerð gilda um, er varðveisla þessara markverðu heimilda tryggð. Rétt þykir að sveitarfélögin haldi þessum rétti sínum. Þó er ákvæðið um héraðsskjalasöfn þrengt nokkuð í þessu frumvarpi frá því sem nú er.

Samkvæmt gildandi lögum hafa sveitarfélög og sýslunefndir rétt til þess að stofna héraðsskjalasafn, ef þeim sýnist svo. Í þessu frumvarpi er heimild til handa stjórn Þjóðskjalasafns til þess að leyfa stofnun héraðsskjalasafns, séu fyrir hendi fullnægjandi

aðstæður að mati safnstjórnar. Mörg þeirra héraðsskjalasafna, sem stofnuð hafa verið, eru vanburðug og í sumum tilvikum ekki annað en nafnið tóm. Því er æskilegt að sveitarfélög sameinist tvö eða fleiri um stofnun héraðsskjalasafns. Samkvæmt 14. gr. þessa frumvarps getur safnstjórn Þjóðskjalasafns stuðlað að slíkri samvinnu þar eð hún getur neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns ef henni sýnist svo. Að öðru leyti eru í frumvarpi þessu litlar breytingar á gildandi ákvæðum um héraðsskjalasöfn.

15. gr.

Er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

16. gr.

Samkvæmt þessari grein verða sömu aðilar afhendingarskyldir til héraðsskjalasafna og nú. Felldar eru burt úr upptalningunni sáttanefndir, sem voru afnumdar með lögum nr. 28 26. maí 1981 um breytingu á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, enn fremur undirskattanefndir og yfirskattanefndir, sem voru lagðar niður með lögum nr. 70 28. apríl 1962 um tekjuskatt og eignarskatt, 55. gr.

17. gr.

Parfnast ekki skýringar.

18. gr.

Er samhljóða 4. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

19. gr.

Í reglugerð er hér lagt til að stofnanir fái 5 ára frest til að koma skjalavörslu sinni í það horf sem reglugerðin mælir fyrir um. Óhjákvæmilegt er að stofnanir fái nokkurn tíma til að koma á samræmdu skjalavistunarkerfi og skipulegri grisjun og virðist okkur rétt að tiltaka þann frest svo að síður dragist úr hömlu að farið verði að ákvæðum reglugerðarinnar.

V.

Áætlun um húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns.

1. Sögulegt yfirlit.

Segja má að Þjóðskjalasafn Íslands hafi verið stofnað með auglýsingu í upphafi árs 1882, en fram undir aldamót var tæpast um neina þá starfsemi að ræða sem verður að vera á slíkri stofnun. Nokkur helstu embætti þjóðarinnar geymdu skjöl sín á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík og þangað lögðu embættismenn leið sína þegar til þeirra þurfti að taka. Engin skráning eða röðun átti sér þar stað og á því varð ekki breyting þó að söfnin væru flutt í Alþingishúsið.

Árið 1899 er í rauninni upphafsárið. Þá var dr. Jón Þorkelsson yngri gerður að landsskjalaverði, eins og embætti þjóðskjalavarðar hét þá. Hann hófst þegar handa um innheimtu opinberra skjala og annarra gagna sem safninu bar að safna og varðveita samkvæmt lögum þess og reglugerð. Þessu starfi hélt hann áfram meðan ævin entist og jafnframt gaf hann út skrár yfir þau skjalasöfn. Fyrsta heftið kom út 1903 og var um skjöl stiftamtmanns og amtmanna fram til 1873, næsta bindi kom út 1905—1906. Í því voru skrár yfir skjalasöfn klerkdóms, biskupa, prófasta og kirkna. Þriðja bindið kom út 1910. Í því voru skjalasöfn Alþingis við Öxará, Landsyfirdóms, sýslna, bæja, hreppa, sáttanefnda og umboða, sem safnið hafði fengið frá embættunum. Árið 1917 kom svo út skrá yfir þær embættisbækur sem safnið hafði fengið frá því fyrri skrár voru prentaðar.

Jón Þorkelsson var þjóðskjalavörður í aldarfjórðung. Hann mótaði stofnunina og um daga hans var öll innheimta í föstum skorðum og samkvæmt lögum og reglugerð safnsins.

Þjóðskjalasafnið hafði nóg húsrými, þegar það gat flutt inn í Safnahúsið við Hverfisgötu sem var fullbyggt á fyrsta áratug þessarar aldar, en fyrr en varði urðu skjalageymslurnar fullar, enda þótt skipuleg innheimta skjala væri ekki hin sama og meðan Jóns naut við, því að mörg embætti léttu á sér með því að koma eldri og ómerkari gögnum í geymslu á Þjóðskjalasafni án þess að eftir væri gengið. Hér skal þó nefnd sú undantekning að sumarið 1928 voru afhent skjöl og bækur úr söfnum í Danmörku og hafði Hannes Þorsteinsson — þáverandi þjóðskjalavörður — unnið að því að þetta náði fram að ganga. Hér var um að ræða gögn um Ísland úr stjórnarstofnunum einveldisins svo sem rentukammeri og kansellí og spanna þau tímabilið frá 1548—1848, einnig komu skjöl frá Hæstarétti Danmerkur. Það voru íslensk dómsmál frá 1800 og til þess að Hæstiréttur var stofnaður á Íslandi við sambands slitin 1918.

Geymslurými Þjóðskjalasafns er fyrir löngu orðið allt of lítið. Þess gætti þegar fyrir miðja þessa öld, en þá lét Barði Guðmundsson — þáverandi þjóðskjalavörður — taka verulegt magn af verslunarbókum sem safnið hafði fengið og flytja suður á kirkjuloft á Bessastöðum, þar sem það er enn í dag að miklu leyti. Í Safnahúsinu bættist við aukið geymslurými sem Þjóðskjalasafnið naut góðs af þegar Þjóðminjasafnið fluttist í húsakynni sín við Hringbraut, hins vegar hirti Landsbókasafnið húsakynni Náttúrugripasafnsins þegar það fór. Einnig var freistað að nýta betur geymslurnar í Safnahúsinu með því að setja stálskápa á rennibrautum í geymslurnar á tveim neðstu hæðum Safnahússins Þjóðskjalasafnsmegin, en það dugði ekki deginum lengur.

Þá var gripið til þess fangaráðs að taka á leigu húsnæði fyrir safnið. Magnús Torfi Ólafsson — þáverandi menntamálaráðherra — sýndi að hann hafði fullan skilning á þessu og fékk safnið hluta af hæð á Laugavegi 178, þar sem geyma mátti um 1000 hillumetra af skjölum og er sú geymsla nú nær full. Nýverið hefur Þjóðskjalasafnið fengið leigt geymslurými við Tryggvagötu ásamt fleiri ríkisstofnunum, en innréttingu vantar og geymslan því ekki nýtt svo að heitið geti.

2. Skjalafordi Þjóðskjalasafns.

Rétt er að gera grein fyrir hvaða embætti og stofnanir eiga skjöl sín geymd í Þjóðskjalasafninu og er þá fyrst að telja hin lokuðu söfn sem svo eru kölluð, en það eru skjöl embætta sem ekki eru lengur við lýði, svo sem Alþingi hið forna, Landsyfírrétturinn, embætti stiftamtmanns og amtmanna, landshöfðingja, landfógeta, stiftsyfirvalda, biskupsstólanna á Hólum og í Skálholti að ógleymdum stjórnarstofnunum í Danmörku t. a. m. íslensku stjórnardeildinni 1849—1904, sem fjölluðu um málefni Íslands og áður er getið. Þessi söfn eru kölluð lokuð af því að við þau bætist ekki frekara skjalamagn, nema þá í ljósritum og á filmum sem gerðar kunna að vera til að hlífa frumgögnunum.

Þá er að nefna þau skjalasöfn sem eru opin eða með öðrum orðum að við þau bætist eftir því sem tímar líða af því að embættið, sem framleiðir skjölin, er við lýði og starfandi og skulu nú talin hin helstu og tilgreint, hvað safnið hefir fengið frá þeim til varðveislu frá upphafi og til þess árs eða árabils sem skjölin eða bækurnar þrjóta.

1. **Alþingi**, skjöl frá því eru frá upphafi og fram um aldamótin síðustu, en mikið af skjölum frá eldri tíma er þó enn í fórum Alþingis.
2. **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**, skjöl frá því eru frá upphafi 1. skrifstofu og fram yfir 1940, einnig skjöl afhent af séra Gísla Brynjólfssyni, sem hafa lent saman við gögn úr landbúnaðarráðuneytinu um kirkjujarðir.
3. **Atvinnumálaráðuneytið**, skjöl frá því eru frá upphafi 2. skrifstofu og fram á 5. tuginn.
4. **Fjármálaráðuneytið**, skjöl frá því ná aftur til 1930 frá upphafi 3. skrifstofu 1904.
5. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið** hefir afhent ákveðinn málaflokk varðandi sjúkratryggingar.
6. **Útanríkismálaráðuneytið** hefir afhent verulegt magn skjala en ekki er hægt að tala um nein tímamörk í þessu safni.

7. **Eftirtalin sendiráð** hafa afhent nokkuð af skjölum sínum: sendiráðið í Kaupmannahöfn — skjöl og dagbækur frá 1904—1945, sendiráðin í Lundúnum, Moskvu og New York.
8. **Varnarmáladeild**, þar sem skjölin voru óflokkuð og engin afhendingarskrá fylgdi er erfitt að gera frekari grein fyrir þessu skjalasafni.
9. **Forsætis- og menntamálaráðuneytið** fengu að geyma nokkurn hluta skjalasafna sinna í geymslum Þjóðskjalasafns við Hverfisgötu. Um formlega afhendingu er ekki að ræða og Þjóðskjalasafnið ber því tæpast ábyrgð á þeim, enda eru skjölin geymd í læstum skápum sem ráðuneytin ein hafa aðgang að.

Þess má hér við geta að ráðuneytin hafa mörg hver haldið eftir lykllum að skjalasöfnum þeim sem komin eru í Þjóðskjalasafnið. Fyrir þá sök er nær ógjörlegt að nota þessi skjalasöfn til rannsókna, nema leita fyrst til viðkomandi ráðuneytis um upplýsingar undir hvaða númeri og frá hvaða ári tiltekið mál sé að finna. Afhendingarskrárnar sem skjölunum fylgdu koma að takmörkuðu gagni við að ráða bót á þessum annmarka.

Aðrar ríkisstofnanir með aðsetri í Reykjavík sem hafa afhent skjöl sín til Þjóðskjalasafns eru t. a. m. þessar:

1. **Hagstofa Íslands**, en frá henni hefur komið verulegt magn af skýrslum og öðrum gögnum sem til verða við starfsemi hennar.
2. **Ríkisendurskoðunin** hefir afhent skjöl sín fram yfir miðja þessa öld og er það sennilega stærsta safnið í Þjóðskjalasafninu frá einstakri stjórnarstofnun.
3. **Vegamálskrifstofan** hefir einnig afhent mikið safn, aðallega vegareikninga, en geymir samt enn sjálf bæði elsta og yngsta hluta skjala sinna.
5. **Fiskmat ríkisins** afhenti gögn sín fram til 1960 og eru þau geymd inni á Laugavegi 178.
6. **Tollstjórskrifstofan** hefir einnig afhent nokkurt magn skjala og er það að hluta til geymt í geymslunni á Tryggvagötu.

Andlega stéttin á Íslandi hefir skilið eftir sig myndarleg skjalasöfn og er fyrst að nefna biskupana. Áður var vikið að skjalasöfnum biskupsstólanna á Hólum og í Skálholti, en fyrirferðarmest er samt skjalasafn biskupsins yfir Íslandi:

1. **Biskupsskjalasafn** biskupsins yfir Íslandi nær aftur til um 1800 og málaflokkar eins og innkomin bréf til biskups enda 1938, en aðrir málaflokkar sem til safnsins hafa borist ná skemmra.
2. **Skjalasöfn prófaste** eru miklu minni að vöxtum og er lítið komið til safnsins frá þessari öld.
3. **Skjalasöfn presta**, um þau gildir það sama og prófastanna, nema prestþjónustubækur og sóknarmannatöl berast safninu alltaf annað kastið og verður það einkum þegar prestar láta af starfi að þeir skili gömlum bókum, en samt ræður tilviljunin hér nokkru um.

Heilbrigðisþjónustan mun afkastamikil í framleiðslu skjala, en þau eru ekki komin í garð hjá Þjóðskjalasafninu með þeim undantekningum sem hér skal greint:

1. **Skrifstofa landlæknis** hefir afhent skjöl sín reglulega og áður en lög og reglur mæla fyrir.
2. Nokkurt skjalamagn hefir Þjóðskjalasafni borist **frá borgarlækni** frá fyrri hluta þessarar aldar, en þau munu fremur lítill hluti af því sem til hefir fallið.
3. **Úr einstaka læknishéraði** hafa borist bækur og önnur gögn frá því um eða eftir síðustu aldamót og einnig gögn frá Hold sveikraspítalanum í Laugarnesi, Franska spítalanum o. fl.
4. **Ljósmeðrabækur** frá Reykjavík og landsbyggðinni hafa borist og er stærsti hlutinn frá Fæðingardeild Landspítalans og ná þær fram yfir 1960.

Frá skólum og fræðslustofnunum hefir tiltölulega lítið borist af skjölum. Frá fyrri tímum eru bækur og skjöl eftirtalinna menntastofnana:

1. **Bessastaðaskóli**, prófbækur og skjöl ná yfir þann tíma sem skólinn starfaði 1805—1846.
2. **Lærði skólinn** — síðar Menntaskólinn í Reykjavík — hefir afhent prófbækur og prófurlausnir, bréfabækur og önnur gögn sem orðið hafa til við starfsemi skólans.

3. **Skjalasafn fræðslumálaskrifstofunnar** var einnig afhent fyrir nokkrum árum og eru þar einkum bréf og skýrslur um starfsemi allra þeirra skóla sem ríkið hefur einhver afskipti af.
4. Skjöl frá tveim fræðslustjórum sem látið hafa af störfum.
Skjalasöfn sýslumanna, bæjarfógeta og sveitarstjórna eru sem heild langfyrirferðarmest í Þjóðskjalasafninu, enda þótt mikið vanti á að safninu hafi borist það magn sem vera ætti ef afhendingar hefðu farið fram lögum samkvæmt. Hér á eftir að verða sýslurnar og bæjarfélögin talin upp og þess getið hve langt safn hverrar sýslu nær:
 1. **Norður-Múlasýsla**, nær lengst til 1930.
 2. **Suður-Múlasýsla**, þar ná málaflakkar fram á 2. tug þessarar aldar, en til viðbótar kom skjalasending, sem enn er í kössunum sem hún kom í og því fátt um hana að segja.
 3. **Skaftafellssýsla**, þar ná málaflakkar fram um aldamót og lengst til um 1915.
 4. **Rangárvallasýsla**, þar ná málaflakkar lengst til áratugarins 1925—1935, en aðrir ná skemmra.
 5. **Vestmannaeyjar**, þar ná málaflakkar fram til 1945, en að auki var komið með verulegt skjalamagn þegar Vestmannaeyjagosið hófst og er sá hluti geymdur inni á Laugavegi 178 í geymslum Þjóðskjalasafnins.
 6. **Árnassýsla**, þaðan eru komin skjöl sem ná fram um 1920, en aðrir málaflakkar ná skemmra.
 7. **Gullbringu- og Kjósarsýsla**, skjöl þaðan ná fram um 1930, að auki einstakir málaflakkar eins og afsals- og veðmálabækur fram um 1960.
 8. **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli** hefir afhent skjöl frá embætti sínu frá upphafi og fram til 1960.
 9. **Reykjavík**, þaðan eru komin skjöl frá bæjarfógetaembættinu gamla, en að auki skjöl frá borgarfógeta, borgardómara, en frá öðrum þáttum hins gamla bæjarfógetaembættis er enn ekkert komið.
 10. **Borgarfjarðarsýsla**, bækur og skjöl þaðan ná lengst fram til árána 1910—1915, en aðrir málaflakkar skemmra.
 11. **Mýrasýsla**, skjalasafn hennar er eingöngu frá 19. öld, enda er hún nú orðin sama lögsagnarumdæmi og Borgarfjarðarsýsla.
 12. **Snæfellsnessýsla**, skjalasafn hennar nær lengst fram til 1910, en yfirleitt skemmra.
 13. **Dalasýsla**, skjalasafn hennar nær yfirleitt fram til árána 1915—1920. Til eru innkomin bréf sem ná til ársins 1951, en mikið vantar þar í.
 14. **Barðastrandarsýsla**, þar ná einstöku málaflakkar fram undir 1930, en aðrir mun skemmra þar eð þeir enda bæði fyrir og eftir aldamót.
 15. **Ísafjarðarsýsla**, þar ná einstöku málaflakkar fram yfir 1940, en flestir skemmra.
 16. **Strandasýsla**, þar ná einstaka málaflakkar fram yfir 1940, en flestir skemmra.
 17. **Húnavatnssýsla**, þaðan hefir borist meira og reglulegar en úr öðrum sýslum og ná sumir málaflakkar fram um 1960 en aðrir skemmra.
 18. **Skagafjarðarsýsla**, þar ná flakkar bóka og skjala einungis fram til 1910, sumir skemmra, eða til síðustu áratuganna fyrir aldamót.
 19. **Siglufjörður**, skjöl frá bæjarfógeta ná frá upphafi embættisins og fram til 1940.
 20. **Ólafsfjörður**, þaðan eru einungis hreppsreikningar 1918—1919.
 21. **Eyjafjarðarsýsla**, þar ná margir málaflakkar fram til 1950, og að auki skjalasending sem enn er niðri í kössum.
 22. **Þingeyjarsýsla**, málaflakkarinn þaðan ná tæpast til síðustu aldamóta að innkomnum bréfum undanskildum sem ná til 1908.
Þá er enn ótalið að í Þjóðskjalasafninu er mikill fjöldi bréfa á skinni sem voru afhent úr Árnasafni 1928 og svo skinnbréf frá biskupsstólunum fornu og víðar að. Einnig eru bréf og önnur gögn einstaklinga og félaga og er þar frægast bréfasafn Jóns Sigurðssonar.

Af því sem greint hefur verið frá hér að framan má ljóst vera að mikið vantar á að skjöl opinberra embætta og stofnana hafi verið innheimt eins og lög og reglur segja til um og engin könnun hefir verið gerð á því hvernig skjölunum í embættunum hefir reitt af á meðan beðið hefur verið eftir að þau yrðu flutt á áfangastað, og enginn veit hve mikið magn hér er um að ræða. Hins vegar hefir verið áætlað að Þjóðskjalasafnið hefði innan sinna vébanda um það bil **6000 hillumetra**, en sú mæling er ekki nákvæm og mismikið skjalamagn getur verið á hverjum hillumetra eftir því hvernig frá gögnunum er gengið. Því má bæta hér við að í bókageymslum Landsbókasafnsins munu vera um **7000 hillumetrar** eða rúmlega það, svo að í öllu Safnahúsinu gætu verið um **15000 hillumetrar** með því að nýta geymslurýmið sem best.

3. Skjalamagn utan Þjóðskjalasafns.

Þegar við undirritaðir vorum skipaðir í þessa nefnd þótti okkur einsýnt að kanna hug manna til þess verks sem okkur var á hendur falið og reyna að gera okkur einhverja grein fyrir því skjalamagni sem væri í vörslum einstakra embætta og stjórnarstofnana. Við urðum margs vísari um magn skjalanna og frá hvaða tíma þau væru og til glöggvunar verða hér birtar niðurstöðurnar um hillumetrafjöldann í stofnunum sem okkur vannst tími til að heimsækja:

1. Forsætisráðuneytið	58 hillumetrar
2. Menntamálaráðuneytið	300
3. Utanríkisráðuneytið	200
4. Landbúnaðarráðuneytið	75
5. Sjávarútvegsráðuneytið	100
6. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ...	300
7. Félagsmálaráðuneytið	63
8. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðu- neytið	65
9. Fjármálaráðuneytið	139
10. Samgöngumálaráðuneytið	79
11. Iðnaðarráðuneytið	98
12. Viðskiptaráðuneytið	118
13. Hagstofa Íslands	100
14. Ríkisbókhaldið	139
15. Ríkisendurskoðun	639
16. Ríkisendurskoðun	823
17. Póstur og sími	693
18. Borgarfógetinn í Reykjavík	127
19. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði	175
20. Vegamálastofnan	500
21. Tryggingastofnun ríkisins	500

Alls er þetta

5291 hillumetri

Þessar tölur segja þó engan veginn allan sannleikann því að til viðbótar vantar skjöl þau sem geymd eru hjá námsstjórunum í menntamálaráðuneytinu og hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vantar einnig nokkuð á, og í utanríkisráðuneytinu var eftir að fara í geymslu þar sem nokkuð var af eldri skjölum. Sömu sögu er að segja hjá borgarfógetanum í Reykjavík og bæjarfógetanum í Hafnarfirði og sá síðarnefndi taldi að í þessari aukageymslu væri þriðjung skjalasafnsins að finna.

Hér er enn eftir ótalinn fjöldi embætta sem ekki hafa afhent neitt af skjölum sínum og vitneskja er ekki fyrir hendi um hve magn þeirra er mikið og hvernig þau eru varðveitt og verður nú farið fljótt yfir sögu:

- I. Forseti Íslands.
- II. Utanríkisþjónustan, sendiráð og ræðismenn í Bonn, Ósló, París og Stokkhólmi.
- III. Skólakerfið svo sem Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, menntaskólarnir, nema MR, allir gagnfræðaskólar, héraðsskólar, unglínga- og barnaskólar, leiklistarskólar, tónlistarskólar, húsmæðraskólar, sjómannaskólar, búnaðarskólar, iðnskólar, tækniskólar, Ljósmeðraskólinn, Hjúkrunarskólinn og Íþróttakennaraskólinn.
- IV. Menningarstofnanir svo sem Menntamálaráð, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveitin, Þjóðleikhúsið, Landsbókasafn, Þjóðminjasafn, Listasafn ríkisins.
- V. Heilbrigðisstofnanir svo sem ríkisspítalarnir, heilsuhælin og Lyfjaverslun ríkisins.
- VI. Dómskerfið svo sem saksóknari ríkisins, ríkisskattstjóri, ríkisskattanefnd, skattstjórar, bæjarfógetar.
- VII. Stofnanir sem fjalla um samgöngumál svo sem Ferðaskrifstofa ríkisins, Flugmálastjórn, Flugráð, flugvellir, Loftferðaeftirlitið, Skipaskoðun ríkisins, Skipaútgærd ríkisins, Vita- og hafnarmálaskrifstofan, Póst- og símamálastofnunin.
- VIII. Iðnaðar- og raforkumál svo sem Áburðarverksmiðjan, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Landssmiðjan, Sementsverksmiðjan, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkustofnun o. fl.
- IX. Búnaðar- og ræktunarmál svo sem búnaðarþing, dýralæknar, yfirdýralæknar, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landnám ríkisins, Sandgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, tilraunastöðvar, veiðimálastjóri, Rannsóknaráð ríkisins, Atvinnudeild háskólans, Veðurstofan o. fl.
- X. Aðrar ríkisstofnanir má nefna svo sem Brunabótafélag Íslands, Húsnæðismálastofnun ríkisins, húsameistara ríkisins, Landmælingar Íslands, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Áfengis- og tóbaksverslunina, Viðtækjaverslun ríkisins, Innkaupastofnun ríkisins, verðlagsstjóra o. fl.
- XI. Bankakerfið og er fyrst að nefna Íslandsbanka, Seðlabankann, Búnaðarbankann, Framkvæmdabankann, Landsbankann, Útvegsbankann.

Ekki er ástæða til að hafa þessa upptalningu lengri þó að einhverju mætti bæta við. Hún gefur hins vegar nokkra hugmynd um í hve mörg horn er að líta og hvílikt átak þarf til að koma því heim í garð sem þangað á að koma. Hér má geta þess að í Ríkisendurskoðuninni eru gögn frá þessum stofnunum flestóllum, en þau snerta að sjálfsögðu einungis bókhald þeirra.

Það má öllum vera ljóst af framangreindu að erfitt er að gera sér grein fyrir hve mikið það skjalamagn er í embættum og ríkisstofnunum víðs vegar um land sem ætti lögum samkvæmt að vera komið í vörslu Þjóðskjalasafns eða á að koma þangað fyrir eða síðar. Óvissuþættirnir eru svo margir að þegar stórt er spurt verður hér sem oftast lítið um svör.

Skjalasöfn sýslumanna eru t. a. m. gott dæmi um hve erfitt er að fá fulla vitneskju um rúmtak þeirra í safni nema með því móti að kanna skjalamagnið á hverjum stað, en ætla má að ekki sé kominn helmingurinn af því sem í Þjóðskjalasafni ætti að vera lögum samkvæmt af því sem til hefir fallið á þessari öld. Hitt er svo annað mál hvort þar komi öll kurl til grafar þegar hafist verður handa að innheimta embættisbækur og skjöl úr þessum embættum, og hætt er við að skjalasöfnin verði eitthvað skörðótt og eiga þar ýmsir sök ef rétt reynist.

Við athugun á skjalasafninu við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu reyndust 175 hillimetrar hafa fallið til á 10 síðustu árunum eða tæpir 20 metrar á ári til jafnaðar. Í lögsagnarumdæminu búa milli 24 og 25 þúsund manns eða um það bil einn níundi hluti landsmanna allra. Ef reiknað er með að skjalaframleiðslan sé svipuð á nef hvert um allt land þá væri framleiðslan í sýslumanna- og bæjarfógetaembættum landið um kring nálægt 1600 hillumetrum síðustu 10 árin eða 160 metrar á ári. Hins vegar virtist sem skjalaframleiðsla í Dómsmálaráðuneytinu væri 8 hillimetrar á ári, þannig að þau embætti sem því lúta mundu framleiða 20 sinnum meira skjalamagn en það gerir, því að fleiri embætti en sýslumanna- og fógetaembætti lúta því.

Ársframleiðsla ráðuneytanna allra er, að því er virðist, 80 hillumetrar á ári, og ef sama margföldunaraðferð er notuð væri skjalaframleiðslan í þeim embættum sem þau eru sett yfir að vera tvítugföld eða nálægt 1600 hillumetrar á ári. Þetta getum við hvorki sannað né afsannað og til að ganga úr skugga um þetta þarf bæði mikinn tíma og afl þeirra hluta sem gera skal.

Ef litið er til annarra landa má finna traustari niðurstöður í könnun á skjalaframleiðslu á ári hverju. Nýverið gerðu Finnar mikið átak í endurskipulagningu á skjalamállum sínum. Það kom á daginn að í stjórnkerfi þeirra falla til 40 hillukílómetrar ár hvert. Hér verður ósagt látið hvort stjórnkerfi Finna framleiðir tiltölulega meira magn skjala á ári hverju miðað við höfðatölu en hér á landi, en stjórnkerfið er samt sem áður í meginráttum svipað. Ef höfðatölureikningur er notaður og menn gefa sér að framleiðslan á einstakling sé svipuð í báðum löndunum verður niðurstaðan sú að hér á landi falli til nálægt 2 hillukílómetrum á ári af skjölum.

Svo að haldið sé áfram að draga lærdóma af Finnum má geta þess að samkvæmt lögum þeirra og reglum um grisjun og eyðingu skjala er gert ráð fyrir að 60% þess sem til fellur sé eyðilagt og þykir þó ekki nóg gert. Ef við lítum í okkar eigin barm er ljóst að hér er mikill ólestur vandi sem biður bráðrar en erfiðrar úrlausnar.

4. Niðurstaða.

Af framansögðu er ljóst að mikið er af skjölum hjá ríkisstofnunum sem eru orðin meira en 20 ára gömul og ættu að vera komin í Þjóðskjalasafn skv. núgildandi reglugerð (frá 1916). Mikið af þessum skjölum er í óhentugum geymslum og sumt í kostnaðarsömu leiguhúsnæði. Því er brýn þörf á að gera sem fyrst átak að innheimta skjöl í Þjóðskjalasafn, en eins og stendur ræður safnið ekki yfir neinu húsnæði til að taka við þeim. Engin leið er að áætla með nokkurri vissu hve mikið af skjölum Þjóðskjalasafn á úti í ríkisstofnunum, en mjög lauslega má áætla að það sé um 20 árum á eftir tímanum að innheimta, að það eigi úti í stofnunum skjöl sem svara til allrar skjalamyndunar árána 1940—60. Sé gert ráð fyrir að skjalaframleiðslan hafi verið um 1000 hillumetrar á ári á þessu skeiði á safnið óinnheimta 20 000 hillumetra. Afar tímafrekt mun vera að grisja þessi skjöl vegna þess að sjaldnast mun hafa verið gert ráð fyrir skipulegri grisjun þegar þau voru lögð upp. Samt sem áður verður að stefna að því að minnka þetta skjalamagn verulega, auk þess sem gera má ráð fyrir að það hafi þegar orðið fyrir nokkrum afföllum vegna þess að skjölum hafi verið fargað í heimildarleysi. Við áætlum því að safnið þurfi ekki að taka við nema helmingi þess skjalaförða sem varð til á árabílinu 1940—60 eða 10 000 hillumetrum.

Nefndin leggur til að skilafrestur skjala verði lengdur úr 20 árum í 30, og mun það létta nokkuð af safninu á næstu árum. Þó er óhjákvæmilegt að mikið berist til safnsins á næstunni af skjölum frá árabílinu 1960—80, enda er vafalaust oft hagkvæmara fyrir ríkið í heild að skjöl séu afhent þangað fremur fyrr en seinna. Gera má ráð fyrir að skjalaframleiðslan á þessu skeiði hafi verið nálægt 1500 hillumetrar á ári eða 30 000 hillumetrar á öllu tímabilinu. Séu þau skjöl enn grisjuð um helming á Þjóðskjalasafn von á 15 000 hillumetrum frá tímabilinu 1960—80, og mun varla taka öðru en gera þegar í stað ráðstafanir til að það geti tekið við því magni öllu.

Af þessu leiðir að búa þarf Þjóðskjalasafn undir að taka við 25 000 hillumetrum af skjölum sem orðin eru til fyrir 1980. Talið er að hver fermetri húsnæðis rúmi um 5—6 hillumetra skjala. Við teljum því nauðsynlegt að **Þjóðskjalasafni verði útvegað innan fimm ára um 5000 fermetra húsnæði**, til viðbótar við það húsrúm sem það hefur nú. Þetta húsnæði þarf að vera á einum stað í næsta nágrenni við núverandi húsnæði Þjóðskjalasafnsins, því að óþolandi vinnufrekt og fyrirhafnarsamt er að láta safnið dreifast í geymsluhúsnæði víðs vegar um borgina.

Þetta yrði þó einungis bráðabirgðalausn. Á áratugunum 1980—2000 verða til um 40 000

hillumetrar skjala. Þennan skjalaförða verður unnt að grisja markvisst og skipulega ef tillögur nefndarinnar um það efni verða teknar til greina. En þótt takast kunni að eyða um 60% þessara skjala með grisjun verða enn eftir um 16 000 hillumetrar sem safnið þarf að taka við snemma á næstu öld og krefjast um 3000 fermetra húsrýmis. **Því er nú þegar kominn tími til að huga að byggingu nýs húss fyrir safnið til frambúðar.** Í Noregi er risin ný bygging fyrir Þjóðskjalasafn, þar eru skjalageymslur sprengdar inn í kletta, en ofanjarðar eru lestrarsalir og vinnustofur fyrir alla starfsemi safnsins. Þessi bygging hefur fengið einróma lof allra sem bera skynbragð á skilyrði fyrir varðveislu skjala. Ísland er gagnauðugt af klettum og hömrum þar sem slík bygging gæti sómt sér hið besta, og svo miklir eru þeir að viðáttu að ekki ætti að vera skortur á rými fyrir viðbótargeymslur. Við viljum leyfa okkur að benda á vesturhlíð Öskjuhlíðarinnar sem tilvalinn stað í nágrenni við Háskóla Íslands, en þaðan ættu að liggja gagnvegir í þá stofnun sem geymir gögnin um sögu vora á liðinni tíð og í nútíð.

VI.

Tillaga að reglugerð um takmörkun skjalaviðkomu og grisjun í skjalasöfnum sem skylt er að afhenda Þjóðskjalasafni.

1. Almenn ákvæði.

1. Skjölum, sem ákveðið verður að ónýta samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal eytt með öruggum hætti, þannig að tryggt sé að óviðkomandi fái ekki aðgang að skjölunum. Þó er heimilt að geymd verði í héraðsskjalasafni skjöl úr umdæmi þess sem ætti að afhenda Þjóðskjalasafni en heimilt er að ónýta.
2. Alltaf skal varðveita ríflegt sýnishorn af skjalaflokkum sem að öðru leyti eru ónýttir.
3. Afhendingarskyldir aðilar skulu halda skrá yfir skjöl sem ónýtt verða samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Takmörkun skjalaviðkomu.

1. Prentað efni og fjölfaldað, upplag fjölfaldaðra bréfa, þar með talið upplag umburðarbréfa og eyðublaða, skal ekki geyma með skjölum. Undantekning er fjölfaldað plagg sem fylgir bréfi eða er nauðsynlegt innlegg með máli. Stofnun, sem lætur fjölfalda eða prenta til dreifingar gögn, s. s. umburðarbréf, skýrslur, greinargerðir, línurit, tölfræðilegar skýrslur, kynningarbæklinga o. s. frv., geymir eitt eintak í skjalasafni sínu.
2. Handrit er heimilt að ónýta þegar prentað eða fjölfaldað hefur verið eftir því, ef á handrit eru ekki ritaðar athugasemdir sem geta haft gildi fyrir skilning á máli og samhengi þess.
3. Aðsend umburðarbréf er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir þau, ef þau eru ekki innlegg með máli.
4. Fundarboð, boðsbréf, auglýsingar, almennar tilkynningar og fyrirspurnir, sem hafa óverulegt upplýsingagildi, eru tilfallandi eða háttbundnar, svo og ljósrit sem send eru til kynningar, skal ekki geyma í skjalasafni, ef þeirra er ekki þörf við afgreiðslu mála, og er heimilt að ónýta slík gögn þegar ekki er lengur þörf fyrir þau.
5. Uppköst (konsept) er heimilt að ónýta þegar samrit útsends bréfs hefur verið vistað í skjalasafni, ef ekki eru ritaðar á uppkastið athugasemdir sem geta haft gildi fyrir skilning á máli eða samhengi þess.
Orðsendingar og minnisblöð sem fara milli aðila innan sömu stofnunar eða embættis er heimilt að ónýta, ef gögnin hafa ekki að geyma upplýsingar sem hafa gildi fyrir skilningi á máli eða samhengi þess.
7. Vinnuþlög sem hafa einungis að geyma upplýsingar sem eru teknar upp í útsendu bréfi eða skýrslu er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir þau.

3. Grisjun skjalasafna í fyrstu yfirferð.

1. Skjalamöppur skulu að jafnaði eigi spanna yfir lengra tímabil en 5 ár.
2. Afhendingarskyldir aðilar skulu fara yfir skjöl sín í seinasta lagi 5 árum eftir að málin hafa verið lögð til hliðar. Undanskilin þessu ákvæði eru samkynja skjöl, sbr. grein 4.1 í þessari reglugerð. Í þessari yfirferð skal gera skrá yfir þau málsskjöl sem hlutaðeigandi aðili telur ekki hafa hagnýtt gildi fyrir starfsemi sína, og skulu skjölin ónýtt að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns.
3. Forstöðumaður afhendingarskyldrar stofnunar eða embættis ber ábyrgð á grisjun skjalasafnsins.
4. Þjóðskjalasafn hefur yfirumsjón með grisjun skjalasafna afhendingarskyldra aðila. Starfsmenn Þjóðskjalasafns skulu, eftir því sem kostur er, aðstoða við undirbúning grisjunar skjalasafna og gefa ráð um það hvers konar skjöl skuli vinsuð úr.

4. Grisjun skjalasafna í annarri yfirferð.

1. Skjöl sem verða eftir að lokinni fyrstu yfirferð skal meta aftur áður en þau eru afhent Þjóðskjalasafni. Að jafnaði skal önnur yfirferð eiga sér stað 30 árum eftir að skjölin urðu til (þ. e. a. s. miðað við dagsetningu yngsta bréfs eða plags í möppu). Þjóðskjalasafn og hlutaðeigandi stofnun geta samið um annan frest. Í annarri yfirferð skal ónýta málsskjöl, ef hagnýtt eða fræðilegt gildi þeirra réttlætir ekki varðveislu þeirra til frambúðar.
2. Meta skal í hverju tilviki hvort það muni svara kostnaði að gögn sem hafa lítið fræðilegt gildi verði vinsuð úr möppum sem verða ekki ónýttar.
3. Í þessari yfirferð tekur hlutaðeigandi stofnun og Þjóðskjalasafn í sameiningu ákvörðun um grisjun. Menntamálaráðuneytið sker úr um ágreiningsmál.

5. Grisjun samkynjaskjala.

1. Með hugtakinu samkynjaskjöl er átt við flokka skjala sem hafa að geyma samstæð mál, þ. e. a. s. sams konar upplýsingar um mismunandi tilvik. Sem dæmi slíkra skjalaflokka má nefna umsóknir um einkaleyfi, manntalsskýrslur, kirkjubækur, skattframtöl, dagbækur, fylgiskjöl reikninga.
2. Afhendingarskyldir aðilar skulu gera skrá yfir samkynjaskjöl sín.
3. Þjóðskjalasafn og hlutaðeigandi stofnun eða embætti taka í sameiningu ákvörðun um ónýtingu og varðveislu samkynjaskjala.

6. Sameiginlegar reglur um grisjun samkynjaskjala.

1. Skrár, listar og afrit.
 - a) Bréfadagbækur, dagbækur, registur yfir dagbækur, málaskrár og aðrar skrár, sem eru gerðar til þess að auðvelda leit skjala, er óheimilt að ónýta.
 - b) Skrár (innbundnar eða á lausum spjöldum eða blöðum) sem eru einungis gerðar í því skyni að greiða fyrir daglegum störfum og hafa tímabundið gildi skulu ónýttar.
 - c) Bréfabækur (eða afrit útsendra bréfa, raðað í tímaröð, en óinnbundin) er heimilt að ónýta ef afrit útsendra bréfa eru geymd í efnisröðuðu málafafni.
2. Starfsmannahald.
 - a) Ekki er heimilt að ónýta möppur með skjölum varðandi ráðningu, réttindi og kjör starfsmanna.
 - b) Óheimilt er að ónýta umsóknir um forstöðumannsstöður og æðri stöður. Umsóknir um aðrar stöður er heimilt að ónýta, séu þær ekki endursendar, að undanteknum umsóknum þeirra sem ráðnir eru.
 - c) Heimilt er að ónýta háttbundin bréfaskipti sem hafa ekki gildi fyrir réttindi starfsmanna eða ráðningarskilyrði.

- d) Veikindatilkynningar og læknisvottorð er heimilt að ónýta þegar fjarvist vegna veikinda hefur verið skráð í starfsmannaskrá eða verið bókuð með öðrum hætti.
 - e) Háttbundin gögn sem varða eftirlit með mætingum og vinnutíma er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir gögnin að mati stofnunarinnar.
3. Fjárhagsáætlun.
- a) Háttbundin bréfaskipti í tengslum við samningu fjárhagsáætlunar er heimilt að ónýta þegar ekki er talin þörf fyrir gögnin að mati stofnunar.
 - b) Tillögur um fjárhagsáætlun og bréfaskipti um þær varðveitir stofnun eða embætti sem gert hefur tillögurnar, að svo miklu leyti sem skjölin hafa að geyma upplýsingar sem geta talist hafa varanlegt gildi.
4. Bókhald og reikningsskil.
- a) Ef með fylgiskjölum reikninga eru ekki lagðir samningar, skuldabréf eða önnur skjöl sem varða réttindi eða skuldakröfur stofnana og embætta á hendur öðrum er heimilt að ónýta fylgiskjöl reikninga þegar 10 ár eru liðin frá lokum reikningsárs. Sama gildir um aðalbækur og bókhaldsdagbækur.
 - b) Ríkisendurskoðun, hjá sveitarfélögum kjörnum endurskoðendum, er heimilt að ákveða ónýtingarfrest annarra bókhaldsgagna sem eru ekki talin hafa varanlegt heimildargildi.
 - c) Þjóðskjalasafni er heimilt að ákveða að einstakir flokkar bókhaldsskjala eða sýni þeirra skuli varðveitt og afhent Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni til varðveislu síðar.
5. Innkaup og umsjón efnis og búnaðar.
- Að fengnu samþykki Ríkisendurskoðunar eða kjörinna endurskoðenda sveitarfélaga er heimilt að ónýta eftirtalin skjöl: Tilboð um vöru eða þjónustu, pantanir og staðfestingar þeirra, kvittanir fyrir móttöku vöru og þjónustu, skýrslur um slit og skemmdir á búnaði og tækjum, birgðaskrár og skýrslur um vöruupptalningu, skrár yfir lausafé og innan-stokksmuni svo og háttbundin bréfaskipti varðandi innkaup, áhalda- og birgðavörslu.
6. Önnur skjöl sem varða almenna stjórnun.
- Skjöl sem falla ekki undir þau skjöl sem talin hafa verið upp hér að framan er einungis heimilt að ónýta að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns.

VII.

Greinargerð með tillögu að reglugerð um takmörkun skjalaviðkomu og grisjun í skjalasöfnum.

1. Almennar athugasemdir um grisjun.

a) Inngangur.

Jafnframt því sem unnið er að því að varðveita hin ómetanlegu verðmæti sem skjalasöfn embætta og stofnana ríkis og sveitarfélaga hafa að geyma er óhjákvæmilegt að leggja vinnu í það að vinsa úr og ónýta skjöl og gögn sem hafa svo lítið heimildargildi að ekki er ástæða til þess að varðveita þau til frambúðar.

Vegna þess að viðkoma skjala er miklu meiri nú á dögum en á fyrri tímum er ónýting skjala brýnt úrlausnarefni. Eftirtaldar ástæður hafa valdið því að í flestum löndum hafa menn tekið varðveislu og ónýtingu skjala til gaumgæfilegrar athugunar.

Umsvif ríkisvaldsins hafa aukist og margfaldast vegna þess að ríkið hefur tekið að sér fleiri verkefni en tíðkaðist á fyrri tímum. Má þar nefna til dæmis heilsugæslu, skólamál og félagslega þjónustu ýmiss konar, viðleitni til þess að hafa áhrif á og stjórna þróun samfélagsins, t. d. með byggðastefnu, stjórn efnahagsmála o. s. frv. En öll þessi umsvif leiða óhjákvæmilega til mikillar framleiðslu ýmiss konar skjala og gagna sem eru mikils verður vitnisburður um samfélagið og menningu þess.

Í öðru lagi hefur þróun skrifstofutækni örvað vöxt skjalasafna. Ritvélar og margs konar fjölföldunarvélar auðvelda mjög framleiðslu ritaðra gagna og afrita þeirra, og standa menn ólíkt betur að vígi í þessum efnum nú á tímum en þegar penninn og bréfastressan voru einu framleiðslutækin við skjalaframleiðslu.

Í þriðja lagi er skrifstofuhúsnæði mjög dýrt og veldur því bæði byggingarkostnaður og hátt lóðaverð. Leitast er við að nýta húsrými sem best í skrifstofuhúsnæði, og er því oftast lítið geymslurými utan skrifstofuherbergjanna sjálfra.

Krafan um grisjun skjalasafna á fyrst og fremst rót að rekja til þess að geymslurými er kostnaðarsamt, jafnt bygging þess sem rekstur og viðhald. Hins vegar getur það einnig verið mjög seinlegt og þar af leiðandi kostnaðarsamt að vinsa úr skjöl til ónýtingar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að reyna að leita hagkvæmra leiða til þess að vinsa úr þau skjöl sem ónýta skal.

b) Gildi skjala.

Embætti og stofnanir, sem skjöl verða til hjá, þurfa á þeim að halda við dagleg störf. Nýleg skjöl eru oft mikilvæg fyrir stjórnslukerfi. En í flestum tilvikum missa þau hagnýtt gildi sitt smátt og smátt þegar tímar líða fram. Það er tiltölulega auðvelt fyrir hvert stjórnvald að skera úr um það hvort skjal hafi hagnýtt gildi eða ekki.

Í opinberum skjalasöfnum er oft að finna skjöl sem geta haft hagnýtt gildi fyrir einstaklinga og stofnanir. Slík skjöl geta bæði verið nýleg og gömul. Þeir skjalaflokkar sem hafa hagnýtt gildi fyrir almenning, t. d. kirkjubækur, eru oftast nær auðþekktir.

Í opinberum skjalasöfnum er einnig að finna mikilvægustu heimildir sem við er stuðst við sagnfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir. Þegar meta þarf hvort gildi skjals sé nægilega mikið til þess að réttlæta varðveislu þess til frambúðar er aðalvandinn fólgin í því að meta hið sögulega eða sagnfræðilega gildi. Sagnfræðirannsóknir geta verið margvíslegar og sagnfræðingar framtíðarinnar munu eflaust sinna öðrum rannsóknarverkefnum og vandamálum en sagnfræðingar nú á dögum. Ekki er hægt að telja nein skjalagögn algerlega einskis virði. Þegar valið er milli þess sem varðveita skal og hins sem ónýta verður er því ekki unnt að stefna að því að varðveita öll skjöl sem hafa eitthvert gildi. Þess í stað verður að reyna að meta hvort sagnfræðilegt gildi skjalaflokks sé í réttu hlutfalli við kostnaðinn sem varðveisla skjalanna hefur í för með sér, og síðan verður að velja úr eftir bestu getu til varðveislu þau skjöl sem virðast skipta mestu máli og hafa mest gildi.

Gildi skjala ræðst einnig af því í hve ríkum mæli unnt er að afla upplýsinga í öðrum heimildum. Gömul skjalasöfn eru langtum mikilvægari en þau skjalasöfn sem verða til nú til dags vegna þess að nú á dögum eru heimildir langtum fleiri en áður tíðkaðist.

Jafnvel þó að líkur séu á því að í umfangsmiklum skjalaflokki megi finna upplýsingar sem einhver kynni hugsanlega í einhverjum tilvikum að telja áhugaverðar getur það ekki talist nægileg ástæða til að réttlæta varðveislu allra gagnanna. Við ónýtingu skjala hljóta alltaf að fara forgörðum upplýsingar sem einhverjir kunna að telja eftirsjá að. Menn verða að gera það upp við sig hvort varðveita beri umfangsmikla skjalaflokka einungis vegna þess að við sérstakar aðstæður kynni að verða spurt um einstakt skjal eða skjalamöppu. Ef menn telja að svo sé er það sjálfgefið að öll grisjun skjalasafna er óframkvæmanleg.

Ef lítilsverð gögn eru ekki vinsuð úr getur hið mikla umfang skjalasafna orðið sagnfræðilegum og félagsfræðilegum rannsóknum fjötur um fót. Það er auðveldara að finna mikilvægu, bitastæðu skjölin, þegar hin minna verðu hafa verið vinsuð úr.

c) Kostnaður við grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala.

Grisjun skjalasafna er ýmsum vandkvæðum háð. Suma skjalaflokka er unnt að grisja án umtalsverðs kostnaðar. Í öðrum tilvikum getur verið svo tímafrekt að vinsa úr ónýtingarhæf gögn að það borgar sig ekki. Almennt má segja að ekki beri að takast á hendur grisjun

skjalasafna ef það er dýrara að grísa með ábyrgum hætti en að byggja yfir skjölin. Í sumum tilvikum er unnt að binda varðveislu skjala við tiltekin tímamörk. Ónýting getur þá átt sér stað sjálfkrafa þegar skjölin hafa náð þeim aldri sem tilskilinn er. Einnig er unnt að setja reglur um ónýtingu heilla skjalaflokka í stofnunum sem eru hliðstæðar þ. e. starfa á sama stjórnisýslusviði, t. d. fyrir skjalasöfn sýslumanna, skattstjóra og fleiri. Þegar unnt er að ónýta heila flokka skjala að liðnum vissum fresti, sem hefur verið tiltekinn fyrirfram af þar til bærum aðilum, krefst ónýtingin minni vinnu og kostnaður verður þar af leiðandi minni.

Í öðrum tilvikum kunna ónýtingarhæf gögn að vera innan um skjöl sem varðveita verður. Þá er afar mikil vinna að vinsa ónýtingarhæf gögn frá þeim sem varðveita verður. Yfirleitt er það óráðlegt að fara nákvæmlega yfir hverja einstaka möppu í því skyni að tína úr ónýtingarhæf gögn. Slíkt getur því aðeins svarað kostnaði að ónýtingarhlutfallið sé tiltölulega hátt.

Vinnulaun eru verulegur hluti kostnaðar við grísjun skjalasafna. Vegna þess að ekkert hefur verið unnið skipulega að ónýtingu skjala hérlendis, er ekki hægt að nefna neinar ákveðnar tölur í þessu sambandi. Í Danmörku hefur verið gefið upp að það taki að meðaltali þrjá tíma að ónýta einn hillumetra skjalaflokks sem 99% eru ónýtt af. Grísjun annarra skjalagagna, þar sem ónýtt voru 63,5% gagnanna, krafðist ónýting hvers hillumetra um það bil 5—6 tíma vinnu. Hér var einungis átt við sjálfa úrvinsunina en ekki aðra vinnu í tengslum við ónýtinguna (t. d. útskrifun úr dagbókum og innfærslubókum). Sú takmarkaða reynsla sem nefndarmenn hafa af slíkri úrvinsun bendir ótvírætt til þess að hún sé enn þá seinlegri en hér var tilgreint, ekki síst ef hún tengist annarri flokkunar- og röðunarvinnu. Það liggur því í augum uppi að kostnaður við ónýtingu skjala er mjög misjafn, allt eftir því hvernig skjölum er til að dreifa og hvernig þau hafa verið lögð upp í stofnuninni sem þau urðu til hjá.

d) Örglærur (míkrófilmur)

Þegar teknar eru myndir á örglærur eru skjöl ljósmynduð og smækkuð um leið afar mikið (algengast 24 sinnum). Það er því hægt að spara mikið húsrými með því að mynda skjöl á glærur og geyma glærana í stað frumgagna. Myndatökuvélar til þess að taka örglærur eru af margvíslegum gerðum, en hér verður ekki lýst hinni tæknilegu hlið míkrómyndatöku. Þess skal þó getið að hinn tæknilegi búnaður er ekki óskaplega dýr.

Sum skjöl eru svo mikils virði að það kemur ekki til greina að þau verði ónýtt, enda þótt örglærur yrðu teknar af þeim. Í ýmsum tilvikum væri þó mjög æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að taka örglærur (eða ljósrit) af mikið notuðum frumgögnum til þess að hlífa þeim við sliti og jafnvel eyðileggingu. Má í þessu sambandi nefna kirkjubækur sem munu margar vera að detta í sundur vegna mikillar notkunar og óvægilegrar meðhöndlunar safngesta. Einnig er það æskilegt að ýmsar óbætanlegar frumheimildir verði myndaðar á míkrófilmu og geymdar í öðrum landshluta en Reykjavík í öryggisskyni með tilliti til eyðileggingarhættu af ófyrirsjáanlegum ástæðum, t. d. af völdum ófriðar, náttúruhamfara eða bruna.

Það liggur í augum uppi að ekki er unnt að ráðast í míkrómyndatöku í því skyni að spara húsrými áður en tekin hefur verið afstaða til grísjunarvandans.

Athugun sem gerð var á vegum Hagsýsluskrifstofu Reykjavíkurborgar haustið 1979 á hagkvæmni þess að geyma skjöl á míkrófilmum í stað þess að geyma þau með hefðbundnum hætti, benti til þess að það gæti verið allt að þrisvar sinnum dýrara að taka örglærur af skjölum í stað þess að geyma skjölin sjálf og byggja yfir þau. Var þá miðað við að skjöl yrðu alfarið mynduð á örglærur og skjölunum síðan fargað. Þessi mikli munur kemur nokkuð á óvart þegar tekið er tillit til þess hversu tæki til örglærutöku eru tiltölulega ódýr. En skýringin á þessu er sú að örglærutaka útheimtir mikinn vinnukraft. Það verður því að telja að míkrófilmur geti ekki leyst húsnaðisvandræði Þjóðskjalasafns og annarra vörslustofnana í næstu framtíð.

Í ýmsum tilvikum kunna stofnanir að telja það hagkvæmt fjárhagslega og með tilliti til aðstæðna og hagræðis að taka míkrofilmur af einstökum skjalaflokki eða flokkum, t. d. ef hægt væri að nota dauða tíma hjá starfsfólki til slíkra starfa, og ætti þá að vera óhætt að ónýta frumgögnin, svo framarlega sem örmyndatökan er nákvæm og endingargóðar filmutegundir eru notaðar og þær geymdar við rétt skilyrði. Í lögum nr. 47/1978 er ráðherra heimilað að leyfa að bókhaldsskjöl verði geymd á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals í stað þess að geyma sjálf frumgögnin.

Upp á síðkastið hefur það fæst í vöxt að tölvur séu látnar prenta út lista og skrár á örglærur í stað pappírs og er þannig sparað óhemjumikið húsrými á skrifstofum. Af gögnum sem eru skrifuð út á örglærur má nefna t. d. Þjóðskrána, launalista, útskriftir úr aðaldagbókum.

e) Niðurstaða.

Með því að taka mið af mati á gildi skjala, kostnaði við varðveislu og þeim vanda sem er því samfara að ónýta skjöl með ábyrgum hætti er unnt að setja almennar reglur um upplagningu og meðferð skjala með tilliti til úrvinsunar og ónýtingar.

Þegar skjöl eru lögð upp og þeim raðað ber að taka tillit til langtímahagsmuna að þessu leyti. Það ber að leitast við að komast hjá því að blanda skjölum sem hafa varanlegt gildi saman við skjöl og gögn sem unnt er að ónýta. Grisjun skjalasafna þarf í sem ríkustum mæli að geta farið þannig fram að heilum möppum eða heilum skjalaflokkum sé fleygt í stað þess að einstök plögg séu tínd úr.

Að svo miklu leyti sem unnt er ber að ákveða fyrirfram geymslutíma hinna ýmsu skjalategunda. Ef skjölum er raðað eftir efni í málasafni er mun auðveldara að tiltaka ákveðinn geymslufrest fyrir einstaka flokka mála. Ef skjölum er raðað í tímaröð eftir dagsetningum eða eftir dagbókarnúmerum er erfiðara að setja reglur um ónýtingu skjalanna. Þá verður annaðhvort að fleygja öllu eða engu eða þá að tína úr eitt og eitt plagg.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að örglærur geti skipt verulegu máli þegar taka þarf afstöðu til varðveislu og ónýtingar skjala. Á þessu kunna að verða breytingar í framtíðinni og þarf að fylgjast vel með þróuninni á sviði örglærutöku.

Vegna þess hversu mikilvæg skjalasöfn ríkis og sveitarfélaga eru fyrir sagnfræði- og félagsfræðirannsóknir er ekki hægt að gefa stofnunum ríkis og sveitarfélaga frjálssar hendur um ónýtingu skjala. Í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar hafa verið settar reglur um það hversu standa skuli að ónýtingu skjala, og er þar óheimilt að ónýta skjöl nema að fengnu samþykki hlutadeigandi ríkisskjalasafns eða samkvæmt reglum sem settar hafa verið um þessi efni.

2. Grisjun skjalasafna á Íslandi.

Í reglugerð um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík nr. 5/1916 segir í 7. grein: „Skjalavörður skal rannsaka, hvað sé það af skjölum í safninu nú sem stendur, er gagnslaust megi þykja að geyma, og ónýta skuli. Skal hann, þegar því starfi er lokið, skýra landsstjórninni frá rannsókn sinni, og segir hún til, hversu með skuli fara, og setur reglur um ónýtingu skjala framvegis, er skjalavörður fer síðan eftir.“ Nú er í 1. grein sömu reglugerðar mælt svo fyrir að skjalasöfn allra opinberra sýslana eða stofnana, sem eldri séu en 20 ára, skuli afhent til varðveislu í Þjóðskjalasafni. Hugtakið skjal er ekki skilgreint nánar í þessari reglugerð og ekki er skilgreiningu þess að finna í öðrum reglugerðum eða lögum. Beinast liggur við að telja að þetta hugtak merki öll gögn sem falla til hjá stofnunum í tengslum við rekstur hennar. Af þessu leiðir þá að öll gögn og pappírar sem falla til hjá opinberum stofnunum og embættum eru afhendingar- og varðveisluskýld.

Þegar reglugerðin um Þjóðskjalasafnið var sett árið 1916 voru aðeins 7 ár liðin frá því að

safnið hafði flust í Safnahúsið við Hverfisgötu og mun þá hafa verið rúmt um safnið. Dr. Jón Þorkelsson mun hafa ónýtt lítið eitt af gögnum sem safninu bárust og hann taldi lítils virði. Hins vegar hafa aldrei verið settar neinar reglur um grisjun skjalasafna og aldrei hefur verið mörkuð nein stefna um það efni af hálfu Þjóðskjalasafns eða hlutaðeigandi ráðuneytis hversu standa skuli að því að grisja skjalasöfn og velja úr skjöl til varðveislu.

Vegna þess að menn hafa veigrað sér við að horfast í augu við þá staðreynd að óhjákvæmilegt er að grisja skjalasöfn verulega og að slík grisjun er forsenda þess að unnt sé að geyma þau skjöl sem meira virði eru talin, hefur geymsla skjala orðið vandamál víða í stjórnkerfinu. Ríkisendurskoðun hefur ekki talið sig hafa heimild til þess að ónýta sjálf eða heimila stofnunum sem hún endurskoðar að ónýta bókhaldsgögn. Embættismenn sem hafa leitað eftir fyrirmælum frá ráðuneytum sínum um varðveislu eða grisjun skjalasafna munu aldrei hafa fengið nein ákveðin svör. Svo virðist sem enginn telji sig hafa heimild til þess að taka af skarið og leyfa ónýtingu embættisgagna og hvarvetna er landlægur ótti við að aðhafast nokkuð í þessu efni. Þess í stað hafa ýmsar ríkisstofnanir og embætti fyllt allar smugur og skúmaskot sem þær eiga innangengt í með gögnum sem í ýmsum tilvikum virðast ekki hafa mikið heimildargildi. Oft og tíðum er lítil sem engin regla á þessum gögnum, þannig að vonlaust virðist að finna þar nokkurn hlut þó á því þyrfti að halda, svo að geymsla gagnanna virðist ekki þjóna miklum tilgangi. Jafnframt virðist það ljóst að Þjóðskjalasafni verður aldrei sköpuð aðstaða til þess að taka við öllum þessum kynstrum af pappírnum. Einfaldar reglur um grisjun bókhaldsgagna myndu leysa mikinn vanda, draga úr húsnæðisþörf og spara fjármuni. Með einföldum reglum mætti létta mikið á stofnunum og draga úr þörf fyrir geymsluhúsnæði. Þá myndu einnig skapast skilyrði til þess að geyma betur skjöl sem úr yrðu valin til varanlegrar varðveislu og gera þau aðgengileg.

Þess finnast raunar dæmi að stofnun hafi byrjað að vinna að grisjun skjalasafns síns með skipulegum hætti. Póstur og sími mun einungis geyma fylgiskjöl í 7 ár. Aðalbókari stofnunarinnar kvaðst hafa neyðst til þess að ákveða þetta upp á sitt einsdæmi, því að enginn hefði viljað eiga síðasta orðið. Í gömlu símsstöðinni í Hafnarfirði er til húsa nýlega stofnað minjasafn Pósts og síma. Þar er einnig skjalasafn þar sem varðveitt eru m. a. elstu gögn frá embætti póstmeistarans í Reykjavík og landssímastjóra. Einnig eru þar ýmiss konar önnur gögn. Er sérstakur starfsmaður við það að grisja skjalasafnið og hefur hann samráð við aðalendurskoðanda stofnunarinnar. Haldin er skrá yfir það sem ónýtt er, og er tiltekinn ákveðinn ónýtingarfrestur fyrir hinar ýmsu tegundir gagna. Jafnframt eru geymd sýnishorn þeirra gagna sem eru ónýtt, t. d. mánaðarreikningar stöðvanna. Þessi gögn hafa lítið upplýsingagildi og þau hafa verið færð á sína liði svo að upplýsingar þeirra koma fram annars staðar. Störf af þessu tagi er einungis unnt að vinna í stofnununum sjálfum, þar sem enginn aðili utan þeirra þekkir nægilega vel til þess að geta leyst þau af hendi, svo að vel sé. En jafnframt er nauðsynlegt að Þjóðskjalasafn hafi rétt og skyldu til þess að fylgjast með því hversu stofnanir fara með gögn sín og að það geti gripið í taumana ef eitthvað virðist fara úrskaiðis.

3. Tillögur um grisjun skjalasafna.

a) Takmörkun safnvaxtar.

Unnt er að draga úr vexti skjalafordans eða hægja á honum með því að hamla á móti viðkomu skjala. Það má gera á tvennan hátt, með því að sneiða hjá því að framleiða skjöl og með því að koma í veg fyrir að óviðkomandi gögn berist inn í skjalasafnið og séu lögð þar upp. Hér er ekki vettvangur til þess að gera því efni skil, en bent skal á að eftir mætti ber að sneiða hjá óþörfum bréfaskiptum, t. d. milli deilda sömu stofnunar um minni háttar innri mál sem hægt er að leysa með samtölum. Þess mun gæta hjá sumum einkafyrirtækjum stórum að skriflegar orðsendingar og minnisblöð séu notuð stöðugt meira í daglegum

tjáskiptum innan fyrirtækis. Ekki er óeðlilegt að svipaðrar þróunar muni gæta hjá opinberum aðilum, en ef svo er verður að gæta þess að slík gögn verði grisjuð rækilega.

Víða í ráðuneytum eru uppköst bréfa (konsept) skrifuð á tvöfalda örki í folíóstærð, og þar eftir er bréfið skrifað og tekið af því samrit. Hægt er að farga uppkastinu í flestum tilvikum. Hugsanlegar athugasemdir og minnisgreinar mætti þá rita á afrit bréfsins eða á sérstakt blað.

Bréfabókin (kópíubók) var mikilvægt hjálpartæki í eldri skjalasöfnum, en hún er að mestu óþörf í velröðuðu (efnisflokkðu) skjalasafni. Sum ráðuneytin hafa hætt að binda bréfabækur en geyma afrit útsendra bréfa í tímaröð einungis skamman tíma og ónýta þau síðan. Mun það ekki hafa valdið neinum óþægindum, enda er afrit útsendra bréfa jafnan lagt í málið í málasafni.

Víða safnast fyrir á skrifstofum mikið af pappírnum sem eru ekki safntækir og sem á ekki að leggja upp með skjölum. Almennt má segja að hvorki prentaðar bækur, upplag prentuðum eða fjölfölduðum gögnum eða upplag eyðublaða sé skjalasafnstækt. Sama gildir um vinnupappíra, rissblöð, minnisblöð, aukasamrit og ljósrit. Slíkum gögnum á ekki að blanda saman við eiginleg skjöl. T. d. á ekki að leggja upplag fjölrítaðra bréfa eða gagna í málsmöppur. Oft er lítið á skjalasafnið sem geymslupláss, enda þótt erfitt sé að losna aftur við það sem einu sinni er komið þangað. Ekki á að geyma í skjalasafninu plögg almenns eðlis sem hafa verið send til tilkynningar og hafa ekkert gildi fyrir afgreiðslu mála. T. d. ætti að vera óþarfi að halda til haga öllu því ógrynni gagna varðandi alþjóðlegar stofnanir sem berast að.

Ef húsrými er fyrir hendi eru skjöl geymd í daglegu skjalasafni mun lengur en þörf er á. Þetta leiðir til þess að sums staðar eru óþarflega margir skjalaskápar og að skjalamöppur spanna yfir langt tímabil. Þegar á heildina er lítið mun óhætt að slá því föstu að óvíða tíðkast reglubundin rýming daglegra skjalasafna, og í ýmsum stofnunum virðist lítið sem ekkert hafa verið skeytt um afdrif eldri skjalagagna og tilviljun ein ræður oft hvað geymist og hvað verður glötun að bráð.

Með skipulegum flutningi skjala í nærsafn er unnt að nýta betur skrifstofuhúsnæði og skrifstofubúnað. Í nærsafni er hægt að pakka skjölum þéttar saman og nota ódýrari búnað og húsnæði. Auk þess verða vinnuaðstæður betri í daglega safninu, ef þar eru ekki miklar dyngjur ónotaðra skjala sem sjaldan eða aldrei þarf að grípa til. Skipulegur, reglubundinn flutningur skjala úr daglegu skjalasafni í nærsafn er einnig óhjákvæmileg forsenda þeirra tillagna sem nefndin hefur gert um grisjun skjalasafna.

Þess vegna er lagt til að skjalamöppum verði lokað í seinasta lagi 5 árum eftir að þær voru teknar í notkun, undanskilin þessari reglu eru samkynjaskjöl.

Þegar möppu er lokað þarf að rita athugasemd um það á hana. Hún er síðan flutt í nærsafnið ef hún er ekki af einhverjum ástæðum sérlega mikilvæg svo að hana verður að geyma með öðrum hætti.

Að lokum skal á það bent að skynsamlegt val pappírsstærðar og möppustærða getur sparað bæði rými og fé. Oft eru plögg höfð í folíóstærð eða óstöðluðum stærðum enda þótt blöð í stærðinni A4 dygðu fyllilega.

b) Reglur um grisjun skjalasafna.

Hér að framan hefur verið vikið að þeim atriðum sem hafa ber í huga þegar settar eru reglur um grisjun skjalasafna. Annars vegar verður að tryggja mikilvæg skjöl gegn eyðileggingu, hins vegar þarf að finna reglur sem eru fjárhagslega hagkvæmar og auðveldar í framkvæmd.

Árið 1954 voru teknar upp í Englandi reglur þar sem farið var inn á nýjar brautir í þessum efnum. Áþekkar reglur voru teknar upp í Noregi í byrjun 7. áratugarins og voru þær síðar endurskoðaðar en breytingar voru óverulegar. Þessar reglur miða að því í megin-

atriðum að grisjun fari fram í hinum skjalamyndandi stofnunum sjálfum að nokkru leyti. Með vissum undantekningum hefur stofnunum verið heimilað að ónýta sjálfar viss gögn í bréfasöfnum 5 árum eftir að máli lýkur, ef þær telja sig ekki hafa þörf fyrir gögnin vegna starfa sinna. Þetta er rökstutt með því að skjöl sem hafa einungis tímabundið gildi fyrir stofnun geti ekki haft varanlegt gildi fyrir fræðilegar rannsóknir. Þau gögn sem fyrst og fremst er hugsað til að hreinsa út með þessum hætti munu vera háttbundin skrif af margvíslegu tagi, t. d. mætti hugsa sér fylgibréf með reikningum, innheimtubréf, almennar fyrirspurnir o. fl. sem skiptir ekki máli fyrir afgreiðslu mála. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að hún treystir sér ekki til þess að leggja til að svona langt verði að svo komnu máli gengið í því að gefa stofnunum frjálsar hendur um ónýtingu skjala í málaföfnum sínum (bréfasöfnum). Nefndarmönnum virðist sýnt að, a. m. k. vegna þess hversu skjalavörslumálum hefur víða verið lítið sinnt héraendis, svo rúm heimild gæti leitt til skaða sem yrðu ekki bættir. Því leggjum við til að stofnunum verði gert að fara yfir skjöl sín 5 árum eftir að mál hafa verið afgreidd og gera skrá yfir þau gögn sem stofnunin telur að ónýta beri og verði síðan leitað samþykkis Þjóðskjalasafns á ónýtingunni. Þessi aðferð er að vísu töluvert seinlegri en sá háttur sem Bretar og Norðmenn hafa á, en ætti þó að geta skilað árangri ef reglunum verður fylgt eftir.

Skjöl sem geyma þarf lengur en í 5 ár vegna starfa stofnunarinnar skulu síðan skoðuð aftur þegar þau eru u. þ. b. 30 ára gömul. Ákvörðun um ónýtingu eða varðveislu er á þessu stigi einnig í höndum hlutaðeigandi stofnunar og fulltrúa Þjóðskjalasafns í sameiningu. Bæði við enska og norska ríkisskjalasafnið voru settar á stofn deildir, þar sem starfa eftirlitsmenn skjalasafna. Þeir starfa úti í stjórnsýslustofnunum, líta eftir skjalavörslu og gefa ráð um hana og fylgjast með og leggja á ráðin um grisjun skjalasafnanna.

Nefndin leggur til að svipað verði tekið upp héraendis en með talsvert þrengri heimild til þess að ónýta í fyrstu yfirferð. Grisjun skjalasafnanna færi þá fram í þremur áföngum.

a) Takmörkun skjalaviðkomu með því að grisja skjöl áður en þau eru vistuð í skjalasafni. Hreinsað verði úr möppum upplag af fjölfölduðu efni og prentuðu, rissmiðar, minnisblöð og þess háttar vinnupappírar og aukaplögg sem skipta ekki máli. Hlutaðeigandi stofnun sér um grisjunina á þessu stigi.

b) Grisjun á vegum stofnananna sjálfra fer fram innan tiltölulega stutts tíma eftir að skjölin hafa verið tekin úr daglegri notkun, eru orðin óvirk. Hlutaðeigandi stofnun ber ábyrgð á þessu stigi grisjunar í samráði við Þjóðskjalasafn. Hæfilegur frestur getur verið 5 ár. Aldur skjalanna er miðaður við dagsetningu síðasta bréfs í möppu. Það er forsenda þess, að skjalamöppur spanni ekki lengri tíma en 5 ár. Að undanskildum sérstökum skjölum, t. d. möppum með skjöl varðandi starfsmenn, lán til langs tíma eða skjöl varðandi fasteignir, skal loka skjalamöppum (málum) í síðasta lagi 5 árum eftir að mappan var tekin í notkun. Við mat á skjölum með tilliti til grisjunar skal miðað við heilar möppur og ekki skal tína úr eitt og eitt plagg.

Í þessari yfirferð leitast stofnanir og embætti við að meta hvort þörf muni verða fyrir skjöl vegna starfa stofnunarinnar í framtíðinni. Þau skjöl sem ekki er talið að hafi lengur hagnýtt gildi og sem sérstakar reglur gilda ekki um skulu ónýtt.

c) Grisjun með aðstoð sérfróðra manna frá Þjóðskjalasafni fer fram áður en skjöl eru afhent Þjóðskjalasafni (skjölin eru þá u. þ. b. 30 ára gömul). Í þessari yfirferð gerir stofnun tillögur um grisjun sem eru síðan metnar af fulltrúum Þjóðskjalasafns.

Skjalaflokkar sem í eru miklar dyngjur af sams konar málum, þ. e. skjöl, sem hafa að geyma sams konar upplýsingar um einstök tilvik, verða hér kölluð samkynjaskjöl og þurfa þau sérstakrar athugunar við. Ákvæðin um fyrstu og aðra yfirferð til grisjunar taka því ekki til þessara skjala. Um grisjun og ónýtingu samkynjaskjala þarf að taka ákvörðun í hverju tilviki og skal safnstjórn Þjóðskjalasafns ákveða varðveislutíma þeirra.

Forsenda þess að unnt sé að hafa þennan hátt á er að starfsfólk við skjalavörslu hljóti

uppræðslu og leiðbeiningar og að skjalavarsla verði sameinuð sem mest í hverri stofnun. Ef ekki eru aðstæður til þess að ráða sérstakan skjalavörð sem sinni skjalavörslu fyrst og fremst eða eingöngu þarf að minnsta kosti að fela ákveðnum starfsmanni að hafa yfirumsjón með skjalaframleiðslu stofnunarinnar. Sérstakir starfsmenn Þjóðskjalasafns þurfa að líta eftir skjalavörslu og veita stofnunum ráð og leiðbeiningar.

VIII.

Álitsgerð um skjalavörslu stjórnvalda.

1. Skjalavarsla.

a) Húsnæði og umbúnaður.

Skjöl eru geymd með ýmsum hætti sem ræðst af notkun þeirra. Trúnaðarmál og sérlega verðmæt eða mikilvæg skjöl eru í sérflokki, og þarf að geyma þau með sérstökum hætti. Umfang slíkra skjala er svo lítið hlutfallslega miðað við heildarmagn skjala í stjórnkerfinu að ekki verður hér hugað nánar að þeim. Venjuleg skjöl og gögn eru yfirleitt geymd fyrst í stað í skrifstofuherbergjum eða í námunda við þau. Venjulegasti umbúnaður er skjalaskápar með skúffum sem í eru hengipokar eða hlistæður búnaður. Á seinustu árum hafa komið á markaðinn skúffulausir skápar. Í þeim eru sex raðir lóðréttra hengipoka og er skjalamöppum stungið í pokana ofan frá. Þessir skápar nýta gólfrymi mun betur en skúffuskápar.

Þessi umbúnaður er fremur dýr og rúmfrekur, og í vel skipulögðu skjalasafni eru skjölin flutt í nærsafn (þ. e. geymslusafn, sums staðar kallað lokasafn), þegar ekki er lengur þörf fyrir skjölin í daglegu safni. Í Stjórnarráði Íslands eru dagleg skjalasöfn rýmd þannig að skjalamöppur eru teknar úr skjalaskáp jafnóðum og möppurnar fyllast. Skjalamöppur spanna því yfir mjög mislangt tímaskeið og er af þeim sökum nær ógerlegt að átta sig á því hversu mikil viðkoma skjala er frá ári til árs, og þá jafnframt hversu mikið hver árgangur vex. Aðeins í einu ráðuneyti, iðnaðarráðuneytinu, mun safnið daglega rýmt með reglubundnu millibili. Þar eru skjölin tekin úr skjalaskápunum á tveggja ára fresti og möppurnar settar í rétttri röð í öskjur. Þetta eru vinnubrögð sem allar stofnanir þyrftu að temja sér. Skjalasafnið verður þá afmarkað í árganga sem geta verið misstórir, t. d. tvö ár, fjögur ár eða fleiri eftir atvikum. Með þessu móti er unnt að sjá hver stærð hvers árgangs er og hversu þeir vaxa. Einnig yrði auðveldara að breyta bréfalykli. Endurnýjaður bréfalykill yrði þá tekinn upp um áramót og notaður við röðun nýrra skjala. En eldri lykla yrði að geyma og gengju þeir þá að eldri árgöngum.

Í nærsöfnum er umbúnaður einfaldari en í daglegum söfnum, yfirleitt skjalaöskjur í hillum. Sums staðar hafa verið settir upp stálskápar á rennibrautum. Þeir spara mikið rými, þar sem einungis þarf að gera ráð fyrir sem svarar einum gangi milli þeirra, og má gera ráð fyrir að þeir rúmi u. þ. b. 60% meira en fastar hillur. Ekki eru skápar og hillur nýttar sem skyldi alltaf. Sums staðar eru möppur lagðar lausar í hillurnar í stað þess að setja þær í öskjur og nýtist þá rýmið mun verr við það. Rétt er að leggja á það áherslu að það verður langóðyrast fyrir ríkið, þegar til lengdar lætur, að vel sé búið um skjölin í traustum og varanlegum öskjum um leið og þau eru sett í nærsafn. Flutningur þeirra í Þjóðskjalasafn síðar meir verður þá auðveldari og ódýrari og það sparar mikið fé, ef ekki þarf að umpakka skjölunum og setja þau í nýjar umbúðir þegar Þjóðskjalasafn tekur við þeim til varðveislu. Yfirleitt eru nærsöfnin höfð í ódýrara húsnæði en daglegu söfnin, t. d. í kjöllum og geymslukompum. Sum ráðuneyti og stofnanir hafa neyðst til þess að koma sér upp sérstökum fjärsöfnum, þ. e. skjalageymslum úti í bæ fjarri skrifstofuhúsnæði, vegna þess að Þjóðskjalasafn hefur ekki haft aðstöðu til þess að taka við skjölum svo nokkru nemi. Það virðist vera sameiginlegt einkenni þessara fjärsafna að lítið er um þau hirt og lítil sem engin regla mun vera á röðun skjalanna.

b. Tilhögun skjalavörslu.

Þegar rætt er um skipulagningu og tilhögun skjalavörslu eru það einkum tvö atriði sem gefa þarf gaum að. Annað er sérhæfing við skjalavörslustarfið. Hitt atriðið fjallar um það hvort vera eigi eitt sameiginlegt skjalasafn hjá stofnun eða hvort skjölin eigi að geyma dreifð um stofnunina. Í öllum íslenskum ráðuneytum er sameiginlegt skjalasafn fyrir allt ráðuneytið og þar eru víðast hvar skjalaverðir sem sinna eingöngu eða fyrst og fremst skjalavörslu. Í hinum stærri ráðuneytum munu jafnframt vera deildir sem geyma sjálfar skjöl sín að meira eða minna leyti.

Skrifstofur íslenska stjórnkerfisins eru flestar smáar í sniðum. Skjalavarsla getur því sjaldnast verið heilsdagsstarf, og er hún gjarnan tengd öðrum störfum, t. d. vélritun eða bókavörslu og öðrum skrifstofustörfum. Forstöðumenn hafa sjaldnast tíma til eða áhuga á að láta skjalavörsluna til sín taka og þeir eru yfirleitt ekki sérfróðir um skrifstofutæknileg efni. Ráðuneytin munu ekki hafa haft nein afskipti af skjalavörslu stofnana og embætta sem undir þau heyra, og yfirleitt hafa embætti og stofnanir ráðað skjölum sínum eftir sínu höfði. Almennt hefur sérhæfing á sviði skjalavörslu verið lítil sem engin, og víða er ekki farið eftir neinu skjalavistunarkerfi við röðun og geymslu skjala. Það virðist tíðkast víða að skjöl séu á víð og dreif í stofnunum, ekkert sameiginlegt skjalasafn eða skjalageymsla sé fyrir stofnunina og enginn hafi yfirsýn yfir þau gögn sem til falla hjá stofnuninni. Hending ein ræður því svo hvað um skjölin verður þegar þau missa hagnýtt gildi sitt.

Fyrir embætti og stofnanir er það mikilsvert að röð og regla ríki í skjalasafninu. Það tryggir að á hverjum tíma sé unnt að hafa uppi á bréfum og skjölum þegar til þeirra þarf að grípa. Gott skipulag og regla skjalasafns er því liður í markvissri stjórnun og getur greitt fyrir ákvarðanatöku. Ef skjalasafn stofnunar er í vanhirðu leiðir það til þess að skjalaleit tekur oft óhæfilega langan tíma og ber hugsanlega ekki alltaf árangur.

Nefndin bendir á það að skjalavörslustarfið þarf að sérhæfa eftir því sem kostur er. Í hverju ráðuneyti þarf að vera skjalavörður sem fylgist náið með allri skjalaframleiðslu ráðuneytisins og lítur eftir þeim skjölum sem geymd eru utan sameiginlega skjalasafnsins. Einnig á skjalavörðurinn að hafa umsjón með fjärsafni (þ. e. a. s. skjalageymslu fyrir eldri skjöl sem staðsett er utan skrifstofuhúsnæðisins) ef því er til að dreifa. Einnig þyrftu ráðuneytin að láta til sín taka skjalavörslu þeirra embætta og stofnana sem undir þau heyra, stuðla að samræmingu bréfalykla og veita leiðbeiningar um tilhögun og skipulag skjalavörslu og um búnað. Í stærri ráðuneytum, embættum og stofnunum þarf einnig að fela sérstökum starfsmanni að líta eftir skjalaframleiðslu hlutaðeigandi stofnunar og hafa umsjón með varðveislu eldri, óvirkra skjalagagna. Sérhæfing við skjalavörslu er ekki framkvæmanleg nema í stórum einingum. Þess vegna þarf að sameina skjalavörsluna sem mest í hverri stofnun. Yfirleitt eru stofnanir það smáar í sniðum og vanbúnar starfslíði að ekki eru tók á því að ráða sérstakan skjalavörð. Í flestum tilvikum yrði því umsjónarmaður skjalavörslu að sinna öðrum verkefnum jafnframt. En mikilsvert er að skjalavarslan verði tekin föstum tókum, hún skipulögð, og að einhver starfsmaður hafi yfirlit yfir alla skjalaframleiðslu hverrar stofnunar og líti eftir henni. Jafnframt þarf að vera kostur á ráðgjöf og uppfræðslu á þessu sviði, t. d. um gerð og notkun nýrra og, eftir því sem við verður komið, samræmdra bréfalykla. Slík leiðbeiningarstarfsemi þarf að fara fram á vegum Þjóðskjalasafnsins í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Sérhæfing við skjalavörslu og sameiginleg yfirumsjón kemur ekki í veg fyrir að hluta af skjölum stofnunarinnar sé hægt að geyma á notkunarstað. Ákvörðun um það hvort skjöl eru geymd í sameiginlegu skjalasafni stofnunar eða á víð og dreif um stofnunina er komin undir ýmsum staðbundnum atriðum. Aðstæður verður að skoða og meta í hverju tilviki og síðan verður að velja þá lausn sem hæfir best aðstæðum á hverjum stað.

Skjalasafn hvers ráðuneytis og hverrar stofnunar þarf að sameina á einum stað í skjalasafni, sem er sameiginlegt fyrir allt ráðuneytið eða stofnunina. Ef stofnunin er til húsa

á fleiri en einum stað, ætti að vera eitt skjalasafn í hverri byggingu. Skjalavörðurinn á að geta heimilað að skjöl sem hafa sérstakt gildi fyrir tiltekinn starfsmann eða hóp starfsmanna verði geymd á notkunarstaðnum. Sem dæmi um slík skjöl má nefna teikningar og reikninga. Skjöl sem geymd eru utan hins sameiginlega skjalasafns eiga að vera undir eftirliti skjalavarðar.

2. Röðun og geymsla skjala.

a) Röðunarreglur í skjalasöfnum. Bréfalyklar.

Bréfum má raða með ýmsum hætti. Fyrir á tímum raðaði Stjórnarráðið bréfum sínum eftir dagbókarnúmerum. Hvert mál fékk þá dagbókarnúmer þegar það var tekið upp, og önnur bréf varðandi málið voru skráð undir sama dagbókarnúmer. Svarbréfið fékk þá sama númer og innkomið bréf, og var því konsept og innkomið bréf geymt saman. Bréfadagbókin var þá ómissandi hjálpartæki við leit að bréfum. Í henni voru tengd saman bréf sem vörðuðu sama mál. Þetta kerfi átti langa hefð að baki og má rekja rætur þess til íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn og fyrirrennara hennar, kansallís og rentukammers. Þessi háttur við skjalavistun hefur nú verið lagður niður víðast hvar hérlendis, ef ekki alls staðar.

Af öðrum einfaldari aðferðum við röðun bréfa má nefna tímaröð, stafrófsröð eftir nöfnum viðtakenda/sendanda bréfa og efnislega röðun. Efnisleg röðun getur verið með ýmsu móti. Hægt er að miða við mismunandi hliðar máls, eftir því í hvaða samhengi mál er skoðað. Enn fremur má raða málum innbyrðis með ýmsum hætti, t. d. í stafrófsröð eftir málsheitum, nafni hlutaðeigandi aðila eða landfræðilega eftir svæðum eða þá eftir stighækkandi (híerarkísku) efnisflokkunarkerfi.

Í umfangsmiklum flokkum samkynja skjala eru málin gjarnan auðkennd með hlaupandi númerum og þau geymd í númeraröð, sbr. fylgiskjöl reikninga. Einnig færast það í vöxt að bréfasöfnum sé raðað eftir efni, þannig að skyld mál séu höfð saman og þeim raðað eftir skipulegu, stighækkandi (híerarkísku) flokkunarkerfi. Málum eru þá gefin skjalanúmer samkvæmt tugstafakerfi eða dúplexnúmerakerfi.

Röðun samkvæmt hinu gamla kansallískerfi, sem lýst var lítilega hér að framan, er óhagkvæm í nútímaskjalasöfnum með öllu því pappírslóði sem þar er. Þess vegna hafa orðið breytingar á röðunarreglum í skjalasöfnum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana. En engin ein aðferð hefur orðið ríkjandi í stað hinnar gömlu, hver hefur farið sína leið og árangurinn orðið ærið misjafn. Sums staðar er málum einungis raðað í stafrófsröð eftir málsheitum sem eru valin eftir því sem best virðist hverju sinni, án kerfisbindingar eða skipulags. Engin málaskrá er til og ekkert skipulegt yfirlit yfir málafnið, þannig að ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvaða skjöl það hefur að geyma.

b) Tillögur um samræmdan bréfalykil (flokkunarkerfi)

Það skiptir meginmáli að bréfalykill (flokkunarkerfi, sem bréfum og skjölum er raðað eftir) geri kleift að finna skjöl fljótt og fyrirhafnarlítið þegar til þeirra þarf að grípa aftur. Ef þörf er á því að raða hluta skjalasafnsins í stafrófsröð eftir nöfnum samskiptaaðila, t. d. hjá félagsmálastofnunum, eða eftir götunúmerum og húsnumurum hjá byggingafulltrúum, er engin ástæða til þess að þröngva þeim hluta skjalasafnsins undir reglur efnisröðunarkerfis.

Hins vegar hefur reynslan bæði hérlendis og erlendis leitt það í ljós að hagkvæmt er að raða stórum hluta skjalasafna hins opinbera kerfisbundið eftir málefnum. Nefndin telur að það sé ótvíræður kostur að viss samræming komist á við uppbyggingu slíkra skjalasafna í stjórnkerfinu. Í sumum löndum tíðkast sameiginlegur bréfalykill fyrir öll málafni í stjórnkerfi ríkisins. Í þessu sambandi má einkum nefna Holland. Þar er notað UDC (Universal Decimal Classification) kerfið sem hefur verið aðlagð þörfum skjalasafna.

Tvennt mælir gegn því að slík skipan verði innleidd hérlendis. Annað er það að slíkt allsherjarflokkunarkerfi yrði mjög flókið og gerði miklar kröfur um þjálfun og menntun

starfsmanna. Hitt er það að sum ráðuneytin hafa tekið upp efnisflokkaða, stighækkandi (hierarkíska) bréfalykla sem hafa reynst mjög vel, og er ekki ástæða til þess að breyta þeim. Yngstu ráðuneytin, sjávarútvegs-, iðnaðar- og samgönguráðuneytin, svo og landbúnaðar-ráðuneytið, hafa tekið upp bréfalykla eftir norski fyrirmynd sem byggist á tugstafakerfinu.

Enda þótt ekki sé ástæða til þess að ganga svo langt að fyrirskipa flokkunarkerfi í smæstu smáatriðum áynnist margt ef viss samræming kæmist á við bréfaröðun. Hagræði væri að því fyrir embættin sjálf, og það myndi greiða fyrir notkun skjalasafnanna síðar, eftir að þau hafa verið afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu.

Þess vegna er lagt til að efnisröðuð málaföfn verði byggð upp á tugstafakerfi. Þessir bréfalyklar eru þannig úr garði gerðir að öllu verksviði stofnunarinnar er skipt í mest 10 meginflokka. Hverjum þessara meginflokka er skipt aftur í tíu aðalflokka, og þannig er hægt að sundurgreina áfram koll af kalli, svo lengi sem þurfa þykir. Þegar hentugt þykir er hægt að hætta að sundurgreina í tugstafaflokka og sundurgreina áfram með öðrum hætti sem heppilegt þykir fyrir þau skjöl sem í hlut eiga. Þannig má t. d. raða skjölum sem varða starfsmenn í stafrófsröð. Skjölum í hverri möppu er svo oftast raðað í tímaröð.

Hver stofnun þarf að hafa sameiginlegan bréfalykil. Samning flokkunarkerfis (bréfalykils) fyrir skjalasafn krefst mikillar og vandasamrar vinnu. Það væri óhagkvæmt að slík vinna yrði unnin sérstaklega fyrir hverja og eina stofnun þegar um er að ræða stofnanir sem starfa á sama stjórnarsýslusviði. Auk þess væru miklir kostir samfara því ef slíkar hliðstæðar stofnanir hefðu sameiginlegan bréfalykil. Þá er t. d. hægt að rita tilvísanir (skjalanúmer) á öll bréf sem fara milli hliðstæðra stofnana og tilvísanir merktu þá hið sama hjá sendanda og viðtakanda bréfs. Einnig kæmi slík samræming sér vel þegar menn flytjast milli embætta eða leysa af í öðrum embættum. Þá þyrftu menn ekki að setja sig inn í nýtt skjalavistunarkerfi á hverjum stað. Enn fremur opnuðust möguleikar á því að gera sameiginlegan lista yfir skjöl sem stofnanir á ákveðnu stjórnarsýslusviði mættu ónýta.

Lagt er til að á sviðum sem eru sameiginleg öllum stjórnarsýslustofnunum og embættum verði notað sams konar flokkunarkerfi. Þetta má gera með þeim hætti að tugstafakerfi verði lagt til grundvallar við samningu bréfalykla og að fyrstu meginflokkarnir verði atlaðir fyrir sameiginlegu (almennu) málin, aðra meginflokka hefðu þá stofnanir og embætti til umráða fyrir sérmál sín.

Fyrstu meginflokkarnir geta verið:

0 Almenn, stjórnkerfi og stjórnarsýsla.

1 Fjármál.

2 Starfsmannahald.

Greinargerð þessari fylgir uppkast af bréfalykli sem norska ríkisskjalasafnið gaf út í samvinnu við Hagsýslustofnun og fjármálaráðuneyti þar. Þess má geta að bréfalyklar yngri ráðuneytanna héraendis, sjávarútvegs-, iðnaðar- og samgönguráðuneyta, eru sniðnir eftir þessu kerfi, landbúnaðarráðuneytið tók síðan sameiginlegu málin í bréfalykli samgönguráðuneytisins til fyrirmyndar við bréfalykilsgerð sína, en þar sem sameiginlegu málunum sleppti var flokkunarkerfið sniðið eftir sérmálum ráðuneytisins. Bréfalykill iðnaðarráðuneytisins er fylgiskjal með álitserðinni.

c) Ferill skjalanna í embættum.

Ný skjöl bætast stöðugt við í skjalasafnið og eldri skjöl tapa smátt og smátt hagnýtu gildi við stjórnarsýslustörf. Þess vegna þarf einnig að flokka skjöl með tilliti til aldurs. Í stórum dráttum má skipta ferli skjala í virkt stig, hálfvirkt stig og að lokum er því stigi náð þegar skjöl hafa lítið eða ekkert hagnýtt gildi að því er tekur til stjórnarsýslustarfa. Til þessa þróunarferils svarar skipting skjalasafnsins í virkt skjalasafn (daglegt safn), nærsafn og fjarsafn. Oftast er það skortur á húsrými en ekki þörfin fyrir skjölin sem ræður því hvenær þau eru flutt.

3. Skráning pósts.

a) Bréfadagbækur og gildi þeirra.

Skráning pósts getur verið með ýmsu móti. Í öllum ráðuneytunum eru færðar bréfadagbækur. Þar eru skráð í stafrófsröð eftir nöfnum sendenda og/eða viðtakenda öll bréf sem um hvert ráðuneyti fara. Í bréfadagbókina er færður útdráttur úr efni bréfs og skjalanúmer eða málsheiti sem bréfunum er raðað eftir. Í öðrum stofnunum og embættum munu óvíða vera haldnar bréfadagbækur. Í skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík eru bréf færð á laus spjöld sem er raðað eftir skjalanúmerum, en þar er UDC kerfið notað til að flokka bréfin og raða þeim. Eitt spjald er fyrir hvert mál eða málaflokk.

Bréfadagbókin getur verið handhægt hjálparkæmi við leit að bréfum en notkunarmöguleikarnir eru undir því komnir hvernig hún er sett upp. Ef skráð er í hana í stafrófsröð eftir nöfnum sendenda/viðtakenda bréfa auðveldar hún leit þegar spurt er um bréf út frá nafni. Aðalgildi hennar felst oftast í því að hún gerir kleift að ganga úr skugga um hvort bréf hafi borist og enn fremur er hægt að nota hana til þess að fylgjast með því að bréfum sé svarað og mál dagi ekki uppi í stofnun. Í hana má t. d. skrá hver fær mál til meðferðar, svo að hægt sé að fylgjast með því hvar skjölin eru niðurkomin þegar unnið er að nýjum málum. Þegar leitað er að málum aftur í tímann getur bréfadagbókin flýtt fyrir.

Færsla bréfadagbókar er tímafrekt verk, og það verður að meta út frá aðstæðum á hverjum stað hvort ástæða sé til að leggja í þá vinnu sem hún útheimtir. Einnig getur bréfadagbók komið að góðum notum ef skjöl berast burtu af einhverjum ástæðum og finnast ekki. Í vel skipulögðu, efnisröðuðu skjalasafni er síður þörf á bréfadagbók en t. a. m. í málaflokkum sem raðað er með öðrum hætti.

Auk bréfadagbóka getur ýmis önnur skráning komið til greina, t. d. bréfaregistur, málaskrá í stafrófsröð o. s. frv. Um slík registur og skrár gildir sama og um bréfadagbók, það verður að meta á hverjum stað hver þörfin er fyrir slíka skráningu.

b) Tölvunotkun við skráningu bréfa.

Óhætt er að fullyrða að lélegt skjalavistunarkerfi er ekki hægt að bæta með því einu að nota tölvur við bréfaskráninguna. Gott tölvuskráningarkerfi útheimtir bréfalykil sem getur jafnframt gegnt hlutverki sínu þó skráningin sé með hefðbundnum hætti. Ef póstur er skráður í tölvu er hægt að gera allar færslur við hvert bréf einu sinni, og þarf þá ekki að fara bréfadagbók né aðrar skrár. Þar sem bréfadagbækur eða aðrar skrár yfir póst eru ekki færðar yrði að sjálfsgöðu ekki um vinnuspárnað að ræða. Aðalkostur tölvunotkunar við bréfaskráningu er sá að með því að velja rétt kerfi opnast betri möguleikar til að leita að flóknum, samvinnuðum upplýsingum en áður. Rétt er að leggja á það áherslu að kostirnir koma einungis í ljós þegar leitað er að flóknum, samvinnuðum upplýsingum. Ef leitað er t. d. að möppu með skjölum varðandi tiltekinn starfsmann og möppunum er raðað í stafrófsröð er engin ástæða til þess að nota tölvu við slíka leit. Ef aftur á móti leitað er að skjölum varðandi starfsmann sem uppfyllir viss skilyrði, hefur t. d. starfað á ákveðnum deildum og tekið þátt í vissum námskeiðum en er yngri en 35 ára, er með skjótum hætti hægt að finna hvaða starfsmenn uppfylla þessi skilyrði. En auðvitað verður þá tölvan að hafa verið mötuð á þeim upplýsingum sem leitað er að, um alla starfsmenn.

Málaflokkur íslenskra embætta og stjórnsýslustofnana eru yfirleitt ekki svo umfangsmikil að það geti svarað kostnaði að taka upp tölvuskráningu bréfa. Tölvuvæðingu mundi fylgja verulegur kostnaður þar sem hanna þyrfti sérstök skráningarkerfi, kaupa búnað og þjálfar starfsfólk. Önnur verkefni virðast brýnni á sviði skjalavörslu fyrst um sinn a. m. k., enda er, eins og áður sagði, gott skjalavistunarkerfi forsenda árangursríkrar tölvuskráningar bréfa. Þróun á sviði tölvubúnaðar er mjög hröð og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem gerist á þessu sviði með hliðsjón af skráningu bréfa.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn Íslands, héraðsskjalasöfn og skjalavörslu opinberra stofnana.

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður stjórnar rekstri safnsins og kemur fram fyrir þess hönd. Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum þjóðskjalavardar. Stefnt skal að því að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun. Um fjölda starfsmanna fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk safnsins er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda, opinberra stofnana, einstaklinga og annarra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við bréf, símskeyti, minnisblöð, frásagnir, fundargerðir og hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar sem orðið hafa til við stjórnsýslu eða aðra starfsemi á vegum opinberrar stofnunar hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, upprætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.

Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.

3. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

- 1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila, sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 4. gr. þessara laga,
- 2) líta eftir skjalasöfnun afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og ónýtingu skjala, sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar skulu hlíta fyrir mælum þeim um skráningu, flokkun og frágang skjala er felast í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim,
- 3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
- 4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
- 5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
- 6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
- 7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,

- 8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
- 9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
- 10) reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess,
- 11) gefa út árbók,
- 12) efna til sýninga á sögulegum heimildum.

4. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, ráðuneytin og þær stofnanir sem undir þau heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök, sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi í fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Heimilt er öðrum en hér eru greindir að æskja þess að Þjóðskjalasafn taki við til eignar og vörslu skjalagögnum og metur þá þjóðskjalavörður og ráðgjafarnefnd hverju sinni hvort orðið skuli við slíkri beiðni. Engin skilyrði mega fylgja slíkri afhendingu sem ekki samrýmast almennum reglum safnsins.

5. gr.

Afhenda skal skjöl til Þjóðskjalasafns eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Skjalabækur skal afhenda safninu ekki síðar en fimmtíu árum eftir að ritun þeirra hófst. Þjóðskjalavörður getur í samráði við stofnun þá er hlut á að máli lengt þennan frest eða stytzt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkur gögn í skjalasöfnun sínum umfram það sem segir í lögum þessum, nema heimild Þjóðskjalasafns komi til, sbr. 18. gr.

7. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir, ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir sem fá skjöl að láni bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

Öll útlán Þjóðskjalasafns skulu skráð í sérstaka bók og skal lántakandi kvitta fyrir viðtöku þeirra.

8. gr.

Um aðgang að skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og notkun þeirra skal ákveðið í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.

9. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

10. gr.

Þjóðskjalaverði til aðstoðar skal vera fjögurra manna ráðgjafarnefnd, er menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn, þannig: sagnfræðing samkvæmt tillögu rektors Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna Þjóðskjalasafns, einn samkvæmt tillögum forstöðumanna héraðsskjalasafna, og hinn fjórða án tilnefningar og skal hann vera úr hópi hæstaréttarlögmannna, lagaprófessora eða fyrrverandi hæstaréttardómara. Er hann formaður nefndarinnar. Þjóðskjalavörður á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti en eigi atkvæðisrétti. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla, ásamt þjóðskjalaverði, um eyðingu gagna í skjalasöfnum sem lög þessi taka til, ef slíkra aðgerða telst þörf. Einnig getur þjóðskjalavörður leitað álits nefndarinnar um önnur mál er hann telur miklu varða í rekstri safnsins. Ráðgjafarnefnd getur kvatt sér til aðstoðar innlenda sérfræðinga eftir eðli máls sem til meðferðar er.

Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Utanbæjarmenn skulu auk þess fá greiddan ferða- og dvalarkostnað eftir gildandi reglum á hverjum tíma. Halda skal gjörðabók um störf nefndarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni, en verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur samkvæmt tillögu þjóðskjalavardar heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl þeirra bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga sem hlut eiga að máli, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavardar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur og gera um það samning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni aðvörun ekki sinnt, skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila, sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppsstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulegs styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.

14. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

15. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

16. gr.

Opinberar stofnanir skulu haga skráningu skjala sinna þannig að séð verði frá hverjum erindið er, hvaða dag og ár það barst, hvenær það er ár-/og dagsett, um hvað það fjallar, hvenær erindinu var svarað og á hvern veg og tilgreina skal tilvísun í skjalasafn. Erindi skulu skráð í þeirri röð sem þau berast. Skjöl skulu varðveitt í skjalabindum og skjalaskápum og þannig frá þeim gengið að öllu leyti að þau varðveitist á öruggan hátt og óskemmd. Auk þess sem samrit svarbréfa eða símskeyta stofnunar skulu lögð í skjalabindi, þá skulu eintök lögð í dagsetningaröð og í árslok bundin inn og varðveitt í stofnuninni uns þau afhendast Þjóðskjalasafni að liðnum afhendingarfresti.

17. gr.

Kveðið skal nánar á um í reglugerð hvers konar skráningarkerfi skuli notað í opinberum stofnunum, en það skal eftir því sem unnt er vera samræmt fyrir allar stofnanir sem afhendingarskyldar eru til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna og vera í samræmi við skráningarkerfi Þjóðskjalasafns, þannig að eigi þurfi að endurskrá gögn þegar þau koma í Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Í skjalasöfnum embættis Forseta Íslands, Alþingis, Hæstaréttar, Háskóla Íslands, ríkissaksóknara og ráðuneyta má aldrei neinum skjölum eyða, nema um aukaeintök sé að ræða af frumriti. Í öðrum skjalasöfnum skal eyða, áður en þau afhendast Þjóðskjalasafni, aukaeintökum (þ. e. afritum eða ljósritum) af frumritum í söfnunum, og fylgiskjölum með ársreikningum sem hlotið hafa fullnaðarendurskoðun og afgreiðslu. Ef um er að ræða gögn er varða umdeild atriði, er endurskoðendur hafa gert athugasemdir við, þá skulu þau varðveitt.

Fylgiskjölum með þeim liðum endurskoðaðra reikninga opinberra stofnana sem ekki hafa sætt athugasemdum, má eyða þegar stofnun sú, sem í hlut á, telur það edlilegt.

Að öðru leyti skulu forstjórar hvernar ríkisstofnunar í samráði við þjóðskjalavörð og ráðgjafarnefnd Þjóðskjalasafns ákveða hverju skuli eyða í skjalasöfnum hvernar stofnunar, en meginreglan skal vera að varðveita sem mest.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 12. febrúar 1947 um héraðsskjalasöfn og lög nr. 13 17. mars 1969 um Þjóðskjalasafn Íslands.

G r e i n a r g e r ð .

I.

Hinn 3. apríl 1982 átti starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands aldarafmæli. Var þeirra tímamóta minnst m. a. með samkomu í lestrarsal safnsins í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þar skýrði þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, frá því að hann hefði þann dag skipað nefnd til þess að hyggja að málefnum safnsins. Bréfið um þetta er þannig:

„Hér með eruð þér, herra ráðuneytisstjóri, skipaður formaður í nefnd til þess að fjalla um þróun Þjóðskjalasafns og fyrirkomulag opinberra skjalavörslu næstu 20 ár hér á landi. Skal nefndin í því sambandi huga að hlutverki héraðsskjalasafna og tengslum þeirra við Þjóðskjalasafn. Einnig skal nefndin kanna, hvort unnt sé að leggja ríkari skyldur en nú er á atvinnufyrirtæki og umsvifamiklar opinberar stofnanir um skjalageymd og safnþjónustu í tengslum við Þjóðskjalasafn. Þá skal nefndin rannsaka ýtarlega hugmyndir um grisjun

embættisskjala. Nefndinni ber að athuga sérstaklega hvern hlut tækni af ýmsu tagi getur átt í hagstæðri þróun Þjóðskjalasafns og almennri skjalavörslu.

Nefndinni ber að leggja mikla áherslu á að meta húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns. Skal nefndin gera tillögur um, hvernig hagfelldast verði að fullnægja húsnæðisþörfinni eins og hún verður metin, enda verði höfð hliðsjón af því að Þjóðskjalasafni er ætlað að fá til eigin nota allt Safnahúsið við Hverfisgötu, þegar Landsbókasafn flyst þaðan í Þjóðarbókhöllu.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis þá sérfræðinga, sem hún telur nauðsyn bera til, enda hafi hún að jafnaði um það samráð við menntamálaráðherra.

Í nefnd þessa hafa verið skipaðir auk yðar, hr. ráðuneytisstjóri, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ingvar Gíslason.

Runólfur Þórarinnsson.

Hr. Birgir Thorlacius
ráðuneytisstjóri,
Bólstaðarhlíð 16, 105 Reykjavík.“

Nefndin hélt fyrsta fund sinn skipunardaginn og alls hefur hún haldið 10 fundi, þ. á m. einn með starfsfólki Þjóðskjalasafns. Auk þess hafa verkefni nefndarinnar verið rædd við ýmsa aðila án þess að um formlega fundi hafi verið að ræða. Með samþykki ráðherra fékk nefndin hingað til lands dr. Harald Jörgensen, fv. landsskjalavörð í Danmörku, en hann hefur mjög gaumgæft hvernig grisja megi hinn mikla skjalaskóg, en varðveita þó þau skjalagögn sem talið er að mestu máli skipti. Áttu nefndarmenn ýtarlegar viðræður við dr. Harald Jörgensen í Reykjavík í maímánuði 1982 og báðu hann að þeim viðræðum loknum um skriflega álitserð. Er hún fylgiskjal með greinargerð þessari.

Hinn 24. október 1980 hafði menntamálaráðherra falið þeim dr. Aðalgeiri Kristjánssyni skjalaverði í Þjóðskjalasafni, dr. Gunnari Karlssyni prófessor og Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna sem Þjóðskjalasafn á að veita viðtöku. Jafnframt var þeim falið að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Þeir þremmenningar skiluðu í september 1981 frumvarpi til laga svo og tillögu að reglugerð um Þjóðskjalasafn.

II.

Lög þau, sem nú gilda um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 13 frá 17. mars 1969, eru samhljóða frumvarpi sem þáverandi þjóðskjalavörður, Stefán Pétursson, og þáverandi ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, Birgir Thorlacius, sömdu að beiðni menntamálaráðherra dr. Gylfa P. Gíslasonar, en í sama mund var einnig endurskoðuð löggjöf Landsbókasafns og Handritastofnunar (nú: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi).

Lengi hefur þröngur húsakostur háð söfnum hér á landi. Þjóðarbókhlaða er nú í smíðum og þegar Landsbókasafn flyst þangað mun Þjóðskjalasafn fá afnot af öllu Safnahúsinu við Hverfisgötu, sbr. bréf Menntamálaráðuneytisins til þjóðskjalavarðar, dags. 12. mars 1971, er þannig hljóðar:

„Í framhaldi af fundi menntamálaráðherra í dag með þjóðskjalaverði Bjarna Vilhjálmssyni, landsbókaverði dr. Finnboga Guðmundssyni og háskólarektor dr. Magnúsi Má Lárussyni tekur ráðuneytið fram, að fundarmenn voru sammála um, að Þjóðskjalasafn fengi til sinnar starfsemi allt Safnahúsið við Hverfisgötu þegar Landsbókasafnið flytur í hina fyrirhuguðu Þjóðarbókhöllu og ákveður ráðuneytið hér með að svo skuli vera, enda hefur ríkisstjórnin þegar lýst sig samþykka því.

Bréf þetta er einnig sent háskólarektor og landsbókaverði og er beiðst staðfestingar framangreindra þriggja aðila á efni bréfsins.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Háskólarektor, landsbókavörður og þjóðskjalavörður svöruðu allir bréfi ráðuneytisins og lýstu sig samþykka þessari ákvörðun, en þjóðskjalavörður tók fram að þótt Þjóðskjalasafn fengi allt Safnahúsið myndi það einungis nægja þörfum safnsins um nokkurt ára bil, sakir hins mikla skjalaflóðs sem safninu bæri að veita viðtöku og myndi vandi þess stórlega vaxa á þeim tíma sem þjóðarbókhlaða yrði í smíðum, og minnst þjóðskjalavörður í þessu sambandi á leiguhúsnæði fyrir skjalagögn.

Eins og þjóðskjalavörður benti réttilega á í bréfi sínu, þá er Safnahúsið ekki fullnægjandi frambúðarlausn fyrir Þjóðskjalasafn að því er húsnæði varðar. Bæði er að það mun kosta of fjár að innrétta Safnahúsið með þarfir Þjóðskjalasafns fyrir augum og að húsrými þetta myndi ekki nægja nema skamma hríð. Því þarf að gera hvorttveggja: taka Safnahúsið allt í notkun fyrir Þjóðskjalasafn þegar Landsbókasafn flytur, án þess að leggja meira í kostnað en brýnustu nauðsyn ber til, en stefna nú þegar að byggingu fyrir Þjóðskjalasafn, er nægi til langs tíma og miðað við að þar verði umbúnaður svo sem nútímaþekking og tækni segir fyrir um, m. a. mátulegt hita- og rakastig í skjalageymslum. Þjóðskjalasafnsbygging ætti að rísa í námunda við þjóðarbókhöfuð og háskóla og þyrfti þegar í stað að tryggja slíkri byggingu lóð.

Það er ekki hlutverk þjóðskjalasafnsnefndar að gera tillögur um, hvernig skuli nýta Safnahúsið ef söfnin flytja þaðan, en vel færi á því að þessi fagra bygging yrði aðsetur einhverra ráðuneyta t. d. utanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytis eða skrifstofu forseta Íslands.

III.

Til fróðleiks skulu hér rifjuð upp nokkur atriði úr sögu Þjóðskjalasafns.

Upphaf safnsins má rekja til auglýsingar landshöfðingja Hilmars Finsen, sem dagsett er 3. apríl 1882 og birt í Stjórnartíðindum. Hljóðar hún þannig:

„Auglýsing um landsskjalasafn.

Með samþykki ráðgjafans hafa nú á lopti dómkirkjunnar hjer í bænum, þar sem landsbókasafnið og forngripasafnið voru geymd áður, verið gjörð geymsluherbergi fyrir embættisskjalasöfn; síðan hefir skápum þeim, er landsbókasafnið notaði áður, verið skipt milli þessara geymslu-herbergja, en fyrir hvert þeirra um sig er sett viðunanleg læsing. Nú skulu svo reglur þær, er hjer koma á eptir, settar fyrir afnotum þessara skjalaherbergja:

1.

Hvert af skjalasöfnum þeim, er nú skulu nefnd, fær geymsluherbergi fyrir sig:

1. Skjalasafn landshöfðingja;
2. Skjalasafn stiptsyfirvaldanna;
3. Skjalasafn amtmannsins yfir suður- og vestur umdæminu;
4. Skjalasafn biskupsins;
5. Skjalasafn landfógetans;
6. Skjalasafn hins umboðslega endurskoðanda; og þar að auki er
7. sjerstakt herbergi gjört til að geyma í eldri skjöl frá skjalasöfnum embættismanna út um land, og skal það safn lagt undir stjórn landshöfðingjaritarans.

2.

Þeim embættis- og sýslunarmönnum, sem nefndir eru undir stafl. 1.—6., hafa verið afhent tjeð herbergi til afnota ásamt nauðsynlegum lykklum, og ber þeim framvegis eins og hingað til, að hafa umsjón með skjalasöfnum þeim, er fylgja embætti þeirra og niðurröðun í tjeðum herbergjum án nokkurs kostnaðar fyrir landssjóð, og skulu þeir sjálfir bera kostnað þann, er leiðir af stækkun skjalasafnanna og útvegum skápa og annarra áhaldna, er þar til heyrta og framvegis kann við að þurfa.

3.

Fyrir hversdagslegum afnotum þessara skjala-herbergja skulu þessar reglur settar:

- a, Loka skal viðunanlega og læsa dyrunum að dómkirkjunni og dómkirkjuloptinu hvert sinn, er um skjala-herbergin er gengið;
- b, lausastigi er lagður til sameiginlegra nota þeim, er um herbergi þessi ganga, og skal í hvert sinn, sem hann er notaður, láta hann aptur á þann stað, er honum er ætlað að geymast á, þar sem allir hlutaðeigendur geta gengið að honum;
- c, mestu varúðar skal gæta með eld og ljós, og sjer í lagi má eigi bera ljós um neitt af þessum herbergjum, nema um það sje búið í vel þjettu ljóskeri, og skal láta það aptur á þann geymslustað, sem því er ætlaður hvert sinn þá er búið er að nota það. Að reykja tóbak á dómkirkjuloptinu er með öllu bannað.

4.

Um geymslu-herbergi það, sem um getur í 7. tölul. 2. gr., fyrir eldri skjöl frá embættisskjalasöfnunum víðsvegar um land, og sem vera skal undir stjórn landshöfðingjaritarans, gilda einnig reglur þær, sem settar eru í 3. gr., og skal það þar að auki gjört öllum sýslumönnum landsins að skyldu að annast um, að öll embættisskjöl sín og bækur, sem eldri eru en 30 ára, verði send hingað, að svo miklu leyti sem þeir hafi ekki sjálfir full-tryggilega geymslustaði fyrir þau. Yfir þessi skjöl og bækur skulu þeir jafnframt senda skrá í tvennu lagi, og geymist önnur þeirra við skjalasafnið sjálft hjer, en á hina skal landshöfðingjaritarinn skrifa viðurkenningu fyrir viðtöku skjalanna, og skal hún svo geymd við embætti það, er í hlut á.

Nú þarf sýslumaður sá, er í hlut á, að fá ljeð eitthvert skjal úr safninu eða fá endurrit af því og skal þá landshöfðingjaritarinn skyldur að fullnægja beiðni hans um það; enda sje hún orðuð samkvæmt skrá þeirri, er nú var nefnd, og fái hann endurgoldinn kostnað þann, er af þessu leiðir.

Skjöl þau, er um er rætt í þessari grein, skal sæta að senda hingað með strandferðagufuskipunum, er kostur er; en kostnaðinn við sendinguna skal endurgjalda sýslumönnum þeim, er í hlut eiga, eptir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 3. apríl 1882.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Ekki verður þess vart fyrr en á öðrum áratug 19. aldar, að nokkur Íslendingur teldi nauðsyn á opinberu skjalasafni á Íslandi. Fyrstur til að hreyfa þeirri hugmynd var Finnur Magnússon (1781—1847), leyndarskjalavörður í Kaupmannahöfn, þó að hún kæmist ekki í framkvæmd fyrr en 35 árum eftir dauða hans. Raunar vakti ekki eingöngu fyrir honum embættisskjalasafn, heldur einnig safn handrita af margvíslegum uppruna, sambærilegt við núverandi handritasafn Landsbókasafns Íslands.

Milli smíði Alþingishússins, sem lauk 1881, og stofnunar Landsskjalasafns, er augljóst orsakasamband. Söfnunum á Dómkirkjuloftinu, sem vissulega gegndu miklu menningarhlutverki á 19. öld, var ætlaður samastaður í Alþingishúsinu. Þarna losnaði sem sé húsrými, sem sjálfsgagt hefur þótt að nýta.

Svo er að sjá sem Hilmar Finsen hafi haft persónulegan áhuga á stofnun safnsins, enda átti hann skammt ætt að rekja til kunnustu fræðimanna á Íslandi á 18. öld, sonarsonur Hannesar biskups Finnssonar. Frændur hans í Danmörku urðu einnig kunnir vísindamenn. Þó virðist hann ekki hafa verið frumkvöðull að stofnun safnsins, heldur höfðu aðrir hátt settir embættismenn landsins snúið sér til hans með beiðni um framgang þessa máls. Voru það þeir Bergur Thorberg, amtmáður sunnanlands og vestan, Pétur Pétursson biskup, Árni Thorsteinsson landfógeti og Indriði Einarsson endurskoðandi.

Það er því ljóst, að Landsskjalasafninu var í upphafi fyrst og fremst ætlað að vera sameiginleg skjalageymsla fyrir æðstu embætti landsins. Eftirtektarvert er, að skjalasafn stiftamtmanns (1684—1873) og skjalasafn amtmanns yfir öllu landi (1688—1770) eru ekki nefnd, en vafalaust eru þau innifalin í skjalasafni landshöfðingja, sem hefur haft þau í sinni vörslu, eftir að það embætti var stofnað (1873).

Af því sem síðar gerðist í málum Landsskjalasafnsins má ráða að í 7. grein auglýsingarinnar hafi einkum verið gert ráð fyrir skjalagögnum frá embættum sýslumanna. Skjalasöfn prófaste og einstakra kirkna máttu bíða betri tíma.

Það er mikið undrunarefni, þegar skyggnst er rúma öld aftur í tímann til stofnunar Landsskjalasafnsins, að ekki er gert ráð fyrir sérstökum skjalaverði til að annast um safnið. Starfslíð þeirra embætta, sem áttu að sjá um safnið, var fámennnt, svo að varla hefur gefist nokkur tími til að sinna viðgangi safnsins, þó að vinnudagur væri langur. Á því varð ekki ráðin bót fyrr en komið var fast að aldamótum.

Þó að Alþingi fengi fjárforræði með stjórnarskránni 1874, hafði það ekki mikið fé til umráða. Tekjur árána 1882—1883 voru áætlaðar tæpar 857 000 krónur og tekjuafgangur þar af tæpar 68 000 krónur, sem leggja átti í viðlagasjóð. Árferðið á 9. áratug 19. aldar var afar erfitt. Árið 1882 er þó sérstaklega í minnum haft, sumarið eitt hið kaldasta, sem sögur fara af hér á landi, enda oft nefnt „sumarið sem aldrei kom“. Hafís lá lengi fyrir landi, allt vestan frá Aðalvík og austur um að Breiðamerkursandi. Fyrir Norðurlandi lá ísinn allt sumarið. Ofan á þessi feiknarlegu harðindi bættist mannskæðasti mislingafaraldur, sem yfir landið hefur gengið. Ýtti þetta árferði mjög undir flutninga til Vesturheims, sem voru þó orðnir ærnir fyrir. Þess var því ekki að vænta, að nýjungar í menningarmálum ættu um þessar mundir miklu fylgi að fagna. Ekki misstu þó allir kjarkinn. Mennt fóru um þessar mundir að eygja nýjar leiðir í sjávarútvegi og verslun. Þegar hér var komið sögu, voru Læknaskólinn og tveir fyrstu gagnfræðaskólar landsins að stíga fyrstu sporin, og allir þraukuðu þeir af þessi harðindi. Sama máli gegnir um nokkra fyrstu kvennaskólana. Vísir að barnaskólum var að myndast á hinum þéttbýlli stöðum, en heildarskipulag fræðslumála var þó ekki enn í auglýsingu.

Með árinu 1900 varð gagnger breyting á starfsemi Landsskjalasafnsins, svo að frá þeim tíma, en varla fyrr, getur safnið talist til stofnana. Árið 1899 veitti Alþingi fé til þess að launa fastan skjalavörð við safnið og til þess að koma því fyrir í öðrum og betri húsakynnum á lofti Alþingishússins, þar sem Forngripasafnið hafði áður verið til húsa um skeið, en fluttist burt einmitt það ár í hið nýreista hús Landsbankans. Við þessari nýju stöðu landsskjalavarðar tók dr. Jón Þorkelsson 1. janúar 1900 samkvæmt skipunarbréfi landshöfðingja 8. desember 1899. Dr. Jón hafði um nokkurt árabíl setið úti í Kaupmannahöfn og unnið að margháttuðum ritstörfum á sviði sagnfræði og bókmenntasögu, m. a. að útgáfu Íslenzks fornbréfasafns. Þekkti hann því vel til ríkisskjalasafnsins í Kaupmannahöfn.

Haustið 1900 var safnið opnað almenningi í hinum nýju húsakynnum, þótt ekki væri nema eina klukkustund á dag þrisvar í viku hinn fyrsta áratug aldarinnar.

Húsakynninn í Alþingishúsinu voru þó engin framtíðarlausn á húsnæðismálum safnsins. Hún fékkst ekki fyrir en Safnahúsið við Hverfisgötu var reist á árunum 1906—1908. Það var beinlínis ætlað Landsbókasafni og Landsskjalasafni, þótt Forngripasafnið og Náttúrugripasafnið fengju þar einnig inni til bráðabirgða. Var þetta glæsilega stórhýsi vígt og opnað almenningi 28. mars 1909, og hafði skjalasafnið þá verið flutt þangað úr Alþingishúsinu. Fékk það nú margfalt húsrými miðað við það sem áður var: 2500 metra hillulengd í skjalageymslum, lestrarsal með 12 sætum og skrifstofu handa skjalaverði. Nægðu þessi húsakynni vel nokkra áratugi, þó að nú hafi safnið fyrir langalöngu sprengt af sér haminn.

Hinn 10. ágúst 1900 setti landshöfðingi safninu allýtarlega reglugerð, þar sem öllum embættismönnum og opinberum stofnunum var gert að skyldu að afhenda Landsskjalasafninu öll skjöl og embættisbækur, sem eldri væru en 30 ára. Með nýrri reglugerð 27. maí 1911 var ákveðið, að afhendingarskylda skyldi taka til allra þeirra skjala og embættisbóka, sem eldri væru en 20 ára. Var það ákvæði endurtekið í reglugerð um Þjóðskjalasafn frá 13. janúar 1916, settri á grundvelli laga frá 3. nóvember 1915, sem gengu í gildi 1. janúar 1916. Í þeim var löghelgað nafnið Þjóðskjalasafn Íslands í stað hins eldra nafns Landsskjalasafn. Þótti sumum sú nafnbreyting djarfræði á sínum tíma. Ný lög voru sett um Þjóðskjalasafn 17. mars 1969, en engin reglugerð hefur verið sett á grundvelli þeirra laga, svo að reglugerðin frá 1916 verður að teljast enn í gildi, að svo miklu leyti sem hún stangast ekki á við lög frá 1969 og lög og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Hætt er við, að framkvæmd nýrrar reglugerðar verði nokkrum örðugleikum bundin þar til húsnæðismál safnsins ráðast á betri veg. Einnig er þess að gæta, að sum embættisgögn eru þannig vaxin, t. d. veðmálábækur og landamerkjaskrár sýslumanna, að embættin geta ekki af þeim séð fyrir en seint og síðar meir. Nú á tímum mætti leysa óhagræði, sem af þessu leiðir, með ljósritun slíkra gagna.

Þó að aldrei hafi verið unnt að framfylgja hinni ströngu afhendingarskyldu út í ystu æsar, óx safnið mjög ört frá aldamótum. Til viðbótar þeim skjalasöfnum ædstu embætta héraðs, sem geymd voru á Dómkirkjuloftinu, tóku nú, fyrir röggssamlega eftirgangsmuni hins nýja skjalavarðar, einnig að berast unnvörpum skjöl og embættisbækur úr skjalasöfnum embættismanna úti um land, einkum sýslumanna og sóknarpresta, sem margir höfðu undir höndum aldagamlar embættisbækur: dómabækur, manntalsbækur og skiptabækur sýslumanna, prestþjónustubækur, sóknarmannatöl og kirkjustóla, kirkjureikningabækur presta og vísitásiur prófaste, en einnig bréfaskipti þessara sömu aðila, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Reynt var að gera þessar ómetanlegu heimildir þjóðarsögunnar aðgengilegar sem fyrst fyrir fræðimenn og aðra gesti safnsins með bráðabirgðaröðun og bráðabirgðaskrá, sem voru gefnar út á árunum 1903—1910, allar eftir dr. Jón Þorkelsson, og nefndust einu nafni **Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík**. Sumar þessara bóka halda enn gildi sínu með innfærðum viðbótum, en aðrar hafa verið endurnýjaðar að nokkru eða öllu leyti með nýjum skrá, ýmist útgefnum eða vélrituðum.

Eins og málum var háttað um síðustu aldamót, hlutu öll skjöl um ædstu stjórn landsins að liggja úti í Kaupmannahöfn. En þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904 og stjórnarráð var stofnað í Reykjavík, létu dönsk stjórnvöld umyrðalaust af hendi og sendu hingað til lands skjalagögn hinnar íslensku stjórnardeildar og Íslandsráðgjafans í Kaupmannahöfn, sem farið höfðu með stjórn Íslandsmála síðan 1849. Voru gögnin geymd í stjórnarráðinu til ársins 1915, er þau voru afhent Landsskjalasafni. Alls var hér um 255 embættisbækur og skjalaböggla að ræða.

Vissulega var mikill fengur að þessari skjalaafhendingu. Hitt var þó miklu dýrmætara, sem þá varð eftir í Ríkisskjalasafni Dana af eldri skjölum og skjalagögnum um íslensk málefni, allt frá 16. öld — þó að tiltölulega fátt væri svo gamalt — og fram til ársins 1848. Þau gögn voru að vísu ekki í neinu sérstöku skjalasafni, hliðstæðu skjalasafni íslensku stjórnardeildarinnar og Íslandsráðgjafa 1849—1904, heldur á við og dreif: í leyndarskjalasafni konungs og skjalasafni hinna gömlu stjórnardeilda (collegia) frá einveldisöld, einkum

kansellís og rentukammers (á íslensku stundum kölluð lögstjórnarráð og fjárstjórnarráð) og einnig nokkuð í kirkjustjórnarráði. En þegar hér var komið sögu, höfðu þessi skjalagögn lengi verið geymd í Ríkisskjalasafni. Var ekki auðhlaupið að því að skilja íslensk skjalagögn frá dönskum og þá ekki síst frá skjölum varðandi Norður-Noreg, Færeyjar og Grænland, enda var engum kröfum hreyft um þess konar skjalaheimt að sinni.

Hins vegar var vakið hressilega máls á því á árunum 1907—1908, að skilað yrði til Íslands úr Árnasafni þeim skjölum og handritum, sem Árni Magnússon hafði sannanlega haft að láni úr íslenskum embættisskjalasöfnum, svo sem fornbréfum Hóladómkirkju o. fl. Alþingi gerði samþykkt um málið, og dr. Jón Þorkelsson gekk rösklega fram í því að rökstyðja þær kröfur, eins og hans var von og vísa, þar sem saman fóru hjá honum staðgóð þekking á málinu og rík þjóðerniskennnd. Viðræður við dönsk stjórnvöld báru engan árangur í það sinn, enda var loft lævi blandað milli Íslands og Dana um þær mundir, eins og afdrif uppkastsins 1908 sýna ljóslega.

Eftir að Ísland var viðurkennt fullvalda ríki 1. desember 1918 var aftur farið að hreyfa þessu máli og þeim kröfum þá bætt við, að Íslendingum yrðu afhent þau skjalagögn úr Ríkisskjalasafni Danmerkur, sem þar fundust um málefni Íslands. Var málið rætt ýtarlega á fundum hinnar dansk-íslensku ráðgjafanefndar á árunum 1925—1927 með þátttöku Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar. Varð niðurstaðan af fundunum sú, að samkomulag var gert milli ríkisstjórna Íslands og Danmerkur 15. október um skjalaskipti eða gagnkvæma afhendingu úr söfnum á skjölum og skjalabókum. Komu skjölin frá Danmörku hingað til lands í janúar 1928. Mátti sá samningur í reynd vart skjalaskipti heita, því að fyrir 79 embættisbækur, sem Þjóðskjalasafn varð þá að skila aftur úr skjalasendingunni frá 1904, svo sem tillögubókum (forestillingsprotokóller) og bréfabókum frá tímabilinu 1849—1904, sem hvorartveggju hafa fyrir löngu verið filmaðar fyrir Þjóðskjalasafn, fékk það úr Ríkisskjalasafni 833 skjalabækur og skjalaböggla eða öskjur, þar á meðal slíka dýrgripi sem frumritin af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og manntalinu 1703, úr skjalasafni hæstaréttar mállskjöl úr íslenskum málum 1802—1921, úr Konungsbókhlöðu safn Alþingisbóka auk nokkurra annarra skjalabóka, en úr Árnasafni hin umdeildu fornbréf, sem nú urðu 700 talsins, flest skinnbréf frá Hólum, svo að ásamt 300 skinnbréfum frá Skálhóli um ýmsum skinnbréfum, sem safnið átti fyrir eða hefur eignast á ýmsum tímum, á það nú um 1100 skinnbréf. Úr Árnasafni komu auk þess fjórar skinnbækur, þar á meðal elsta varðveitta biskupsskjalabókin, bréfabók Jóns Vilhjálmssonar á Hólum frá fyrri hluta 15. aldar. Er hún meðal elstu og helstu kjörgripa safnsins og að sumu leyti sambærileg við Sigurðarregistur, máldagabók, sem rituð var við þrenn biskupaskipti á Hólum á 16. öld, komin í Landsskjalasafn með biskupsskjalasafni eins og Reykjaholtsmáldagi, elsta frumskjal safnsins, sem ritaður var smám saman á tímabilinu frá því um 1185—1270.

„Danska sendingin“ frá 1928, eins og þessi afhending er oftast kölluð, er ekki aðeins sú stærsta, sem safninu hefur nokkru sinni borist, heldur og það heimildasafn um sögu þjóðarinnar á síðari öldum, sem seint verður fullnýtt.

Fjölmargt er þó eftir í dönskum skjalasöfnum, sem varðar íslensk málefni. Sumt varð, að mati íslenskra skjalavarða a. m. k., eftir af vangá 1927—8, og erfitt hefur reynst og mun áreiðanlega reynast að fá það mál tekið upp að nýju. Ekki mun heldur nokkrum Íslendingi fullkunnugt um, hvað geymt er í einkasafni konungsfjölskyldunnar. En flest þau skjöl um íslensk málefni, sem fengust ekki með samningnum, eru svo samofin skjölum hins gamla danska ríkis, að erfitt er að skilja þar á milli. Sem dæmi má nefna, að við fengum engin skjöl frá þeim félögum, sem fóru með verslun á Íslandi á einokunartímunum. En viðhorfin til mikilvægi frumgagna hafa breyst mikið síðan 1928, þegar undan eru skilin dýrgripir eins og hin fornu íslensku handrit, því að nú er auðvelt að útvega filmur eða ljósrit af slíkum gögnum. Það bagar því ekki eins mikið og fyrr að hafa ekki í landinu sjálfu öll þau frumgögn, sem við kynnum að æskja. Þannig hefur Þjóðskjalasafn nú ekki alls fyrir löngu fengið xerox-

myndir af 42 bréfabókum og tveimur bréfadagbókum varðandi málefni Íslands á tímabilinu 1683—1848, sem urðu eftir í Höfn 1928 vegna þess að þær hafa einnig að geyma bréf á víð og dreif sem varða Finnörku, Færeyjar og Grænland. Hins vegar komu allar bréfadagbækur rentukammers um Íslandsmál í sendingunni 1928, enda eru þar eingöngu skráð bréf um málefni Íslands. Þær eru einnig ómissandi lykll að hinum fyrirferðarmiklu skjölum, sem komu úr rentukammerinu. Einnig hefur safnið nú á síðari árum fengið ljósrít af rentukammerskjölum um saltverkið á Reykjanesi við Djúp á 18. öld, ljósrít af Klaustrasögu Jóns Halldórssonar úr Konungsbókhlöðu og ljósrít af bréfasafni Brynjólfs Péturssonar í Landsskjalasafni Sjálands, svo að nokkuð sé nefnt.

Nokkur frumskjöl hefur Þjóðskjalasafnið fengið erlendis frá, önnur en dönsku sendingarnar. Fyrirferðarmest þeirra eru skjöl, sem fyrirverandi ríkisskjalavörður Norðmanna, dr. Dagfinn Mannsáker, afhenti Þjóðskjalasafni 1974. Þau eru frá 16., 17. og 18. öld. Höfðu þau raunar villst til Noregs skömmu eftir 1820, er Danir og Norðmenn sömdu um skjalamál sín upp úr skilnaðinum 1814.

Frá Bandaríkjunum fékk safnið úr einkaeign árið 1952 elsta dagsetta íslenska frumskjalið, sem þekkt er. Það er frá 23. júní 1311. Bréfið er vitnisburður tveggja manna um landamerki jarðarinnar Reykja í Tungusveit. Þetta bréf, sem þekkt var á eftirriti frá tíð Árna Magnússonar, á sér einkennilega sögu, sem of langt mál yrði að rekja hér.

Hinn 6. janúar 1978 afhenti Vilhjálmur Bjarnar í nafni bókasafns Cornell-háskóla í Bandaríkjunum allmörg og merk handrit Alþingisbóka úr Fiske-safni. Hafði Vilhjálmur þau ummæli eftir Willard Fiske, að hann hefði yfirleitt ekki sóst eftir handritum við söfnun sína því að hann hefði talið, að handrit kæmu yfirleitt að bestum notum í upprunalandi sínu.

Haustið 1981 fékk Þjóðskjalasafnið sent að gjöf íslensk frumbréf á skinni, dagsett 13. maí 1501 frá Wells-dómkirkju í Englandi. Enginn hafði þá grun um, að þetta bréf væri lengur til í frumriti, en gamalt eftirrit þess, en þó ekki alls kostar nákvæmt, er til í Þjóðskjalasafni. Bréfið er gott dæmi þess, að eftirrit eru í fæstum tilfellum jafngildi frumrita.

Þjóðskjalasafnið hefur einnig reynt að sýna öðrum þjóðum tillitssemi. Í september 1980 voru Færeyingum afhent nokkur frumbréf úr stiftamtmanssafni. Þessi skjöl varða eingöngu færeysk málefni. Ljósrítum af þessum skjölum var haldið eftir hér. Auk þess voru Landsskjalasafni Færeyja síðar á sama ári send ljósrít skjala, sem hér eru geymd og varða næstum eingöngu færeysk málefni. Ísland er þó stundum tekið þar til samanburðar, og þótti því ekki verjandi að afhenda frumritin.

Starfslíð Þjóðskjalasafnsins hefur lengst af verið mjög fámenn, þó að mikil breyting til batnaðar hafi orðið á síðustu áratugum. Fram til 1911 var skjalavörðurinn, sem skipaður var 1899 eini fasti starfsmaður safnsins. Frá 1911 til 1938 hafði landsskjalavörður (þjóðskjalavörður) aðeins einn starfsmann sér við hlið. Það var ekki fyrr en á 6. tug aldarinnar, sem starfslíði við safnið fer verulega að fjölga. Fram til 1962 lá sú ónæðissama kvöð á safninu að annast allar vottorðagjafir úr kirkjubókum. Smám saman tókst þó að koma á nokkurri verkaskiptingu í safninu, jafnframt því, sem opnunartími safnsins var lengdur, en hann er nú 8 klukkustundir á dag.

Starfslíð safnsins er nú sem hér segir: þar vinna, að þjóðskjalaverði meðtöldum, sex háskólamenntaðir skjalaverðir, einn aðstoðarmaður, einn afgreiðslumaður, forstöðumaður viðgerðarstofu og þrír skjalaviðgerðarmenn í hálf dagsstarfi.

Þjóðskjalaverðir frá upphafi hafa verið þessir: Dr. Jón Þorkelsson 1900—1924 (Landsskjalavörður til ársloka 1915), Hannes Þorsteinsson 1924—1935, Barði Guðmundsson 1935—1957, Stefán Pjetursson 1957—1968, Bjarni Vilhjálmsson frá 1. desember 1968.

Öðru hverju hefur Þjóðskjalasafnið haft lausráðið fólk í þjónustu sinni, en þegar húsrúm leyfir er nauðsynlegt, að safnið hafi yfir nokkrum aðstoðarskjalavörðum að ráða.

Fyrsti árangur aukinnar verkaskiptingar í safninu birtist m. a. í þremur nýjum skráum Þjóðskjalasafns 1952—1956, en þær eru: Skjalasafn landlæknis eftir dr. Björn K. Þórólfsson,

Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl eftir séra Jón Guðnason og Biskupsskjalasafn eftir Björn K. Þórólfsson og Stefán Pjetursson.

Eru þær að ýmsu leyti frábrugðnar fyrri skráum, enda byggðar á ýtarlegri könnun og röðun hvers skjalasafns. Skrá séra Jóns Guðnasonar hefur þó þá sérstöðu, að hún nær ekki yfir heilt, afmarkað skjalasafn, heldur aðeins yfir hluta skjalasafns klerkdóms og er að mestu miðuð við að hafa til afnota við pöntun og afgreiðslu hinna mjög svo eftirsóttu kirkjubóka á lestrarsal. Árið 1973 var gefin út í fjórum fjölrituðum bindum skrá yfir söfn sýslumanna og sveitarstjórna. Var þar í rauninni aðeins endurnýjuð hin gamla skrá Jóns Þorkelssonar (sem náði þó yfir fleiri skjalaflokka) með þeim viðbótum, sem færðar höfðu verið í þá skrá, jafnframt því sem skráin var borin saman við merkingu skjalaeininganna (bóka og böggla).

Síðan þessar skrár komu út, hefur verið unnið markvisst og mikið undirbúningsstarf að nýjum og fullkomnari skráum um skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna, landshöfðingja, landsyfirréttar og landfógeta, dönsku sendingarnar báðar, söfn einkaskjala o. s. frv. Nýlega er einnig hafin nánari skráning sýslu- og sveitarstjórnarskjala og skráning margvíslegra korta og uppdráttar. Hefur þessum skjalasöfnum jafnharðan verið komið fyrir í haldbetri umbúðum, þar sem skjölín eru jafnframt betur varin en fyrr, bæði fyrir ryki og böndum, sem á eldri umbúðum hætti til að skerast inn í skjölín.

Safnið á nú orðið um það bil 1000 filmuspólur af kirkjubókum og fleiri skjalagögnum, flestar komnar frá Mormónum í Utah, sem tóku hér á filmur ýmis ættfræðileg heimildagögn á árunum 1952—1953. Eru þessar filmur talsvert notaðar, þegar hlutaðeigandi frumrit eru ekki nógu vel á sig komin.

Árið 1959 var byrjað að afrita á vél gömul aðalmanntöl safnsins til afnota fyrir gesti þess í stað frumrits, sem fyrir löngu voru farin að láta á sjá og lágu sum hver undir stórskemmdum vegna ofnotkunar. Liggja nú slík vélrit fyrir í tvíriti af manntölunum 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870 (þar sem bagalega vantar Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur), 1880, 1890, 1901, 1920 og 1930. Vélritun allra þessara manntala hefur frú Áslaug Thorlacius, sem lét af störfum við safnið fyrir tveimur árum, annast ásamt öðrum ritarastörfum. Fyrir nokkru hóf hún einnig vélritun gamalla og slitinna kirkjubóka. Hefur allt þetta verk orðið mjög vinsælt af gestum safnsins og forðað dýrmætum frumgögnum frá yfirvofandi háska. Auk þessa hefur erfðafræðinefnd tekið manntalið 1910 upp á skýrsluvélakort og fært safninu tölvuútskrift af þessum vélakortum.

Í svipuðum tilgangi voru um hríð ljósmyndaðar þó nokkrar gamlar kirkjubækur safnsins í því sem næst fullri stærð, en fyrir nokkrum árum eignaðist safnið góða ljósritunarvél, sem ljósritar á venjulegan pappír báðum megin, og hafa þegar margar kirkjubækur verið ljósritaðar á hana og bundnar inn eins og venjulegar bækur. Allt er þetta gert til að hlífa frumritum þeirra bóka sem mest hætta er búin.

Með tilkomu viðgerðarstofu, sem innvirkjuð var í hluta af skjalageymslum Þjóðskjalasafns 1964—1965, hófst stórmerkur þáttur í starfsemi safnsins, en stofan vannur einnig fyrir Landsbókasafn. Hefur slíkrar stofu óvíða verið meiri þörf en við Þjóðskjalasafn, svo illa sem tímans tönn, bæði rök húsakynni og óhentugar skjalageymslur, áður en skjölín bárust safninu, og oft síðan mikil notkun safngesta, hefur leikið sum skjalagögn safnsins. Starfsemi viðgerðarstofunnar, sem byggð er á nýjustu tækni, hefur unnið báðum söfnunum ómetanlegt gagn. Allt bókband í þágu Þjóðskjalasafns er unnið á bókbandsstofu Landsbókasafns.

Fyrir skömmu hófst nýr þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns. Hann er nátengdur dánargjöf, sem Jórunn Jónsdóttir frá Nautabúi gaf til minningar um son sinn, Ingvar Stefánsson skjalavörð, sem féll frá í blóma aldurs síns. Með þessa gjöf að bakhjarli gaf Þjóðskjalasafnið út Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar um áramótin 1979—1980, og var það I. bindi í Heimildautgáfu Þjóðskjalasafns. Árið 1983 kom út II. bindi þessarar ritraðar. Það hefur að geyma tvær skjalabækur úr biskupstíð Gísla Þorlákssonar á Hólum,

prestastefnudóma og bréfabók, en báðar þessar skjalabækur eru varðveittar í frumritum í Þjóðskjalasafni. Þetta bindi er einnig kostað af dánargjöf Jórunnar, en útgáfan hlaut einnig allríflegan styrk úr ríkissjóði, enda er ritið jafnframt tengt aldarafmæli safnsins.

Húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins eru svo umfangsmikið mál, að erfitt er að gera grein fyrir því í stuttu máli. Komið hefur verið fyrir stálskápum á rennibrautum á tveimur geymsluhæðum safnsins, bæði til að drýgja húsrýmið og til aukinna þrifa, auk þess sem nokkurt leiguhúsrými hefur verið tekið í notkun og annað, sem enn bíður innvirkjunar.

Síðan 1947 hafa risið á fót nokkur héraðsskjalasöfn á grundvelli laga frá því ári, sbr. og reglugerð frá 1951. Þau taka við sveitarstjórnarskjölum og ýmsum skjölum svæðisbundinna félaganna og stofnana, en auk þess einkagögnum af ýmsu tagi. Hin þróttmestu eru yfirleitt á hinum þéttbýlli stöðum. Héraðsskjalasöfnin hafa vissulega létt nokkuð á Þjóðskjalasafni, en ekki gefst hér rúm til að ræða frekar starfsemi þeirra. Rétt er þó að taka fram, að mörg þeirra eru rekin af miklum myndarbrag og hafa sannarlega sýnt fram á tilverurétt og gildi þessarar tegundar safna.

Bókakost hefur Þjóðskjalasafnið sémilegan, að sumu leyti frá fyrri tíð, en reynt hefur verið eftir föngum að bæta við hann hin síðari ár, en rúmleysi er þar Prándur í Götu eins og á öðrum sviðum. Nauðsynlegt verður, þegar Landsbókasafn hverfur úr húsinu, að auka bókakostinn að miklum mun.

Eins og fram hefur komið hér á undan, er Þjóðskjalasafnið safn skjalasafna, sem því hafa borist úr ýmsum áttum á liðnum tímum. Nauðsynlegt er talið í allri skjalavörslu, að hvert embættissafn haldi sér sem heild. Þar gildir svokölluð upprunaregla — próveniens-prinsíp — sem flest eða öll skjalasöfn hafa að leiðarljósi. Sé þeirrar reglu ekki gætt, er vísast, að allt fari á ringulreið í stóru skjalasafni. Röðunarreglur innan hvers safns eru þó sveigjanlegar eftir eðli hvers skjalasafns og þeim hjálpargögnum, bréfadagbókum eða öðrum skráum, sem því hafa fylgt frá hlutaðeigandi embætti í upphafi. En takmarkið er, eins og í góðri embættisfærslu, að hvert skjal verði finnanlegt með sem minnstri fyrirhöfn. Eftir tengslum og skyldleika embættanna skiptist Þjóðskjalasafnið í deildir. Hér er engin leið rúmsins vegna að gera grein fyrir deildaskiptingu safnsins, enda hefur hún að nokkru leyti komið óbeint fram fyrir í þessari lýsingu.

Skjalasöfn gegna aðallega tvenns konar hlutverki í þjóðfélaginu. Að minnsta kosti annað þeirra hefur beinlínis hagnýtt gildi, það er að halda til haga þeim embættisgögnum, sem um langan aldur varða stjórnarsýslu hlutaðeigandi lands eða geta haft gildi fyrir dómstóla landsins í hvers kyns ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma. Nærtækt dæmi eru skipshafnaskrár, sem nú er mjög leitað til vegna réttar sjómanna til ellilífeyris. Svipað er að segja um veðmálalabækur, sem nauðsynlegt er að varðveita sem sönnunargögn um eignarhald á landi og mannvirkjum. Sama máli gegnir um landamerkjaskrár, sem flestar eru að vísu enn í vörslu sýslumanna. Kirkjubækur eru ómissandi heimildir um aldur manna, sem oft þarf að færa sönnur á í nútímaþjóðfélagi, t. d. í sambandi við bflpróf, hjúskaparstofnun eða rétt til ellilífeyris. Einnig geta þær haft réttarlegt gildi í erfðamálum, og svo mætti lengi telja. Annað gildi skjalasafna felst í því, að skjöl eru hinar ákjósanlegustu sagnfræðilegar heimildir, þó að leyndardómar felist hvergi nærri allir í skjallægum heimildum. En þegar frá líður, eru þær oft einu heimildirnar, sem tiltækar eru. Stundum getur farið saman hagnýtt gildi og sagnfræðilegt. Margir leita til kirkjubóka til að forvitnast um ætterni sitt eða annarra sér til skemmtunar. Nú líta menn framár öllu á Reykjaholtsmáldaga sem sagnfræðilega og málssögulega heimild. En vel gæti hann einnig haft réttarlegt gildi, ef ágreiningur kynni að rísa um rétt Reykholtstaðar. Ekkert nútímaþjóðfélag fær staðist án skjalasafns. Hvergi eru þau nauðsynlegri en í réttarríki. Við skjalasöfn þarf að leggja mikla alúð, og rekstur þeirra krefst mikillar vinnu, ef þau eiga að koma að tilætluðum notum. Sú vinna er einkum fólgin í skráningu skjalanna og röðun, en jafnframt þarf vel að gæta þess, að þau skjöl, sem oftast er leitað til, verði ekki eyðingu að bráð vegna ofnotkunar.

Heimildagögn Þjóðskjalasafns Íslands ná yfir margar aldir þjóðarsögunnar. Að vísu eru þau strjál framan af. Ef gert er ráð fyrir því, eins og allar líkur mæla með, að ritun Reykjaholtsmáldaga hafi hafist um 1185, er elsti hluti þess skjals senn 800 ára gamall. Þó að safnið eigi sem stendur erfitt um vik að taka á móti stórum skjalasendingum, veitir það öðru hverju viðtöku mjög nýlegum skjölum, eins og t. d. eiðstaf forsetanna, jafnóðum og þeir eru unnir. Þannig tengist fornt og nýtt í því forðabúri sögunnar, sem Þjóðskjalasafn Íslands er og verður, sívaxandi í tímans straumi.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Að mestu í samræmi við gildandi lög um Þjóðskjalasafn, nema hvað hér er tekið fram að stefnt skuli að því að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun að auki. Ennþá munu mjög fáir hafa aflað sér skjalfræðimenntunar, en vafalaust fjölgar þeim.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir hvers konar gögnum er ætlast er til að Þjóðskjalasafn veiti viðtöku og varðveiti, en gögn, sem ástæða er til að geyma, eru nú í margs konar formi, ekki aðeins skráðar heimildir. Einnig er nauðsynlegt að Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, varðveiti hin mikilsverðustu gögn sem til verða á þess vegum og ætti að verða aðstaða til þess í hinni nýju útvarpsbyggingu, sem í smíðum er.

Um 3. gr.

Að hluta til er hér um sama verkefni að ræða og greinir í gildandi lögum um safnið, en ýmsu er þó bætt við svo sem að safnið skuli láta í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og eyðingu skjala, sem ekki er talin ástæða til að varðveita til langframa. Safninu er ætlað að gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir skjalaverði í opinberum stofnunum m. a. með námskeiðum, leiðbeiningaritum og öðru sem að gagni má koma. Þá er gert ráð fyrir að safnið komi sér upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni. Eftirlit á að hafa með héraðsskjalasöfnum til þess að tryggja samstarf þeirra og Þjóðskjalasafns og samræmi í vinnubrögðum. Starfsmönnum safnsins ber að veita safngestum leiðbeiningar um notkun safnsins, vísa á heimildir og efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni. Þá ber að reka viðgerðar- og bókbandsstofu svo sem raunar hefur verið gert um árabíl með ágætum árangri og mælt er fyrir um að taka skuli í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess. Gert er ráð fyrir að safnið gefi út árbók um starfsemi sína og birti upplýsingar um merk gögn í safninu og einnig að efnt verði til sýninga á sögulegum heimildum. Landsbókasafn hefur um langt skeið gefið út fróðlega árbók og ýmsar áhugaverðar sýningar hafa verið haldnar á þess vegum að undanfögnu og einnig hefur Þjóðskjalasafn gengist fyrir merkum sýningum, þótt aðstaða þess til slíks sé slæm.

Um 4. gr.

Hér eru taldar þær stofnanir sem skila eiga gögnum til Þjóðskjalasafns. Ákvæði er um það að safnið veiti viðtöku frá öðrum, t. d. einstaklingum, skjalagögnum, sem menn kynnu að vilja afhenda því til eignar og vörslu.

Um 5. gr.

Miðað er við að skjöl sem orðin eru 30 ára og eldri afhendist safninu og að bækur þær, sem farið var að færa í fyrir 50 árum séu afhendingarskyldar.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að afhendingarskyldir aðilar geti fengið lánuð skjöl sem þeir hafa afhent eða ljósrít af þeim, ef þeir þurfa á að halda, einnig að heimilt sé að lána skjöl í opinber söfn og stofnanir að mati Þjóðskjalavardar og að haldin sé skrá um slík útlán.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Af öryggisástæðum er sjálfsgagt að hin þýðingarmestu skjöl safnsins séu til á filmum, t. d. örfiljum, og að slík eintök varðveitist á öðrum stað en í safninu sjálfu, þannig að um tvöfalt öryggi sé að ræða.

Um 10. gr.

Eitt meginvandamál í skjalavörslu nú er hið næstum óviðráðanlega flóð hvers konar skjalagagna sem aukin tækni svo sem ljósrítun hefur í för með sér. Hefur því víða um lönd verið hugleitt hvernig skuli snúist við þessum vanda, þar sem óhugsandi virðist að varðveita í jafnríkum mæli og áður þau skjalagögn sem til falla. Varðveisla allra skjalagagna myndi kosta of fjár í mannafla og húsnæði. Hins vegar er ekki auðvelt að setja algilda reglu um hvað skuli varðveita og hverju eyða. Vafalítið mun framtíðin varpa þungum steini að þeim, sem ákveða eyðingu ýmissa gagna, sem fjarlæg framtíð kann að spyrja um, þótt engan óri fyrir því nú. En varðveisla allra skjalagagna er óhugsandi miðað við þá skjalaframleiðslu sem orðin er, og verða menn því að taka á sig þá ábyrgð að velja og hafna, hvað skuli geyma og hverju eyða. Því er í þessu frumvarpi lagt til að komið verði á fót ráðgjafarnefnd við Þjóðskjalasafn, sem fjalli hverju sinni um slík mál, en jafnframt er skýrt tekið fram (18. gr.) að æskilegt sé að varðveita eins mikið og unnt er. Og tekið er fram að gögn stofnana, þar sem ætla má að flestir þræðir þjóðarsögunnar komi saman, skuli varðveitt í heild og megi þar engu eyða. Þessar stofnanir eru embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, ráðuneytin, Háskóli Íslands og embætti ríkissaksóknara (18. gr.).

Ráðgjafarnefndinni getur orðið mikill vandi á höndum þegar taka skal ákvörðun um eyðingu skjala. Í nefndinni er gert ráð fyrir að sitji sagnfræðingur, tilnefndur af háskóla- rektor, einn fulltrúi starfsmanna Þjóðskjalasafns, einn úr hópi forstöðumanna héraðsskjalasafna og formaður, sem menntamálaráðherra skipar úr hópi hæstaréttarlögmannna, laga- prófessora eða fyrrverandi hæstaréttardómara. Þá getur nefndin leitað aðstoðar sér- fræðinga.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að héraðsskjalasöfn létti verulega safnstörfum af Þjóðskjalasafni og verði jafnframt til þess að auðvelda mönnum víðs vegar um land aðgang að safngögnum og ýti þannig undir fræðistörf. Hafa héraðsskjalasöfn starfað um alllangt skeið og þyrfti að efla þau með auknum fjárframlögum.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru nefndir ýmsir aðilar sem eiga að skila gögnum til héraðsskjalasafna. Fyllri ákvæði á að setja í reglugerð.

Um 14. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Vera má að rétt væri að ákveða hvert vera skuli hlutfall ríkisframlags á móti framlagi heimaaðila til héraðsskjalasafna, en hér er þó farin sú leið að slík framlög skuli ákveðin í fjárlögum hverju sinni og geta þá verið misjöfn til safnanna eftir ástæðum.

Um 16. og 17. gr.

Stefna ber að því að opinberar stofnanir samræmi skjalaskráningarkerfi sín. Hér er tekið fram, hvers þurfi nauðsynlega að gæta þegar skjöl eru skráð í stofnunum, bæði til þess að hraða skráningu og til þess að notendur skjalasafnsins geti með skjótum hætti fengið yfirlit um hvað eina sem skjalasafn á að veita vitneskju um og nauðsynlegt er við stjórn stofnunar.

Um 18. gr.

Vísað er til umsagnar um 10. gr.

Um 19. og 20. gr.

Parfnast ekki skýringa.